SAMUEL KAMRAN GILL
*Stendur glaður yfir pottunum á Tandoori*
• matur • helgin
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




STEINUNN SIGURÐAR
*Opnar sína fyrstu einkasýningu*
Segir verulega sprengingu hafa orðið í fatahönnun
FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




INGÓ VEÐURGUÐ
*Leikur í Rétti 2*
Jón Gnarr og Erlingur Gíslason einnig meðal leikara
FÓLK 58



# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

20. nóvember 2009 — 275. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

# Fiskeldið gefur þrjá milljarða

**Fiskeldið hefur gefið af sér allt að þrjá milljarða á ári. Áætlanir gera ráð fyrir að fimm þúsund tonn verði framleidd á þessu ári en tíu þúsund tonn árið 2015. Orkuskattar kunna að setja strik í reikninginn.**

**ATVINNUMÁL** Framleiðsluverðmæti íslensks fiskeldis er áætlað um þrír milljarðar á þessu ári en hefur verið á bilinu 1,7 til 3,3 milljarðar á undanförnum fimm árum. Í nýrri skýrslu Landssamtaka fiskeldisstöðva (LF) um stöðu fiskeldis hér á landi er því spáð að framleiðslan muni tvöfaldast til ársins 2015 og verði þá um tíu þúsund tonn.

Framleiðslan hefur dregist saman á síðustu árum og er skýringarinnar að leita í samdrætti laxeldis. Á þessu ári segja áætlanir að fimm þúsund tonn verði framleidd, en það er sama magn og í fyrra. Bleikjueldið gefur mest af sér, um þrjú þúsund tonn, en í eldi bleikju standa Íslendingar fremstir og ráða heimsmarkaðnum að stórum hluta.

> Gengið var eldinu afar óhagstætt árin 2006 og 2007 en því er öfugt farið nú.
>
> GUÐBERGUR RÚNARSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI LANDSSAMTAKA FISKELDISSTÖÐVA.

Vaxtarspá LF tekur aðeins tillit til áforma þeirra fyrirtækja sem nú þegar eru í rekstri. Mikil óvissa er því um spána þar sem ákvörðun eins fyrirtækis um að hefja umfangsmikið eldi getur aukið framleiðsluna umtalsvert á þeim tíma sem horft er til.

Guðbergur Rúnarsson, framkvæmdastjóri LF, segir að rekstrarskilyrði fiskeldis hér á landi hafi batnað að undanförnu með fallandi gengi. „Gengið var eldinu afar óhagstætt árin 2006 og 2007 en því er öfugt farið nú. Gengið gerir það að verkum að rekstrarskilyrðin eru ágæt. Verðið hefur líka haldist gott, til dæmis á bleikjunni.“

Á móti hagstæðu gengi krónunnar koma hugmyndir stjórnvalda um orkuskatt. Það snertir strandeldi sérstaklega þar sem tíu til fimmtán prósent rekstrarkostnaðar eru orkukaup. Eldismenn hafa lengi reynt að fá orkuverð lækkað, en eins og hjá fleiri greinum hefur það verið án árangurs.

Ársverk í fiskeldi á Íslandi eru um 150 og til viðbótar eru afleidd störf hjá þjónustufyrirtækjum og stofnunum. Fjölmörg rannsóknar- og þróunarverkefni hafa verið sett á koppinn, flest fyrir tilstilli AVS rannsóknasjóðs sjávarútvegsráðuneytisins. Sameiginleg viðfangsefni fyrir allar eldistegundir, lax, bleikju, þorsk og flatfisktegundir, er efling á sjúkdómaeftirliti og bætt aðstaða til sjúkdómarannsókna. Einnig upplýsingaöflun til markaðsstarfs.

Guðbergur telur að fiskeldi á Íslandi eigi framtíð fyrir sér en sníða verði stakk eftir vexti. Hann lítur til Færeyja sem fyrirmyndar þar sem framleiðslan er um fjörutíu þúsund tonn á ári. - shá



**LITAKORT** Alla bláa liti himinsins mátti sjá yfir höfuðborginni í ljósaskiptunum síðdegis í gær. Hvert sem litið var blöstu við nýir bláir litir. Maðurinn lét fegurðina ekki trufla sig á leiðinni yfir Hringbrautina heldur gekk sinn veg undir bláhimni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

The End sýnt á Sundance:

## Verk Ragnars vekur athygli

**FÓLK** Verkið The End eftir listamanninn Ragnar Kjartansson hefur verið valið til sýningar á Sundance-kvikmyndahátíðinni í janúar á næsta ári. Verkið er vídeóverk og er hið sama og hefur verið til sýningar á Feneyjatvíæringnum undanfarið hálft ár.



RAGNAR KJARTANSSON

Börkur Árnason, eigandi gallerís i8, segir Ragnar hafa vakið gríðarlega athygli með verki sínu á Feneyjatvíæringnum og nú séu fáir innan listaheimsins sem ekki þekki til hans. Verkið verður sýnt í flokki sem nefnist New Frontier og er Ragnar einn þréttán listamanna sem sýna í þeim flokki. Börkur segir það einkenna verkin í þessum flokki að þar renni myndlist og kvikmyndaformið saman í eitt. - sm / sjá síðu 50

Kampavíns- og nektarstaðarmál Knattspyrnusambands Íslands:

# KSÍ biðst afsökunar á málinu

**FÉLAGSMÁL** Stjórn Knattspyrnusambands Íslands biður íslensku þjóðina, knattspyrnuhreyfinguna og aðildarfélög sín afsökunar á því að fjármálastjóri þess, Pálmi Jónsson, hafi „misstigið sig“ árið 2005.

Eins og komið hefur fram voru teknar þrjár milljónir króna út af korti KSÍ á strípistað í Sviss, og kampavínsflöskur voru keyptar fyrir hundruð þúsunda. Pálmi var á staðnum og með kortið.

Í ljósi þess að Pálmi hefur endurgreitt féð og þar sem hann hefur verið áminntur ætlar KSÍ ekki að aðhafast meira í málinu.

Gott siðferði er mikilvægt veganesti í starfi íþróttahreyfingarinnar en ekki er síður mikilvægt að horfa fram á veginn, fyrirgefa og læra af mistökunum, segir í yfirlýsingu KSÍ.

Ingibjörg Hinriksdóttir, stjórnarmaður í KSÍ, hafði gagnrýnt KSÍ fyrir málsmeðferðina, en sagðist í gærkvöldi sammála yfirlýsingunni.

Femínistafélag Íslands hefur krafist þess að stjórnin segi af sér og að fjármálastjóranum verði vikið úr starfi. - kóp

## FÖSTUDAGUR

### Íslenskar múffur á markaðinn



Steinar Júlíusson, grafískur hönnuður, bakar og selur múffur undir nafninu Meistaramúffur.
FÓLK 58

### Skattamálarafélagið

Telja menn virkilega að með aðild að Evrópusambandinu aukist líkur á hungursneyð? spyr Pawel Bartozsek.
UMRÆÐAN 26




### Sigur í Grindavík

Grindvíkingar unnu góðan sigur á Stjörnumönnum í gær.
ÍÞRÓTTIR 52

### Athafnavika



### Ný prjónamynstur

Hannyrðafólk bíður spennt eftir nýju prjónamynstri í dag.
ATHAFNAVIKAN 22

### VEÐRIÐ Í DAG




**Hvasst á Vestfjörðum** í dag verður allhvöss NA-átt á Vestfjörðum en annars hægari SV-lægar áttir og hæg breytileg átt norðan til. Víða skúrir eða slydda með köflum en léttir til austan til.
VEÐUR 4




Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.






## SPURNING DAGSINS



*Snorri, ertu foxillur yfir þessu?*

„Ég er urrandi reiður.“

Snorri Jóhannesson, formaður Félags refa- og minkaveiðimanna, óttast að refaveiðar leggist af á Íslandi úr því að afnema á niðurgreiðslur frá ríkinu. Það segir hann að hefði vond áhrif á lífríkið.

Erlendir hagfræðingar spá landflótta vegna gríðarlegrar skuldabyrði í framtíðinni:

# Draga forsendur AGS í efa

**EFNAHAGSMÁL** Þær gífurlegu byrðar sem verið er að leggja á örsmáan hóp vinnandi fólki mun leiða til flutninga af landi brott. Um leið og erlendar skuldbindingar Íslands falla með sívaxandi þunga á aðra landsmenn verður erfiðara fyrir þá sem eftir eru og vilja búa áfram á Íslandi að gera það.

Þetta kemur fram fram í bréfi frá þeim James K. Galbraith, prófessor í stjórnmálafræðum við Texas-háskóla í Bandaríkjunum, og William K. Black, lektor í hagfræði við Missouri/Kansas-háskóla í Bandaríkjunum, til Gunnars Tómassonar, hagfræðings. James er einn



**GUNNAR TÓMASSON** Hagfræðingurinn leitaði svara hjá syni eins þekktasta hagfræðings heims.

af þremur sonum breska hagfræðingsins Johns Kenneths Galbraith.

Bréfið sendi Gunnar á mánudag og barst honum svarið tveimur dögum síðar. Í bréfinu spurðist Gunnar fyrir um álit þeirra á áhrifum ríkisábyrgðar vegna Icesave-innlánsreikninganna sem liggja fyrir Alþingi, aðildarumsóknar landsins að Evrópusambandinu og skýrslu AGS um íslensk efnahagsmál eftir fyrstu endurskoðun efnahagsáætlunarinnar í síðasta mánuði.

Þeir Galbraith og Black segja engar forsendur fyrir spá AGS um kröftugan bata og setja spurningamerki við hvort íslenska þjóðin sætti sig við þær byrðar sem lagðar eru á herðar hennar. - jab

Afmæli Barnasáttmála SÞ:

## Börn frædd um réttindi sín

**FÉLAGSMÁL Fólk frá Umboðsmanni barna og Unicef hefur heimsótt frístundaheimilin í Reykjavík og frætt börnin um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og um almenn réttindi barna.**

**Heimsóknirnar eru í tilefni af tuttugu ára afmæli sáttmálans, sem er í dag, 20. nóvember.**

**Frístundaheimili Íþrótta og tómstundasviðs Reykjavíkur (ÍTR), Umboðsmaður barna og Unicef tóku höndum saman um að minnast tímamótanna. Þannig hafa börn á frístundaheimilum ÍTR unnið að margvíslegum verkefnum í tengslum við afmælið síðustu tvær vikur.** - óká

Ríkisábyrgðarfrumvarpið:

## Icesave rætt fram á kvöld

**ALÞINGI Önnur umræða um Icesave-málið hófst á hádegi í gær. Stóð hún enn þegar Fréttablaðið fór í prentun og voru þá fjölmargir enn á mælendaskrá. Ræður gærdagsins voru almennt langar og drjúgur tími fór í andsvör.**

**Línur eru þær sömu og áður; gjörvöll stjórnarandstaðan er andvíg málinu en Samfylkingin og bróðurpartur VG með.**

**Í dag og á mánudag eru svokallaðir kjördæmadagar í þinginu en næsti þingfundur verður á þriðjudag. Verður þá umræðunum framhaldið.** - bþs

ASÍ ályktar um skattahækkun:

## Umfang skatta er áhyggjuefni

**SKATTAR** ASÍ lýsir áhyggjum af umfangi skattahækkana á næsta ári og líklegum áhrifum þess á eftirspurn og atvinnustig í landinu. Sambandið fagnar því að dregið sé úr áformuðum skattahækkunum í fjárlögum um þriðjung, eða 23 til 24 milljarða króna.

ASÍ fagnar því að áform um skerðingar á barnabótum og vaxtabótum séu dregin til baka. Einnig að tekið sé á stöðu stóreignafólks með sérstökum auðlegðarskatti. Samtökin telja hins vegar að lægri eignamörk og hærra skatthlutfall hefði verið æskilegt. - shá

### UMHVERFISMÁL

**Málþing um náttúruvernd**

Umhverfisstofnun heldur málþing um jarðfræðilega fjölbreytni og landslag í dag. Málþingið verður haldið í Sólarsal Rúgbrauðsgerðarinnar og stendur frá 13-16.30. Markmið málþingsins er að vekja athygli á jarðfræðilegri fjölbreytni og landslagi á Íslandi og meta verndargildi þess. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

# Kynferðisbrotafangar stelast ítrekað á netið

**Fangar á Litla-Hrauni hafa ítrekað orðið uppvísir að því að stelast á netið á svokölluðum netpungum sem er smyglað til þeirra á heimsóknartímum. Nú síðast var fangi, dæmdur fyrir manndráp og nauðgun, gripinn á Netinu.**

**FANGELSISMÁL** Fangar á Litla-Hrauni sem ekki mega vera nettengdir í klefum sínum hafa sumir hverjir stundað netviðskipti eftir að hafa látið smygla inn til sín svokölluðum netpungum.

Fréttablaðið hefur upplýsingar um að fólki utan múra hafi brugðið við að sjá fanga með þunga dóma, til að mynda fyrir manndráp, nauðganir, kynferðisbrot og ofbeldisbrot, komna inn á Facebók eða aðrar vefsíður. Nú síðast var fangi, sem afplánar langan dóm fyrir manndráp og nauðgun, gripinn á netinu.

Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins, staðfestir að þetta sé rétt og fangelsisyfirvöldum sé vandi á höndum. Hann setti í gær reglur um að undantekningalaust skuli taka tölvur tímabundið af föngum sem teknir eru með netpunga eða hafa misnotað reglur um aðgengi að interneti.

„Þriðjungur fanganna á Litla-Hrauni er í námi,“ útskýrir Páll. „Í dag er ekki hægt að fá tölvur nema með þessum tengibúnaði. Ef við tækjum allar tölvur af föngum, sem vissulega hefur verið rætt, kæmi það fyrst og fremst niður á þeim föngum sem vilja bæta sig og eru sannarlega að vinna í því.“

Fangelsismálayfirvöld hafa skoðað tæknilegar útfærslur á skermun Litla-Hrauns. Það hafa verið í sambandi við fyrirtæki sem tekið hefur að sér slík mál víða erlendis, til að mynda í Hollandi.

„En kostnaður við uppsetningu



**LITLA-HRAUN** Vel er fylgst með því sem gerist á Litla-Hrauni. Forstjóri Fangelsismálastofnunar setti í gær reglur um misnotkun á aðgengi að interneti.

hleypur á tugum milljóna, auk þess sem ekki er víst að það virki eins og því er ætlað að gera,“ segir Páll. „Meðan fjármunir eru af eins skornum skammti hjá ríkisfyrirtækjum og raun ber vitni er þetta ekki forgangsverkefni hjá okkur.“

Páll segir fleiri þætti í þessu samhengi sem huga þurfi vandlega að í fangelsum.

„Þetta má til dæmis ekki bjaga fjarskiptabúnað sem fangaverðir nota sín á milli, hvað þá heldur símkerfið. En það er leitað daglega í fangelsinu og við förum eftir ábendingum sem kunna að berast utan frá.“

Páll segir erfitt að koma í veg fyrir að netpungum sé smyglað inn í fangelsið. Menn eigi að meginreglu til rétt á því að heimsókn til þeirra sé án eftirlits.

Verulega væri hægt að bæta úr þessu í nýju, sérhönnuðu öryggisfangelsi. jss@frettabladid.is

Útgreiðsla séreignarsparnaðar:

## Má taka út eina og hálfa milljón

**STJÓRNMÁL** „Við munum framlengja heimild til útgreiðslu séreignarsparnaðar og hækka fjárhæðina sem menn geta tekið á næsta ári í eina og hálfa milljón,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra á blaðamannafundi í miðvikudag.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

„Þessi aðgerð hefur gengið mjög vel og við höfum fengið mikið af fyrirspurnum um hvort þetta haldi ekki áfram. Þannig að þær útgreiðslur verða opnar áfram á næsta ári og menn geta tekið allt að einni og hálfri milljón úr sem mun þýða að ríki og sveitarfélög fá tekjuskatt og útsvar af þeirri úttekt,“ bætti fjármálaráðherra við. - gar

Gamli Kaupþing banki:

## Greiðslustöðvun framlengd

**VIÐSKIPTI Að beiðni skilanefndar Kaupþings hefur Héraðsdómur Reykjavíkur framlengt greiðslustöðvun bankans til 13. ágúst á næsta ári.**

**Kröfuhafar bankans fengu síðast yfirlit um framgang mála á fundi 20. október síðastliðinn. „Ólafur Garðarsson, aðstoðarmaður í greiðslustöðvun og stjórnarmaður í slitastjórn Kaupþings, kynnti áform um að óskað yrði eftir framlengingu á greiðslustöðvuninni um níu mánuði,“ segir í tilkynningu.**

**Bankanum var upphaflega veitt heimild til greiðslustöðvunar 24. nóvember 2008 til 13. febrúar 2009, en hún hefur nú verið framlengd í tvígang.** - óká




Jafnrétti kynja minna í atvinnulífinu en í stjórnmálum á Norðurlöndum:

# Hvatning til að kjósa konur virkar vel í finnskum persónukosningum

**JAFNRÉTTI** Það hefur gefið góða raun að hvetja fólk til að kjósa konur í persónukosningum í Finnlandi. Segja má að á þjóðþingi þar hafi kynjajafnvægi verið náð, eins og á Íslandi og í Svíþjóð.

Svo segir Norræna kvenna- og kynjarannsóknastofnunin, sem nýverið kannaði „kyn og völd í stjórnmálum og atvinnulífi“, að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar.

Stofnunin kveður atvinnulíf Norðurlandanna vera eftirbát stjórnmálalífsins að þessu leyti. Það sé enn sem fyrr vígi karla, með örfáum undantekningum. Hlutur kvenna í stjórnum einkafyrirtækja er á bilinu sjö til 36 prósent, en þyrfti að vera yfir



**1. MAÍ 1973** Kröfuganga á baráttudegi verkalýðsins fer um Rauðarárstíginn. Nokkur árangur hefur náðst í jafnréttisbaráttu í skandinavískum stjórnmálum, en minni í atvinnulífinu.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

fjörutíu prósent til að viðunandi væri.

Noregur sker sig úr því þar hafa verið settir kynjakvótar fyrir stjórnir fyrirtækja í kauphöllinni í Ósló. Þar hefur fjöldi kvenna í stjórnum aukist úr níu prósentum árið 2004 í 26 prósent 2009.

Í Svíþjóð hefur hlutur kvenna í einkafyrirtækjum einnig aukist, eftir að kauphöllin þar setti reglur um jöfn hlutföll kynja.

Hlutur kvenna á þingi hefur aukist í öllum löndunum síðan á miðjum 10. áratugnum, nema í Noregi. Á þessum tíma jókst hann skarpast á Íslandi, úr 25 prósentum í 43. Kynjarannsóknastofnunin segir að kynjakvótar á framboðslista í Noregi og Svíþjóð hafi aukið þáttöku kvenna í stjórnmálum. - kóþ

# Nú færðu bíókort með Nokia símatilboðum hjá



# Nova!

## Bíó, bíó, bíó, bíó, bíó, bíó!




Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

## GENGIÐ 19.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,69 | 124,29 |
| Sterlingspund | 206,18 | 207,18 |
| Evra | 183,98 | 185,00 |
| Dönsk króna | 24,721 | 24,865 |
| Norsk króna | 21,968 | 22,098 |
| Sænsk króna | 17,914 | 18,018 |
| Japanskt jen | 1,3891 | 1,3973 |
| SDR | 197,71 | 198,89 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
237,4682

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Heimili og skóli varar við áskorunum á Netinu á svokölluðum „Kick a ginger day“:

# Mótmæla ofbeldi í garð rauðhærðra

**FÉLAGSMÁL** Heimili og skóli vara við því að í dag hafi á netinu verið boðað til svokallaðs „Kick a ginger day“ þar sem hvatt sé til þess að sparkað sé í rauðhært fólk.

„Heimili og skóli og framkvæmdastjóri Olweusar-áætlunarinnar á Íslandi telja að með þessu háttalagi sé verið að hvetja til ofbeldis sem feli í sér niðurlægingu og virðingarleysi.

„Við beinum þeim tilmælum til skólastjórnenda að vekja athygli foreldra og nemenda á því að skólinn muni ekki líða slíka háttsemi,“ segir í tilkynningu samtakanna.

Mælst er til þess að foreldrar og aðrir forráðamenn verði upplýstir og gerð grein fyrir hvernig skólinn muni bregðast við brotum af þessu tagi. „Jafnframt verði nemendur hvattir til að taka afstöðu gegn slíku atferli, athygli vakin á gagnkvæmri virðingu og gildi þess að nemendur sýni hver öðrum tillitsemi,“ segir í tilkynningu.

Á samskiptavefnum Facebook var stofnuð síða þar sem hvatt var til þessa ofbeldis, en henni hefur nú verið lokað. Um leið spruttu upp ótal hvatningarsíður til höfuðs vitleysunni, jafnvel þar sem hvatt er til þess að rauðhærðir gjaldi líku líkt reyni fólk að sparka í þá. **- óká**



**EINBEITT Í TÖLVUNNI** Víða í heiminum er saknæmt að mismuna fólki eftir útliti, kynhneigð eða öðrum þáttum sem fólk ræður ekki yfir sjálft. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Slippurinn á Akureyri:

# Eldur kom upp í rannsóknaskipi

**ÖRYGGISMÁL** Eldur kom upp í rannsóknaskipinu Poseidon, gamla togaranum Harðbak EA, við bryggju hjá Slippnum Akureyri í gær. Engin slys urðu á fólki og greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins. Fréttavefurinn Vikudagur sagði frá.

Slökkvilið Akureyrar fékk tilkynningu um eldinn skömmu fyrir klukkan hálf ellefu og var fljótt á staðinn. Verið var að logskera á aðaldekkinu, þegar eldur komst í einangrun í rými fyrir neðan. Þar var líka glússatankur sem sprakk og við það magnaðist eldurinn um stund. Að loknu slökkvistarfi var rýmið reykræst. **- shá**



**ÞORSKUR** Þorskur er verðmætasti fiskurinn og hefur gefið 23 milljarða af sér á fyrstu átta mánuðum ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aflaverðmæti eykst:

# Verðmæti afla 75 milljarðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaverðmæti íslenskra skipa nam rúmum 75 milljörðum króna fyrstu átta mánuði ársins, sem er 12 milljörðum meira en á sama tíma í fyrra, þegar verðmætið nam 63 milljörðum króna. Aflaverðmætið hefur því aukist um 19 prósent á milli ára.

Mest verðmæti er í botnfiski, en það var í ágúst orðið 52 milljarðar. Þorskafli er að verðmæti 23 milljarðar og ýsa 10 milljarðar. Þá nemur verðmæti karfans 6 milljörðum og ufsa 4,2 milljörðum. Verðmæti flatfiskafla nam rúmum 7 milljörðum fyrstu á tímabilinu og uppsjávarfisks 15 milljörðum, þar af síldaraflans 7,2 milljörðum. **- kóp**

## SJÁVARÚTVEGSMÁL

### Veiðar Færeyinga

Alls voru níu færeysk línuskip að veiðum í íslenskri lögsögu í októbermánuði. Heildarafli þeirra var 578 tonn. Mest var um keilu í aflanum eða 212 tonn og þorskaflinn var 147 tonn. Heildarbotnfiskafli færeyskra skipa það sem af er árinu er nú 3.257 tonn. Þorskaflinn er kominn í 677 tonn en heimild færeyskra skipa á árinu er 1.200 tonn.

# Flestum foreldrum finnst unglingadrykkja sjálfsögð

**Flestir unglingar í framhaldsskólum drekka áfengi. Ekki við framhaldsskólana að sakast, segir rannsóknarstjóri Rannsóknar og greiningar. Áfengisneysla eykst um 140 prósent frá 10. bekk til 1. árs í framhaldsskóla.**

**UNGLINGAR** Rannsóknir sýna fram á að stór hluti foreldra unglinga í framhaldsskólum lítur svo á að áfengisdrykkja þeirra sé í góðu lagi.

Álfgeir Logi Kristjánsson, rannsóknarstjóri Rannsóknar og greiningar hjá Háskólanum í Reykjavík, bendir á að niðurstöður úr rannsóknum þeirra á vímuefnaneyslu unglinga sýni meðal annars að tæpum 26 prósentum stráka sautján ára og yngri og 27 prósentum stelpna hafi verið boðið áfengi af foreldrum sínum. Foreldrar tæplega sextán prósenta stráka á þessum aldri og tæplega átján prósenta stelpna hafi einnig keypt áfengi fyrir börnin sín.

„Það er áhugavert að benda á þessar tölur vegna þess að þær sýna að áfengisdrykkja unglinga er ekki bara framhaldsskólavandamál. Þetta er menningarbundið fyrirbæri, við lítum gjarnan svo á að unglingar séu orðnir fullorðnir þegar þeir eru sextán ára,“ segir Álfgeir, sem segir skýringu þessa að hluta til hversu stutt er síðan sjálfræðisaldur var hækkaður úr sextán árum í átján. Hann segir síðan ósamræmi milli sjálfræðisaldurs og hins löglega aldurs til áfengisdrykkju, sem er tuttugu ár, skapa ákveðna óvissu.

> Það er gríðarleg áfengismenning meðal unglinga á framhaldsskólaaldri …
>
> **ÁLFGEIR LOGI KRISTJÁNSSON** RANNSÓKNARSTJÓRI RANNSÓKNAR OG GREININGAR

Töluvert hefur verið fjallað um drykkju unglinga á framhaldsskólaaldri undanfarið. Í rannsókn Rannsóknar og greiningar frá árinu 2007 kom fram að tæp 26 prósent stráka og 33 prósent stúlkna yngri en átján ára sögðust drekka stundum eða oft á skemmtistöðum, 44 prósent stráka og 55 prósent stúlkna yngri en átján drukku stundum eða oft heima hjá sér og 44 prósent stráka á þessum aldri og 53 prósent stúlkna drukku stundum eða oft fyrir framhaldsskólaball.

Í þessari sömu könnun kom í ljós að 62 prósent stráka yngri en átján og sjötíu prósent stúlkna á sama aldri sögðust hafa drukkið áfengi einu sinni eða oftar mánuðinn áður en könnunin var gerð. Á meðal framhaldsskólanema eldri en átján hafði 81 prósent stráka og 83 prósent stúlkna drukkið áfengi einu sinni eða oftar mánuðinn á undan.

„Það er gríðarleg áfengismenning meðal unglinga á framhaldsskólaaldri og tölur um drykkju í framhaldsskólum sýna að drykkjan á þeim aldri hefur ekki minnkað svo heitið geti.“

Það er gerólíkt því sem gerst hefur undanfarin ár í grunnskólum þar sem verulega hefur dregið úr drykkju nemenda í efstu bekkjum grunnskóla. Áfengisneysla eykst hins vegar um 140 prósent frá tíunda bekk til fyrsta ársins í framhaldsskóla, segir Álfgeir. „Spurningin sem vofir yfir okkur er hvort við ætlum að gera eitthvað í málinu eða horfa í hina áttina.“

**sigridur@frettabladid.is**

### HVAR DREKKA FRAMHALDS-SKÓLANEMAR?*

| | |
|---|---|
| Heima hjá sér | 24,5% |
| Heima hjá öðrum | 61,8% |
| Í bænum | 47,6% |
| Annars staðar úti við | 30,7% |
| Á skemmtistað | 46,7% |
| Á pöbb eða kaffihúsi | 33,2% |
| Fyrir framhaldsskólaball | 53,6% |
| Á framhaldsskólaballi | 15,1% |

*HLUTFALL FRAMHALDSSKÓLANEMA SEM Í RANNSÓKN RANNSÓKNAR OG GREININGAR ÁRIÐ 2007 SAGÐIST DREKKA ÁFENGI STUNDUM EÐA OFT Á TILTEKNUM STÖÐUM.



**UNGLINGADRYKKJA** Flestir unglingar í framhaldsskólum drekka áfengi. Margir þeirra fá áfengi hjá foreldrum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

**Breytingar á neyslu ungmenna frá 10. bekk yfir í framhaldsskóla**







## VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir
Veðurfréttamaður

**HELGIN** Í dag verður strekkingur eða allhvasst á Vestfjörðum en hægari vindur annars staðar. Á morgun verða fremur hægar austlægar áttir og lítil úrkoma en á sunnudaginn má búast við norðaustlægri átt með slyddu eða éljum norðaustan til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 12° |
| Eindhoven | 14° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 14° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 15° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 10° |
| París | 15° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




## STÖKKAR MANGO CHUTNEY SVÍNALUNDIR MEÐ RAITA fyrir 4-6

*að hætti Rikku*

3 Hagkaups heilsubrauðsneiðar
Salt og pipar
600 g svínalundir
100 g Geeta´s mangó chutney

RAITA
1 dl sýrður rjómi
2 dl AB-mjólk
10 cm biti af agúrku, saxaður
Handfylli af fersku kóríander
Salt og pipar

Hitið ofninn í 200°C. Setjið brauðsneiðarnar í matvinnsluvél, kryddið með salti og pipar. Skerið svínalundina í 5 cm langa bita. Veltið bitunum upp úr mangó chutney og síðan upp úr brauðraspinu. Raðið bitunum á smjörpappírsklædda ofnplötu og bakið í 25-30 mínútur.

Raita - Hrærið allt saman og berið fram með svínakjötinu

kkal: 320 / 18% RDA
prótín: 31g / 62% RDA
fita: 7.5g/ 12% RDA
kolvetni: 17 g/ 7% RDA
Þíamín (B1-vítamín): 1.1mg/ 72% RDA
Járn: 1.9 mg/ 11% RDA
A-vítamín: 440 IU/ 9% RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.




**Lambahelgarsteik**
VSOP




**Ungnautaribeye**




**Ungnauta entrecote**




**Kjúklingalundir**
ferskar

## JÓLA EPLIN ERU KOMIN Í VERSLANIR HAGKAUPS!



Ambrosia | Fuji | Gul epli | Græn epli | Jonagold | Konfekt epli | Rauð epli | Royal gala | Spartan

*komdu og fáðu nýja uppskeru af jóla eplum*




JÓLAGLÖGG ÓÁFENG
299 kr/stk.




DEIG Í 20 LAUFABRAUÐ
1.299 kr/pk.




JÓI FEL KÖKUDEIG
499 kr/pk.

*jóla klementínur komnar!*




KLEMENTÍNUR ROBIN 2.3 KG
799 kr/kassinn



JÓI FEL FERSKT PIZZA DEIG
299 kr/pk.




RENÉ KAFFIPÚÐAR
289 kr/pk.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 22. nóvember á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## KJÖRKASSINN



*Er sanngjarnt að greiða bankamönnum tugmilljóna króna bónusa úr þrotabúi Landsbankans?*

| | |
|---|---|
| Já | 3,9% |
| Nei | 96,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hafa afleiðingar hrunsins verið skárri en þú bjóst við fyrir ári?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Framkvæmdastjóri Fonsa bíður eftir rannsókn innri endurskoðunar á brunareit:

# Býst síður við að kæra útboðið

**REYKJAVÍK** Framkvæmdastjóri verktakafyrirtækisins Fonsa segir það seinlegt og dýrt að kæra útboð borgarinnar á uppbyggingu á brunareitnum á horni Lækjargötu og Austurstrætis. Endurbyggingu yrði líklega lokið áður en dómur félli.

„Ég á síður von á því að ég fari í mál. Ég get ekki vísað þessu til kærunefndar útboðsmála, því þetta tekur ekki yfir þau," segir framkvæmdastjórinn, Sigurfinnur Sigurjónsson. Hins vegar bíði hann spenntur eftir niðurstöðu innri endurskoðunar Reykjavíkur, en innkauparáð borgarinnar hefur farið fram á rannsókn hennar á útboðinu.



**ÚR BRUNANUM VORIÐ 2007** Uppbygging hér átti að hefjast að loknu forvali á verktaka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigurfinnur hefur sakað framsóknarmenn hjá borginni um spillingu, eftir að verktakafyrirtækið Eykt, sem átti næstlægsta tilboðið í framkvæmdirnar, fékk verkið. Fyrirtæki Sigurfinns var hins vegar með lægsta tilboðið. Eykt hefur stutt Framsóknarflokkinn dyggilega með fjárframlögum fyrir kosningar og Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknar, starfaði áður hjá Eykt.

Samtök iðnaðarins hafa einnig gert athugasemdir við útboðið. Sigurfinnur segist hafa staðist allar kröfur vegna útboðsins, þótt fulltrúar borgarinnar hafi haldið öðru fram. Framsóknarmenn hafa hafnað þessum ávirðingum. Eykt hafi styrkt aðra flokka líka. **- kóþ**

Vann Hagnýtingarverðlaun:

# Fylgist með meðgöngu kúa

**ATHAFNAVIKA** Burðarvaki Hafrúnar Hauksdóttur varð hlutskarpastur í baráttunni um svokölluð Hagnýtingarverðlaun á Nýsköpunarmessu í Háskóla Íslands.

Hafrún er doktorsnemi í verkfræði. Hugmynd hennar snýst um þróun og smíði á tæki sem fylgist með meðgöngu kúa, en samkvæmt rannsóknum deyja um fimmtán prósent kálfa í meðgöngu. Segir í tilkynningu að þarna sé því um verulega hagsmuni að ræða. Öll þróun aðferða og tækja til þess að fylgjast með kelfdum kúm, í því skyni að draga úr kálfadauða, sé brýnt verkefni. **- sh**






# Samkomulag tókst á síðustu stundu

**Herman Van Rompuy, forsætisráðherra Belgíu, verður forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins þegar Lissabonsáttmálinn gengur í gildi um næstu mánaðamót. Breska barónessan Cathy Ashton verður utanríkismálafulltrúi.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Herman Van Rompuy er lítt þekktur utan heimalands síns. Hann er hæglátur hagfræðingur, sem hefur gaman af japönskum hækum, en fær núna það hlutverk að vera eins konar andlit Evrópusambandsins.

Leiðtogar aðildarríkjanna 27 snæddu saman kvöldverð í Brussel í gær. Tilgangur fundarins var að velja í tvö ný embætti sambandsins, annars vegar forseta leiðtogaráðsins, hins vegar utanríkismálafulltrúa.

Fyrir fram leit ekki út fyrir að þeir myndu eiga auðvelt með að komast að niðurstöðu. Útkoman varð þó sú að forsætisráðherra Belgíu yrði forseti og breska barónessan Catherine Ashton yrði utanríkismálafulltrúi.

Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, hafði lagt mikla áherslu á að Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Breta, fengi forsetaembættið. Það var ekki fyrr en hann var kominn til Brussel í gær að hann sá að ekki þýddi að afla lengur stuðnings við Blair.

Spánverjar og Frakkar voru harðir í andstöðu sinni við að Blair fengi stöðuna, þar sem hætta væri á því að hann yrði of áberandi í embættinu. Þeir vildu frekar fá einhvern sem einbeitti sér að þeim verkefnum sem embættinu eru ætluð, nefnilega að stjórna fundum leiðtogaráðsins og taka á móti erlendum ráðamönnum.

Í staðinn kröfðust Bretar þess að fá embætti utanríkismálafulltrúa Evrópusambandsins, og þar varð þeim að ósk sinni. Ashton situr í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, þar sem hún hefur farið með viðskiptamál, en sem utanríkismálafulltrúi verður hún jafnframt varaforseti framkvæmdastjórnarinnar.

Nokkuð margir áhrifamenn í Evrópu þóttu fyrir fram koma til greina í forsetaembættið, þar á meðal Jan Peter Balkenende, forsætisráðherra Hollands, Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, Toomas Ilves, forseti Eistlands, og Vaira Vike-Freiberga, fyrrverandi forseti Lettlands.

Vike-Freiberga, eina konan sem þótti koma til greina í forsetaembættið, sagði fyrir fundinn í gær að breyta yrði því fyrirkomulagi að ákvarðanir af þessu tagi væru teknar á lokuðum kvöldverðarfundum.

„Í heimalandi mínu finnst fólki þetta undarlegt. Það spyr hvernig þetta gengur fyrir sig. Hvort það sé rétt að forsætisráðherrann beri einn ábyrgðina, og hvað þá með okkur hin? Höfum við ekkert um þetta að segja?" sagði hún.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**HERMAN VAN ROMPUY** Forsætisráðherra Belgíu varð fyrir valinu þegar leiðtogaráð Evrópusambandsins kom saman í gær til að velja sér forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






Samgöngustjóri Reykjavíkur segir milljarða sparast væri helmingur bíla rafknúinn:

# Kostnaður við rafmagn á bíla tíundi hluti bensínkostnaðar

**UMHVERFISMÁL** Ólafur Bjarnason, samgöngustjóri Reykjavíkur, segir að ef helmingur bílaflota Reykvíkinga notaði rafmagn í stað jarðefnaeldsneytis myndi allt að 5,4 milljörðum króna sparast árlega.

Ofangreint kom fram í máli Ólafs á fundi um betri samgöngur í Hafnarhúsinu í gær, að því er segir í tilkynningu um fundinn. Sagði Ólafur að rafmagnið á bílana myndi aðeins kosta tíu prósent af því sem jarðaefnaeldsneytið myndi kosta, um 600 milljónir í stað sex milljarða króna.

Að sögn Ólafs er samgöngustefnu Reykjavíkurborgar ætlað að tryggja greiðar samgöngur um borgina án þess að ganga um of á verðmæti eins og umhverfi, heilsu og borgarbrag. „Hann benti á að þétting byggðar styddi við uppbyggingu fjölbreyttari ferðamáta. Þá væru bílar almennt að minnka með aukinni notkun innlendra orkugjafa, eins og rafmagns, metans og metanóls, og það jákvæða við þessa þróun væri m.a. að bílarnir þyrftu minna rými og menguðu líka minna," að því er segir í frétt sem almannatengslastofan Athygli segir af fundinum. **- gar**



**RAFBÍLL Í HLEÐSLU** Haft er eftir samgöngustjóra Reykjavíkur að hægt væri að lækka orkukostnað úr 5,4 milljörðum í 600 milljónir ef helmingur bíla í borginni væri rafknúinn. MYND/GETTY IMAGES




MYND AF RAGNARI Í SMÁRA EFTIR JÓN KARL HELGASON

# „EF ÞETTA VERÐUR EKKI METSÖLUBÓK ÁRSINS HEFIR ÍSLENSK ÞJÓÐ BEÐIÐ MIKIÐ TJÓN Á SÁLU SINNI.“*

**Ragnar í Smára** var goðsögn í lifanda lífi; iðnrekandi, bókaútgefandi, málverkasafnari og lífið og sálin í íslensku tónlistarlífi. **Jón Karl Helgason**, bókmenntafræðingur, hefur rannsakað líf Ragnars um árabil og dregur upp stílfærða mynd af heillandi og breyskum eldhuga, vináttu og átökum, og mikilvægum kafla í íslenskri menningarsögu.

*Úr auglýsingu Helgafells um ljóðaúrval Páls Ólafssonar

DYNAMO REYKJAVIK




Betra er berfættum en bókalausum að vera.

**Kemur út í dag!**
Útgáfufagnaður í Eymundsson Skólavörðustíg kl. 17.
Velkomin!

Jón Karl var tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2001

BJARTUR

**VEISTU SVARIÐ?**




1 *Hvað hafa margir refir verið veiddir árlega síðustu ár?*

2 *Hver notaði hendina til að leggja upp mark og koma Frakklandi í úrslit HM í knattspyrnu?*

3 *Hver er þjálfari danska handknattleiksliðsins GOG Svendborg?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Ef kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja lagast ekki sjálfkrafa þarf að beita handafli:

# Árni Páll boðar kynjakvóta

**JAFNRÉTTISMÁL** Ef atvinnulífið sýnir ekki marktækan árangur í því að jafna kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja fljótlega upp úr áramótum er einboðið að setja kvóta til að rétta hlut kvenna. Þetta sagði Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra í ávarpi sínu við setningu norrænnar ráðstefnu um kyn og völd sem nú stendur yfir í Reykjavík.

Árni Páll lýsti einnig vonbrigðum með að hlutfall kvenna í stjórnum við endurreisn fyrirtækja hefði ekki hækkað sem skyldi, þrátt fyrir skýr ákvæði í lögum og verklagsreglum þar um.

Í tilkynningu frá félagsmálaráðuneytinu segir að Norðurlandaþjóðirnar séu í fremstu röð í heiminum þegar litið sé til stöðu kvenna í stjórnmálum. Á hinn bóginn blasi við allt önnur mynd þegar litið sé til hlutar kvenna í stjórnum og meðal stjórnenda stærstu fyrirtækja þar og innan samtaka í atvinnulífinu.



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON** Vill knýja fram jöfn kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja ef þau koma ekki af sjálfu sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sérstaklega er fjallað um það á ráðstefnunni hvers vegna hægar gengur að jafna hlut kynjanna í atvinnulífinu en í stjórnmálunum.

Á ráðstefnunni eru kynntar niðurstöður rannsóknar á kyni og völdum í stjórnmálum og atvinnulífi á Norðurlöndum sem norræna ráðherranefndin fól Norrænu kvennaog kynjarannsóknarstofnuninni að vinna á síðasta ári. Tuttugu fræðimenn frá öllum Norðurlöndunum hafa tekið þátt í verkefninu. **- sh**

Heilbrigðisfrumvarp Obama:

## Kemur til kasta öldungadeildar

**BANDARÍKIN, AP** Heilbrigðisfrumvarp Baracks Obama Bandaríkjaforseta og Demókrataflokksins var í gær lagt fram í öldungadeild Bandaríkjaþings, tæpum tveimur vikum eftir að fulltrúadeildin samþykkti sína útgáfu af frumvarpinu.

Útgáfa öldungadeildarinnar er í meginatriðum sambærileg útgáfu fulltrúadeildarinnar, en þó skilur á milli í nokkrum veigamiklum atriðum. Til að mynda er ekki í frumvarpi öldungadeildar ákvæði sem bannar greiðslur til fóstureyðinga úr sjóðum hins opinbera. **- gb**

**LÖGREGLUMÁL**

### Eignatjón og ölvun

Fjögur umferðaróhöpp urðu í umdæmi lögreglunnar í Borgarfirði og Dölum í liðinni viku. Engin teljandi meiðsl urðu á fólki en töluvert eignatjón. Einn ökumaður var tekinn fyrir ölvun við akstur og annar fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna í umdæminu í liðinni viku.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL**

### Loka í Neskaupstað

Ákveðið hefur verið að loka skrifstofu sveitarfélagsins Fjarðabyggðar í Neskaupstað um áramótin. Starfsemin verður flutt til Reyðarfjarðar. Tilhögunin á að spara sveitarfélaginu fimmtán milljónir króna árlega. Á skrifstofunni í Neskaupstað starfa ellefu starfsmenn.

# Orkuöflun fyrir álver gæti tekið tugi ára

**Uppbygging jarðvarmavirkjana tekur áratugi og ljóst er að ekki verður til orka fyrir 360 þúsund tonna álver í Helguvík strax. Rannsóknum er ekki lokið á svæðum sem ætluð eru til orkuöflunar. Framkvæmdir við álver eru hafnar.**

**VIRKJANIR** Uppbygging jarðhitasvæða til orkuöflunar hefur tekið áratugi og ljóst er að slík svæði á Reykjanesi verða ekki tilbúin í bráð. Enn á eftir að rannsaka svæðin og óljóst er hve mikla orku þau gefa eða hvenær hún verður nýtanleg.

Ólafur G. Flóvenz, forstjóri Íslenskra orkurannsókna, bendir á að uppbygging á Nesjavöllum hafi tekið um tuttugu ár og í Svartsengi þrjátíu ár. Menn hefðu getað unnið hraðar, en best sé að uppbyggingin sé hófsöm og í skrefum.

„Það er mjög mikil orka bundin í þessu og það er langt, langt umfram það sem við getum notað, en ég vil taka það fram að þetta er ekkert í hendi. En þegar menn eru að ræða um hvort nóg orka er aðgengileg fyrir álver af tiltekinni stærð skiptir tímaramminn gríðarlegu máli.

Ef spurt er: Geturðu útvegað þessa orku árið 2012? er svarið væntanlega nei. Það er ekki hægt að útvega orkuna fyrir 360 þúsund tonna álver árið 2012, enda eru menn náttúrlega að hugsa um að byggja þetta upp í áföngum, á einhverjum óskilgreint löngum tíma. Það byggist auðvitað ekkert upp öðruvísi en orkan fáist.“

Ólafur segir að til að svara spurningum um hve mikil orka sé á svæðinu verði að halda rannsóknarborunum áfram. Þær standi allar meira eða minna fastar í leyfismálum. „Menn þurfa að halda þeim áfram á ákveðnum skynsamlegum hraða til að geta svarað þessum spurningum, um hve mikið og hvenær.“



**SVARTSENGI** Uppbygging virkjana við Svartsengi hefur tekið um þrjátíu ár. Sérfræðingur í orkuöflun segir að best sé að byggja jarðhitasvæði hægt og rólega upp. Rannsóknum á svæðum sem nota á til öflunar orku fyrir álver í Helguvík er ekki lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÓLAFUR G. FLÓVENZ**

Framkvæmdir eru hafnar við álver Norðuráls í Helguvík og stefnir fyrirtækið að því að geti framleitt 360 þúsund tonn af áli árlega. Slíkt álver þarf 625 megavött af orku. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær er fyrirhugað að reisa álverið í fjórum níutíu þúsund tonna áföngum.

Vonast er til að fyrsti áfanginn verði tilbúinn 2012. Miðað við þetta verður fullbúið 360 þúsund tonna álver tilbúið 2015 til 2016. Óvíst er þó hvaðan orkan í það mun koma.

„Það er alltaf heppilegra að byggja jarðhitann frekar hægt upp. Það er eðli kerfanna, þetta er allt öðruvísi en vatnsaflið, þar þekkja menn ána og vita hve mikið vatn rennur í henni, þannig að hægt er að ganga að ákveðinni stærð af virkjun vísri. Í jarðhitanum er það reynslan sem sker úr um þetta. Þá er óvarlegt að fara af stað með mjög stór orkuver á einu litlu svæði.“

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segist litlar áhyggjur hafa. Samkvæmt mati á virkjanaáhrifum á suðvesturhorninu sé næg orka til fyrir álverið í Helguvík og aðra starfsemi. Orka Hellisheiðarvirkjunar hafi verið vanmetin, auk þess sem Landsvirkjun eigi enn óselda orku í kerfum sínum. **kolbeinn@frettabladid.is**


## Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2010

Norðurlandaráð veitir árið 2010 náttúru- og umhverfisverðlaun í 16. sinn. Verðlaunin eru 350 þúsund danskar krónur.

**Þema ársins 2010**

Árið 2010 verða náttúru- og umhverfisverðlaunin veitt norrænu fyrirtæki, stofnun, fjölmiðli eða einstaklingi, sem hefur verið í fararbroddi og haft áhrif, beint eða óbeint, á fjármálamarkaðinn, fjármögnunariðnaðinn, banka eða ráðgjafa í því augnamiði að vinna að langtímamarkmiðum og samþætta sjálfbærni (náttúru- og umhverfismál og samfélagsábyrgð) í fjársýslu.

**Leitað er m.a. eftir tilnefningum um:**

- aðila sem með starfi sínu hafa aukið þekkingu neytenda og viðskiptavina í gegnum fjölmiðla, með fyrirlestrahaldi, ritun bóka eða á sambærilegan hátt,
- frjáls félagasamtök/einstaklinga sem hafa með góðum árangri verið virk í vinnuhópum (siðfræðiráðum o.s.frv.), stjórnum eða því um líku,
- umhverfisfyrirtæki, sjóði, banka o.s.frv. sem óháður aðili hefur lagt mat á.

Öllum er heimilt að senda tillögur. Rökstyðja skal tillöguna og lýsa því í hverju starfið eða framlagið felst og hver inni eða hafi innt það af hendi. Verkefnið verður að vera faglegt og hafa þýðingu fyrir stærri hópa í einu eða fleiri ríkjum Norðurlanda. Tillagan skal rúmast á tveimur útprentuðum síðum í A4-broti.

Verðlaunahafinn er valinn af dómnefnd sem skipuð er fulltrúum norrænu ríkjanna fimm og sjálfstjórnarsvæðanna þriggja, Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Tillögunni á að skila á sérstöku eyðublaði, og skal hún hafa borist skrifstofu dönsku sendinefndarinnar í Norðurlandaráði í síðasta lagi föstudaginn 11. desember 2009 kl. 12.00. Eyðublaðið má nálgast á vefsíðu Norðurlandaráðs www.norden.org eða á skrifstofu dönsku sendinefndarinnar.

**Norðurlandaráð**
Danska sendinefndin
Christiansborg
DK-1240 København K

Sími +45 3337 5999
Fax +45 3337 5964
Netfang: nrpost@ft.dk

Fíton/SÍA


Yngvi Örn Kristinsson sem gerir 229 milljóna króna kröfu í bú Landsbankans:

# Ætlar að forða peningunum undan kröfum Icesave-þjóða

**FJÁRMÁL** „Falli ég og aðrir fyrrverandi starfsmenn frá okkar kröfum mun því helmingur þeirra renna til Breta og Hollendinga,“ segir í yfirlýsingu Yngva Arnar Kristinssonar þar sem hann útskýrir ástæðu þess að hann krefst 229 milljóna króna úr þrotabúi Landsbankans.

„Um er að ræða lögvarðar kröfur samkvæmt ráðningarsamningnum og eru þær aðallega til komnar vegna kaupréttasem voru í vanskilum af hálfu bankans frá árinu 2007. Óvíst er hvort þær verða samþykktar,“ segir Yngvi, sem kveður ljóst að ríkissjóðir Bretlands og Hollands muni fá um helming af eignum þrotabús Landsbankans. „Ég hef ekki áhuga á að styrkja þær þjóðir frekar en orðið er. Þá er ljóst að um helmingur af kröfum starfsmanna, verði þær samþykktar, munu renna til ríkissjóðs vegna tekjuskatta og enn meira ef tekið er tillit til óbeinna skatta. Ísland og íslenska ríkið mun því ekki skaðast af kröfum mínum í þrotabúið,“ segir í yfirlýsingu Yngva, sem starfaði sem framkvæmdastjóri verðbréfasviðs hjá Landsbankanum en starfar nú tímabundið sem ráðgjafi Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra.

Þá upplýsir Yngvi að hann ætli ekki sjálfum sér þær upphæðir sem hann telur sig eiga rétt á. „Sjálfur hef ég ákveðið að komi til þess að kröfur mínar verði samþykktar af þrotabúinu renni þær, að frádregnum sköttum, til velferðarmála,“ segir í yfirlýsingunni. **- gar**



**YNGVI ÖRN KRISTINSSON** Áður framkvæmdastjóri í Landsbankanum en er nú ráðgjafi félagsmálaráðherra. Fái Yngvi greiðslur frá Landsbankanum kveðst hann munu gefa peningana til velferðarmála.


nettó
Ódýrt fyrir heimilið!
TILBOÐ
LAMBALÆRI
FROSIÐ
1.198 kr/kg
Frábær verð!
LAMBALÆRISSNEIÐAR
FROSNAR
TILBOÐ
1.998 kr/kg
LAMBAFILLET
M/FITU, FROSIÐ
TILBOÐ
2.998 kr/kg
KJÚKLINGUR
HEILL. FERSKUR
40% afsláttur
578 kr/kg
áður 963 kr/kg
FOLALDAKJÖT
SALTAÐ EÐA REYKT
35% afsláttur
499 kr/kg
áður 768 kr/kg
BAYONNESKINKA
48% afsláttur
777 kr/kg
áður 1.495 kr/kg
LAMBALÆRI
KRYDDAÐ, FERSKT
30% afsláttur
1.399 kr/kg
áður 1.998 kr/kg
KJÖTSEL
GRÍSASNITSEL
Í RASPI, FROSIÐ
30% afsláttur
1.259 kr/kg
áður 1.798 kr/kg
KJÖTSEL
TILBOÐSÍS
VANILLU EÐA SÚKKULAÐI
Tilboðsís
Súkkulaði
Tilboðsís
Vanillu
199 kr/stk.
áður 259 kr/stk.
Kjörís
FÓTBOLTAMYNDIRNAR
FÁST HJÁ OKKUR
MATCH ATTAX
SAFARÍKAR PERUR
50% afsláttur
99 kr/kg
áður 198 kr/kg
ALWAYS MAXI DÖMUBINDI
NORMAL EÐA NIGHT
TILBOÐ
always
198 kr/pk.
COLGATE HERBAL WHITE
TANNKREM
TILBOÐ
Colgate
Herbal White
98 kr/stk.
www.markhonnun.is
Birt með fyrirvara um prentvillur
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is
Tilboðin gilda 20. - 22. nóvember eða meðan birgðir endast
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær



**PÍLAGRÍMAR Í MEKKA** Pílagrímarnir eru byrjaðir að streyma til hinnar helgu borgar Mekka í Sádi-Arabíu. Hápunkti ná pílagrímaferðir ársins í næstu viku. NORDICPHOTOS/AFP

Ramses-hjónin spurð spjörunum úr hjá Útlendingastofnun, hvort í sínu lagi:

# Gáfu skýrslu í rúma fjóra tíma

**HÆLISLEITENDUR** Útlendingastofnun fékk hælisleitendurna Paul og Rosemary Ramses í skýrslutöku í síðustu viku, vegna umsóknar þeirra um hæli hér á landi.

Skýrslutakan tók rúmar fjórar klukkustundir og var rætt við hjónin hvort í sínu lagi. Þetta er í þriðja sinn sem Paul þarf að gefa skýrslu vegna umsóknar sinnar um hæli á Íslandi.

Katrín Theodórsdóttir, lögmaður Ramses-fjölskyldunnar, segir að skýrslutakan hafi gengið vel.

„Þau eru alltaf sjálfum sér samkvæm og afskaplega trúverðug,“ segir hún.

Að skýrslutöku lokinni hafi verið gefin fyrirheit af hálfu stofnunarinnar um að umsóknarferlið yrði klárað á allra næstu vikum. Aðspurð segir hún ekki óalgengt að hælisleitendur sitji fyrir svörum í svo langan tíma í senn.

Fram hefur komið í blaðinu að Paul og Rosemary bíða enn eftir svari frá Útlendingastofnun um hvort þau fá að setjast hér að eður ei. Paul sótti fyrst um hæli í febrúar 2008.

Syni þeirra, Fídel Smára, hefur verið meinuð vist á leikskólum Reykjavíkurborgar, þar sem foreldrarnir eru ekki skráðir í íslenska kerfið. Nú síðast var Rosemary bannað að þreyta ökupróf, af sömu ástæðu. Þau eru bæði í vinnu og greiða skatta. **- kóþ**



**RAMSES-FJÖLSKYLDAN** Þau búast við að fá svör frá Útlendingastofnun á allra næstu vikum um hvort þau fá hæli hér á landi eður ei. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fæðuöryggi rætt í Róm:

# Jón mætir fyrir Íslands hönd

**UTANRÍKISMÁL** Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, mun á næstu dögum sitja 36. aðalfund Matvæla- og landbúnaðarstofnunnar Sameinuðu þjóðanna (FAO) í Róm og flytja ávarp fyrir hönd Íslands. Fundurinn fylgir í kjölfar ráðherrafundar FAO um fæðuöryggi sem utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, sótti fyrir Íslands hönd.

Í tengslum við fundina í Róm hélt Norræna ráðherranefndin fylgir kynningu á samvinnu Norðurlandanna um varðveislu erfðaauðlinda og hélt Jón Bjarnason opnunarávarp fyrir hönd nefndarinnar. **- shá**


HS VEITUR HF., KT. 431208-0590, HEFUR BIRT LÝSINGU VEGNA TÖKU SKULDABRÉFA FÉLAGSINS TIL VIÐSKIPTA HJÁ NASDAQ OMX ICELAND HF.

HS VEITUR HF

**Eftirfarandi skuldabréfaflokkur hefur verið gefinn út:**

Skuldabréfaflokkur að fjárhæð kr. 6.000.000.000 var gefinn út þann 15. desember 2008 og flokkurinn er opinn.

Nafnverðseiningar eru kr. 5.000.000.

Auðkenni flokksins er HSVE 08 1 og áætlað er að bréf að fjárhæð kr. 6.000.000.000 verði tekin til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. þann 20. nóvember 2009.

Skuldabréfin eru 10 ára vaxtagreiðslubréf. Bréfin bera 5,3% árlega vexti af höfustól og reiknast samkvæmt 30/360 daga reglu. Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands, skv. lögum nr. 12/1995, til verðtryggingar með grunnviðmiðun 322,3 stig í október 2008. Fyrsti vaxtagjalddagi er 15. desember 2009. Vextir reiknast frá og með útgáfudegi skuldabréfanna þann 15. desember 2008 og eru greiddir árlega, alls 10 gjalddagar. Skuldabréfin eru án uppgreiðsluheimildar.

Gjalddagi höfuðstóls er 15. desember 2018.

ISIN númer bréfanna er IS0000018877

Lýsinguna má nálgast á prentuðu formi hjá útgefanda, HS Veitum hf., Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ og á heimasíðu útgefanda www.hsveitur.is í 12 mánuði frá dagsetningu tilkynningar þessarar.

Umsjónaraðili vegna töku bréfanna til viðskipta er MP Banki hf.

Reykjavík, 20. nóvember 2009

MP BANKI

Borgartúni 26 Skipholti 50d
info@mp.is www.mp.is




**Í KRINGLUNNI** Forvígismenn ýmissa samtaka verslunar og viðskipta sendu frá sér yfirlýsingar í gær þar sem skattaáætlunum stjórnvalda er mótmælt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Breytingum á skattkerfi víða mótmælt

**Tillögum um tvöfalt virðisaukaskattkerfi verður vísað til samkeppnisyfirvalda. Viðskiptaráð fagnar því að skattahækkanir séu minni en upphaflega var ráðgert.**

**EFNAHAGSMÁL** Hótel- og veitingamenn mótmæla harðlega misrétti sem þeir segja felast í tillögu ríkisstjórnarinnar um tvöfalt kerfi virðisaukaskatts á matarsölu. Ályktun þessa efnis var samþykkt á árlegum haustfundi þeirra á Hótel Loftleiðum í gær.

Í ályktun samtakanna er sérstaklega bent á sölu á tilbúnum mat sem ekki er neytt á staðnum og hefur því enga þjónustu í för með sér. „Tvöfalt kerfi virðisaukaskatts leiðir til þess að það fer eftir starfsleyfi söluaðilans hversu háan virðisaukaskatt viðskiptavinurinn greiðir fyrir nákvæmlega sama mat. Ef veitingaleyfi er á staðnum greiðir viðskiptavinurinn 14 prósenta virðisaukaskatt en ef sami tilbúni maturinn er keyptur í verslun eða sjoppu þá er greiddur sjö prósenta virðisaukaskattur.“

Þá skora Samtök ferðaþjónustunnar á stjórnvöld að draga tillöguna til baka enda leiði „flókið og óskiljanlegt“ skattkerfi til aukinnar svartrar atvinnustarfsemi. Samtökin segjast munu leita til samkeppnisyfirvalda vegna málsins.

Þá kemur fram í tilkynningu sem Samtök ferðaþjónustunnar hafa sent frá sér að ferðaþjónustufyrirtæki hafi fyrir löngu samið um verð vegna næsta árs og því sé ótækt að hækka skatta á þau fyrirvaralaust.

Samtökin benda sömuleiðis á að kolefnisskattar og hækkun bensín- og olíugjalds muni leiða til þriggja til fjögurra prósenta hækkunar á eldsneytisverði sem hafi áhrif á flugrekstur, rekstur hópbifreiða, flestar tegundir afþreyingar og bílaleigur. „Gera má ráð fyrir að þetta þýði um það bil 300 milljónir í aukaálögur á íslensku flugfélögin.“

Í áliti sem Viðskiptaráð Íslands sendi frá sér í gær segir hins vegar að í kynningu stjórnvalda á aðgerðum skattamálum felist jákvæð tíðindi í þeirri staðreynd að heildaraukning skattheimtu sé minni en upphaflega hafi verið gert ráð fyrir. „Samanlagðar tekjur af almennum tekjuskatti einstaklinga og fjármagnstekjur eru þannig áætlaðar 117 milljarðar króna í stað upphaflegrar áætlunar um 143 milljarða króna skattheimtu,“ segir þar og um leið er bent á að áætlanir um auðlinda- og orkuskatt hafi líka verið endurskoðaðar til lækkunar.

„Þrátt fyrir þetta er fyrirliggjandi endurskoðun skattkerfisins til mikils vansa og ljóst er að verulega mun draga úr samkeppnishæfni þess og skilvirkni,“ segir þó einnig í álitinu. „Í kjölfar efnahagsþrenginga líkt og nú standa yfir er veruleg hætta á varanlegum fólks- og fjármagnsflótta og breytingar af þessu tagi eru til þess fallnar að ýta frekar undir slíka þróun.“ **olikr@frettabladid.is**




Við erum



# SKÝRR

## Stærsta og öflugasta upplýsingatæknifyrirtæki landsins

Fjögur af þekktustu upplýsingatæknifyrirtækjum landsins hafa verið sameinuð í eitt. Fyrirtækin eru Eskill, Kögun, Landsteinar Strengur og Skýrr sem framvegis munu starfa undir nafni þess síðastnefnda. Hjá hinu nýja, sameinaða fyrirtæki starfa um 320 manns.

### Fagfólki stefnt saman í sterkari heild

Tilgangurinn með sameiningu félaganna er að stefna saman fremsta fagfólki landsins í upplýsingatækni og búa til öflugt fyrirtæki sem Íslendingar geta orðið stoltir af. Markmið okkar er að búa til góðan og eftirsóknarverðan vinnustað þar sem hugvit og sköpunarkraftur fá notið sín. Sameinuð erum við stærri en summan af fyrirtækjunum fjórum, sterkari, hugmyndaríkari og metnaðarfyllri en áður.

eskill

KÖGUN

LS
LANDSTEINAR STRENGUR

Skýrr

Ármúla 2 | 108 Reykjavík | Sími 569 5100

ÍSLENSKA/SIA.IS/SKY 48036 11/09



**ÞOKA Í BÚDAPEST** Svartaþoka var á bökkum Dónár í Ungverjalandi þegar þessi mynd náðist af manni á reiðhjóli. NORDICPHOTOS/AFP

Akranes missir banka:

## Harmar lokun bankaútibús

**ÞJÓNUSTA** Gunnar Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar Akraness, segist harma þá ákvörðun stjórnar Nýja Kaupþings banka að loka útibúi sínu á Akranesi 7. desember. Þetta kemur fram á fréttavefnum Skessuhorni.

„Ég er mjög óhress með þetta og finnst þessi tíðindi frá bankanum koma sem þruma úr heiðskíru lofti nú þegar síst skyldi. Þessi tíðindi fara illa í heimamenn og það er slæmt að missa þessa starfsemi héðan úr bænum. Þó að afgreiðslufólki í bankanum bjóðist störf í öðrum útibúum tapast við þetta tengd störf og ýmis þjónusta.“ Gunnar telur að flytja hefði átt Mosfellsbæjarútibú bankans á Akranes. Ákvörðunin sé í takti við ákvarðanir stjórnvalda að undanförnu um samdrátt í opinberri þjónustu á landsbyggðinni. - shá

# Telja gloppu í lögum opna flóttaleið fyrir fjármálafólk

**Þeir sem flytja lögheimili sín úr landi lenda í vari fyrir riftunum, að mati slitastjórna bankanna sem lýsa áhyggjum í bréfi til ráðuneyta. Vafasöm viðskipti Kaupþings við starfsmann fyrsta málið sem sigldi í strand.**

**VIÐSKIPTI** Slitastjórnir gömlu bankanna þriggja telja að gloppa sé í lögum um varnarþing sem geri það að verkum að ekki sé hægt að rifta óeðlilegum fjármálagjörningum viðskiptamanna eftir að þeir flytja lögheimili sitt til útlanda.

Einungis sé hægt að höfða slík mál á hendur einstaklingum í varnarþingi þeirra, það er því landi þar sem þeir hafa lögheimili. Á hinn bóginn sé í gildi Evróputilskipun sem segi að verði fjármálafyrirtæki gjaldþrota sé varnarþingið aðeins í því landi þar sem fyrirtækið var skráð. Hafi fyrirtækið og einstaklingurinn lögheimili hvort í sínu landi er því komin upp pattstaða.

Viðskiptablaðið greindi fyrst frá þessu í gær og sagði að slitastjórnirnar hefðu lýst áhyggjum af þessu í bréfi sem sent var efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, dóms- og mannréttindaráðuneytinu og efnahags- og skattanefnd Alþingis í síðustu viku. Þar leggja þeir til lagabreytingar til að koma í veg fyrir þennan vanda.

Fréttablaðið hefur bréf slitastjórnanna undir höndum. Þar kemur fram að vandamálið hafi komið í ljós þegar stefna átti starfsmanni Kaupþings sem keypt hafði hús af bankanum á undirverði, að talið er. Til stóð að reyna að rifta kaupunum. Maðurinn sem um ræðir er með lögheimili í Lúxemborg. Hann er ekki þekktur. Slitastjórnin telur sig hvorki geta höfðað málið á Íslandi né þar ytra.

Þetta gerir það að verkum að takist mönnum sem hugsanlega hafa eitthvað óhreint í pokahorninu að færa lögheimili sitt úr landi áður en riftunar óeðlilegra gjörninga er krafist getur verið vandkvæðum bundið að sækja málið. Takist mönnum að forðast slíka riftun geta þeir hugsanlega forðast gjaldþrot í leiðinni.

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir að lögfræðingar innan sem utan ráðuneytisins hafi þegar verið fengnir til að skoða málið. Þeir séu þó ekki endilega allir sammála mati slitastjórnanna hvað þetta varðar.

„Við erum fyrst og fremst að reyna að komast til botns í því hvort það er skynsamlegt og æskilegt að leggja fram tillögur að lagabreytingum,“ segir Gylfi.

Jafnvel þótt til lagabreytinga komi er hins vegar ekki víst að þær verði afturvirkar. Hugsanlega þyrfti að láta reyna á það fyrir dómstólum.

Slitastjórnirnar gera fleiri athugasemdir í bréfi sínu, meðal annars við það hversu skamman tíma, sex mánuði, þeir hafa lögum samkvæmt til að höfða riftunarmál frá því að kröfum er lýst í búið. Umfang málanna sé oft svo mikið að hætta sé á því að ef fresturinn verði ekki lengri kunni mál að ónýtast vegna þess að ekki takist að koma þeim til dómstóla.

Gylfi segir þessa ábendingu einnig til meðferðar í ráðuneytinu og að henni verði hraðað.

stigur@frettabladid.is



**LÚXEMBORG** Ef viðskiptamaður er með varnarþing í öðru landi er ekki hægt að rifta óeðlilegum fjármálagjörningum hans.

### MARGIR STÓRLAXAR SKRÁÐIR ERLENDIS

Undanfarið hafa margir fjármálamenn undirbúið brottflutning til útlanda til að forðast riftunarmál. Viðskiptablaðið segist hafa heimildir fyrir þessu.

Fréttablaðið hefur til dæmis heimildir fyrir því að Ingólfur Helgason, fyrrverandi forstjóri Kaupþings á Íslandi, standi nú í flutningum úr landi. Hann hefur þó ekki breytt lögheimili sínu.

Margir stórlaxar úr íslensku viðskiptalífi hafa lögheimili í útlöndum og eru því í vari fyrir riftunarmálum.

**Til dæmis:**
- Ágúst og Lýður Guðmundssynir
- Hannes Smárason
- Björgólfur Thor Björgólfsson
- Ólafur Ólafsson
- Hreiðar Már Sigurðsson
- Sigurður Einarsson
- Magnús Ármann
- Sigurður Bollason

Ekki fengust upplýsingar um það hversu lengi þessir menn hafa haft lögheimili erlendis.








**RÁÐHERRAR FÁ NIÐURSTÖÐUR** Álfheiði Ingadóttir heilbrigðisráðherra og Árna Páli Árnasyni félagsmálaráðherra voru afhentar niðurstöður starfshópsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Starfshópur um virkari velferð skilaði niðurstöðum:

## Vill draga úr stofnanavæðingunni

**SAMFÉLAGSMÁL** Ísland á því sem næst heimsmet í að vista fólk á stofnunum og því þarf að breyta. Þetta segir í tilkynningu frá ViVe-verkefninu svokallaða um virkari velferð, sem skilaði niðurstöðum og tillögum að úrbótum til heilbrigðis- og félagsmálaráðherra í gær.

Starfshópur á vegum ViVe hefur unnið að tillögunum undanfarnar vikur.

Í hópnum eru Evald Krog, þekktur norskur baráttumaður fyrir réttindum fatlaðra, Guðjón Sigurðsson, formaður MND-félagsins, Guðmundur Magnússon, formaður ÖBÍ, Sigrún Björk Jakobsdóttir, formaður bæjarráðs Akureyrar, Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar, og verkefnisstjórinn Oddur Ástráðsson.

Segir í niðurstöðunum að áður en til þess komi að málefni fatlaðra flytjist frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun 2011 þurfi að vera búið að stíga stór skref í þá átt að tryggja að fötluðum standi til boða að lifa lífi sínu á eigin forsendum utan stofnana.

Til þess að svo megi verða þurfi að koma á fót einstaklingsmiðuðu aðstoðarmannakerfi og tryggja með lögum og samningum að réttur til aðstoðar fylgi hverjum og einum óháð búsetu.

Setja þurfi á fót virkan samráðsvettvang til að undirbúa málið og nauðsynlegar laga- og reglubreytingar þurfi að liggja fyrir eigi síðar en 1. maí 2010.

Samfélagslegur ávinningur af slíkri stefnubreytingu yrði umtalsverður, segir í niðurstöðunum. - sh

# JÓLATILBOÐ



**SAGA** **ÞÓR**

## Hágæða heilsudýnur
## sérhannaðar fyrir Svefn & heilsu

Nýtt svæðaskipt pokagormakerfi gefur réttan stuðning og hámarks hvíld

| Stærð sm | SAGA Verð | SAGA Jólatilboð | ÞÓR Verð | ÞÓR Jólatilboð |
|---|---|---|---|---|
| 100x200 | 119.900 | **94.900** | 139.900 | **109.900** |
| 120x200 | 139.900 | **109.900** | 159.900 | **124.900** |
| 140x200 | 149.900 | **119.900** | 179.900 | **139.900** |
| 153x203 | 164.900 | **129.900** | 189.900 | **149.900** |
| 160x200 | 169.900 | **134.900** | 199.900 | **154.900** |
| 180x200 | 189.900 | **149.900** | 219.900 | **174.900** |
| 180x210 | 199.900 | **159.900** | 239.900 | **189.900** |

**Frí heimsending á stór-Reykjavíkur svæðinu**
á vörukaupum yfir 100.000 kr.

**Verð með fallegum og sterkum leðurlituðum íslenskum botnum og fótum**
**Gerið gæða- og verðsamanburð**

**20%**
**afsláttur**
**af sængurverasettum**



**Jólagjöfin í ár**



**Svefnsófar**
**Íslensk framleiðsla**

**Vinsælasta jólagjöfin**
**IQ-CARE**
**Heilsukoddar**



**20%**
**afsláttur**




**Svefn & heilsa**




**6 mán. vaxtalausar greiðslur**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

www.svefn.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Á NAUTAKJÖTI
1049
ÍSLANDSNAUT FERSKT 100% UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR 1049 kr.kg
1798
N.V FERSKT NAUTAPIPARSTEIK 1798 kr.kg.
145
798
FERSKT BLANDAÐ HAKK naut/svín 798 kr.kg.
1298
N.V FERSKT NAUTASNITSEL 1298 kr.kg.
1298
N.V FERSKT NAUTAGÚLLAS 1298 kr.kg.
498
BÓNUS FERSKIR KRYDDAÐIR KJÚKLINGALEGGIR
498 kr.kg.
498
BÓNUS FERSK KRYDDUÐ KJÚKLINGALÆRI
498 kr.kg.
198
BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAVÆNGIR
198 kr.kg.
998
BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAMOLAR
1 kg 998 kr.
539
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR 539 kr.kg.
1598
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1598 kr.kg.
RJÓMI 20% AFSLÁTTUR
215
144
RJÓMI 400 ML VERÐ ÁÐUR 269 KR. 215 kr.
MATREIÐSLURJÓMI 400 ML VERÐ ÁÐUR 179 KR. 144 kr.
259
398
BÓNUS FERSK PIZZA
m.osti 420g /pepperoni 400g 398 kr
198
BÓNUS PIZZADEIG 400G 198 kr
SPELT PIZZADEIG 400G 259 kr.
198
BÓNUS MAJONSES
550ML LÉTT & VENJULEGT 198 kr.
129
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI 185ml
10 OG 18% 129 kr.
1479
BÓNUS ÁLEGG pepperoni/ spægipylsa
30% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2498 KR.KG. 1749 kr.kg.
40% AFSLÁTTUR
K.F BRAUÐSKINKA Í BOXI
MERKT VERÐ 1298 KR.KG. 779 kr.kg.
88
K.F PIZZUSKINKA
125g 88 kr.
1598
MACKINTSOH 1,1 KG
JÁRNDÓS 1598 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00 -19.30



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓ
1198
K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR 2009 slátrun
MERKT VERÐ 1398 KR.KG. 15% AFSLÁTTUR 1189 kr.kg.
145
145
COKE ZERO - FANTA -SPRITE ZERO
2 LTR. 145 kr.
798
K.S FROSINN LAMBABÓGUR
HEILL 2009 slátrun
798 kr.kg.
30%
AFSLÁTTUR
K.F SALTAÐ FOLALDAKJÖT m.beini
MERKT VERÐ 776 KR.KG 30% AFSLÁTTUR 543 kr.kg.
BÓNUS
Bajone skinka
AÐEINS UNNIN ÚR GRÍSALÆRI
898
BÓNUS BAJONSKINKA
MERKT VERÐ 1198 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR 898 kr.kg.
798
K.F KOFAREYKTUR
HANGIFRAMPARTUR m.beini
MERKT VERÐ 998 20% AFSLÁTTUR 798 kr.kg.
1598
K.F LÉTTREYKTUR
LAMBAHRYGGUR
1598 kr.kg.
1598
K.F KOFAREYKT HANGILÆRI M.BEINI
1775 KR.KG. 10% AFSLÁTTUR 1598 kr.kg.
898
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
nýreyktur 898 kr.kg.
Gestgjafinn
300
KRÓNA AFSLÁTTUR
KÖKUBLAÐ GESTGJAFANS
300 kr. afsláttur í Bónus
995 kr.
BÖKUNARVÖRUR Á
BETRA VERÐI Í BÓNUS
198
BÓNUS JÓGÚRTÍS 1 LTR 198 kr.
JARÐARBERJA-VANILLU
1598
NÓA KONFEKT 650g 1598 kr.
ALLIR FYLLTU MOLANIR FRÁ NÓA Í EINUM KASSA
998
BÓNUS KOKFEKT
700g 998 kr.
195
BUGLES TVÆR TEG 195 kr.
398
BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR
2 LTR. 398 kr.
298
BÓNUS ÍS 2 ltr. 298 kr. Súkkulaði-Jarðarberja-Vanillu
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10.00 -19.30

## „ORÐRÉTT“

*Stór frakki*

**„Vinur minn, Gunnar Birgisson bæjarstjóri, sem þarna var, hefði týnst í þessum frakka.“**

GUÐNI ÁGÚSTSSON SÝTIR KASMÍRULLARFRAKKA SEM EINHVER DIGURVAXINN TÓK Í MISGRIPUM FYRIR SÍNA EIGIN STÓRU FLÍK.
Fréttablaðið 19. nóvember

*Að trúa og treysta*

**„Það er ætíð hættulegt að treysta valdi í blindni.“**

ÁTTA GUÐFRÆÐINGAR BENDA Á HÆTTUR ÞESS AÐ TRÚA Á EITTHVAÐ SÉR ÆÐRA ÁN ÞESS AÐ GETA FÆRT FYRIR ÞVÍ RÖK.
Fréttablaðið 19. nóvember.

# tilveran
*nær og fjær*

## FRÓÐLEIKUR
### TIMBURMENN

Flestir áfengir drykkir innihalda aukaafurðir gerjunar sem mætti kalla aukaefni. Þessi aukaefni eru ein orsök timburmanna. Almennt gildir að eftir því sem drykkur er dekkri því meira er af aukaefnum í honum. En þótt drukkinn sé alveg hreinn spíri losnar maður ekki við timburmenn. Ástæðan er sú að lifrin byrjar að brjóta niður alkóhólið með því að breyta því í asetaldehýð sem er eiturefni og veldur timburmönnum. Ofþornun sem stafar af þvagræsandi áhrifum alkóhóls er önnur orsök timburmanna. Að lokum má nefna bein ertandi áhrif alkóhóls á magaslímu og taugakerfi sem leiða til ógleði, pirrings og handskjálfta.



# Synir götunnar farnir að undirbúa jólin með föndri

**Heimilislegur andi svífur yfir vötnunum þegar inn er komið. Hópur fólks er að sinna ýmsum hugðarefnum. Sumir horfa á sjónvarp, aðrir eru á Netinu, eða að spila á spil og síðast en ekki síst eru nokkrir að búa til jólakort og mála á gipsmyndir fyrir jólin.**



**FÖNDRAÐ FYRIR JÓLIN** Skjólstæðingar Dagsetursins ásamt Birnu Vilbertsdóttur við föndurborðið, þar sem nú eru búin til jólakort og gipsmyndir málaðar. FRETTABLADID/GVA

Fólkið sem um ræðir lifir í hörðum heimi útigangsfólks, þar sem fíknin ræður för. Þeir eru skjólstæðingar Dagseturs Hjálpræðishersins á Eyjaslóð 7.

Dagsetrið er rekið í sjálfboðavinnu að langstærstum hluta. Það er opið frá klukkan 12 til 17 daglega og þangað geta skjólstæðingar þess komið, farið í bað, fengið heitan mat, sinnt ýmissi afþreyingu eða bara lagt sig í uppbúin rúm. Hið síðastnefnda þiggja margir með þökkum, enda kaldir og lúnir eftir langa nótt á götunni.

Margir skjólstæðinganna eiga lítinn fatabunka sem bíður þeirra hreinn og strokinn á Dagsetrinu. Það er aleigan þeirra. Þegar ekki er lengur þörf fyrir einhvern bunkann, kemur annar þegar í stað.

„Ég veit ekki hvar maður væri ef við hefðum ekki þetta athvarf,“ sagði einn skjólstæðingurinn, sem sat við föndurborðið, við blaðamann. „Hingað er gott að koma og hér er fólk sem maður finnur að þykir vænt um mann. Það er svolítið meira virði en peningar. Ég er bara hluti af því sem hér er verið að gera. Hlýja og umhyggja er það sem skiptir mig mestu.“

Annar skjólstæðingur tók undir orð hins fyrri með gott atlæti á Dagsetrinu.

„Hingað kemur maður til þess að láta renna af sér og dunda sér, svo tekur náttúrulega eitthvað annað við. Hér eru allir vinir.“ **- jss**



**MYNDIN** Þessi mynd var rétt að segja tilbúin.





**ALEIGAN** Þarna eiga skjólstæðingar veraldlega aleigu sína, fötin sín, hrein og strokin.




**JÓLAKORT** Sýnishorn af jólaföndrinu.

Fötum safnað og húsbúnaði til að fjármagna rekstur Dagsetursins:

# Skjólstæðingar sóttir í bæinn

Útigangsfólkið þarf ekki að ganga alla leið úr bænum út á Eyjaslóð til að komast í aðhlynningu. Hjálpræðisherinn á bíl sem fer á ákveðnum tímum til að sækja þá sem það kjósa.

Þetta segja þær Birna Vilbertsdóttir og Rannvá Ólsen sem báðar starfa í Dagsetrinu.

Spurðar um fjármögnun starfsins segja þær nytjamarkað Hjálpræðishersins, sem er í sama húsi og Dagsetrið fjármagna það að stórum hluta.

Meðal annars stendur hann undir leigukostnaði húsnæðisins. Þá styrkja ýmis fyrirtæki og einstaklingar reksturinn, einkum með matargjöfum. Borgin hefur útvegað félagsráðgjafa í hálfa stöðu. Hann hefur gert kraftaverk, segja þær.

Laugardaginn 28. nóvember verður efnt til söfnunar fata og húsbúnaðar, sem fólk er hætt að nota, fyrir nytjamarkaðinn.



**DAGSETRIÐ** Birna Vilbertsdóttir og Rannvá Ólsen starfa báðar á Dagsetrinu.

Tekið verður á móti því sem fólk vill láta af hendi rakna í Digraneskirkju frá klukkan 14 til 17, segja þær stöllur. Að söfnuninni lokinni verður skellt í skemmtidagskrá í kirkjunni þar sem fram koma hljómsveitir og söngvarar að hætti Hersins.









**FBL-GREINING:** ÁHUGI Á SKOTVEIÐI HEFUR STÓRAUKIST

# *Í skotveiði þarf bæði byssuleyfi og veiðikort*

Frá því hefur verið greint að í ár hafi 50 prósentum fleiri sótt námskeið Umhverfisstofnunar vegna veiðikorta og í meðferð skotvopna. Nokkuð hefur fjölgað í hópi veiðimanna og merki um að fleiri geri sér far um að afla tilskilinna leyfa. Tilfellið er nefnilega að ekki nægir að axla hólkinn og halda af stað. Í reglugerð um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna kemur fram að allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum eigi að afla sér veiðikorts. Þó er tekið fram að slík kort þurfi ekki til eggjatöku. Embætti veiðistjóra annast útgáfu veiðikorta.

## ■ Hvað þarf að gera til að fá veiðikort?

Embætti veiðistjóra annast útgáfu veiðikorta og heldur utan um gögn tengd veiðum, svo sem veiðiskýrslur þær sem veiðimenn skila inn. Til þess að fá veiðikort þurfa veiðimenn hins vegar að uppfylla ákveðin skilyrði. Í fyrsta lagi þurfa þeir að hafa aldur til að meðhöndla skotvopn, en vopnaleyfi fá ekki aðrir en þeir sem náð hafa tvítugu. Síðan þurfa þeir að sækja námskeið hjá Umhverfisstofnun og standast próf að þeim loknum. Svara þarf 75 prósentum spurninga rétt á prófinu. Eitthvað er um fall í fyrstu atrennu, en flestir komast í gegn í endurtekningarprófi.



## ■ Hvað þurfa veiðimenn að vita?

Í veiðikortareglugerðinni kemur fram að í hæfnisprófinu skuli meðal annars könnuð þekking manna á undirstöðuatriðum í stofnvistfræði, náttúruvernd, dýravernd, greiningu fugla og spendýra, hlunnindanýtingu, veiðisiðfræði, þekkingu manna á meðferð veiðitækja, sem og í lögum og reglum um ofangreind atriði. „Umhverfisráðuneytið lætur útbúa námsefni fyrir hæfnispróf í samvinnu við veiðistjóra. Umhverfisráðuneytið gengst fyrir námskeiðum eða felur öðrum framkvæmd og umsjón hæfnisprófa og námskeiða. Heimilt er að fella þessa fræðslu inn í námskeið fyrir umsækjendur um byssuleyfi með samvinnu við lögregluyfirvöld," segir þar jafnframt. Upplýsingar um námskeiðin er að finna á vefslóðinni veidikort.is.


Hringdu í síma

512 50 60




ef blaðið berst ekki

vísir.is

„...ég sá það á vísi"


**FRÉTTASKÝRING:** Byggðamál

# Konurnar eru lykillinn

**Því fer fjarri að byggðaröskun síðustu áratuga sé séríslenskt fyrirbæri. Þegar litið er til annarra jaðarsvæða við Norður-Atlantshaf má finna sambærilega þróun þó að viðfangsefnin séu ekki öll þau sömu. Næstu áratugir verða einnig tími breytinga. Spurt er hvernig megi spyrna við fótum eða hvort það er yfirhöfuð gerlegt.**



Norræna Atlantsnefndin (NORA) gekkst nýlega fyrir ráðstefnu um íbúaþróun þeirra svæða sem heyra undir ráðið, en starfssvæði ráðsins er Ísland, Færeyjar, Grænland og strandhéruð Noregs. Þar var leitast við að skilgreina aðsteðjandi vanda og unnið að sameiginlegri stefnumörkun um hvernig best verði tekið á lýðfræðilegum áskorunum.

### Vandamálið reifað

Segja má að Norðurlöndin öll horfi fram á vandamál tengd þróun byggðar. Á fjölmennustu svæðunum hefur íbúasamsetningin breyst og meðalaldurinn hækkar jafnt og þétt. Hópurinn sem er virkur á vinnumarkaði dregst saman og barnafólk heldur varla í horfinu við endurnýjun samfélaganna. Þessu er svo öfugt farið annars staðar, til dæmis á jaðarsvæðum, þar sem samfélögin samanstanda af yngra fólki. Þar eru áskoranirnar allt aðrar. Frá jaðarsvæðum flyst fólk í stórum stíl og þá ekki síst konur, en svæðin halda síður fólki vegna skorts á tækifærum til menntunar og atvinnuframboðið er einhæfara.

Rasmus Ole Rasmussen, frá Nordregio, stofnun Norrænu ráðherranefndarinnar um landnýtingu, og sérfræðingur í byggðaþróun á heimskauts- og Norður-Atlantshafssvæðinu, var einn af frummælendum ráðstefnunnar. Hann reifaði fyrir ráðstefnugesti þau álitaefni sem hér voru nefnd. Hann hélt á lofti nauðsyn þess að endurskoða gildandi áherslur í byggðaþróun til þess að stuðla að fjölbreyttu mannlífi á landsbyggðinni. Rasmus snerti á því hversu ólík viðbrögð kynjanna væru við breytingum og hvaða landfræðilegu, hagrænu og samfélagslegu áhrif þessi ólíku viðbrögð hefðu á uppbyggingu samfélaga. Rasmus sagði að áður fyrr hafi ákvörðun um búsetustað yfirleitt falið í sér ákvörðun fyrir lífstíð. Líf fólks hefi orðið flóknara með tímanum og afleiðingu þessa mætti sjá í þróun svæða með mismunandi einkenni.

### Atvinnumálin

Lausnir í atvinnumálum eru alltaf í forgrunni þegar talað er um byggðamál. Á ráðstefnunni hélt Magni Laksáfoss, fyrrverandi fjármálaráðherra Færeyja, bráðskemmtilega tölu þar sem hann hélt því fram að lýðfræðileg samsetning og þróun samfélaga réðist nær alfarið af efnahagslegum þáttum. Það ætti við nú sem ætíð fyrr. Lífvænleg samfélög á norðurslóðum byggðu á útflutningsatvinnuvegunum sem væru kjölfestan; eitthvað þyrfti að vera á hverjum stað til að standa á. Allt annað kæmi á eftir. Hann fullyrti að upphafinu að öllum vaxtaskeiðum mætti finna stað í tilteknum atburði og oftar en ekki reyndist það vera tæknibylting og frekari tækifæri til að nýta þær auðlindir sem fyrir væru á hverjum stað. Hann gekk líka svo langt að segja að ekkert hefði breyst og dró hann saman pælinguna með því að segja: „Þetta kemur ekki kvikmynda- eða kaffihúsum neitt við. Ekki betri heilsugæslu eða meiri tíma til að hlúa að fjölskyldunni." Þetta snýst sem sagt um vinnu. Þetta snýst um peninga.

### Fleiri karlar

Óneitanlega hlustuðu ráðstefnugestir á framlag Hjalta Jóhannessonar, sérfræðings við Háskólann á Akureyri, með boðskap Magna í huga. Hjalti sagði frá rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjunarframkvæmda á Austurlandi sem staðið hefur yfir frá því 2004 og er að ljúka um þessar mundir. Rannsóknin er gríðarlega umfangsmikil en eins og staðan er í dag virðist framkvæmdin hafa takmörkuð áhrif á íbúaþróun á Austurlandi nema ef væri í Fjarðabyggð og á Fljótsdalshéraði. Fólksflutningar halda áfram til höfuðborgarsvæðisins frá öðrum byggðarlögum og framkvæmdin ýkti stórkostlega kynjaskiptinguna á framkvæmdasvæðinu. Eðli verksmiðjuvinnunnar er ekki líklegt til að snúa þessu við í nánustu framtíð en Hjalti lagði áherslu á að áhrifin væru ekki komin fram að fullu og hrunið í október 2008 flækti þá mynd. Hér hlytu menn að spyrja hvort ekki væri afleikur að hætta rannsóknum á áhrifum framkvæmdarinnar á þessum tímapunkti.

### Menntun og menning

Það væri sögufölsun að halda því fram að Magna og hagfræðipælingu hans hafi verið vel tekið af meirihluta ráðstefnugesta. Kenning hans hljómaði reyndar mjög sannfærandi í eyrum blaðamanns og nokkurra annarra. Hins vegar var það mál manna að um grófa einföldun væri að ræða. Sem er kannski rétt.

Um langt skeið hefur verið skýr kynjamunur í búferlaflutningum frá landsbyggð til þéttbýlis. Þetta á við um allan hinn vestræna heim. Á sama tíma virðist sem ólík viðhorf kynjanna til búsetu og lífsgæða hafi ekki verið tekin með í reikninginn þegar andæfa skal byggðaröskun.

Ungar konur sækja frekar í framhalds- og háskólanám. Þær sækja síður í hefðbundin störf í frumvinnslugreinum en eru mun fleiri í flokki sérmenntaðs starfsfólks og í yfirgnæfandi meirihluta í þjónustustörfum. Það virðist því einhvern veginn liggja í augum uppi að eina ráðið til að tryggja jafna kynjasamsetningu á landsbyggðinni sé að auka áherslu á menntun og fjölbreytt atvinnutækifæri á þeim slóðum. Það er nefnilega svo að lífvænlegt samfélag verður ekki byggt öðru kyninu að stórum hluta. Slík samfélög falla saman innan frá og verða seint byggð upp aftur.

### Vilja koma aftur

Það er stór ákvörðun fyrir fólk að flytja burt frá því samfélagi sem það þekkir best. Slík ákvörðun er ekki tekin nema rík ástæða liggi til grundvallar. Færeyingar þekkja þetta á eigin skinni. Þeir hafa gengið í gegnum kreppur sem hafa rænt þá stórum hópum fólks og hefð er fyrir því að eyjarskeggjar leiti sér menntunar í Danmörku og víðar. Mikill minnihluti þeirra sem fara snýr til baka.

Suni Poulsen, sérfræðingur við Kaupmannahafnarháskóla, hefur rannsakað hvernig hægt sé að fá brottflutta Færeyinga í Danmörku til að snúa heim, en rannsóknin er unnin á vegum dönsku ríkisstjórnarinnar. Sú niðurstaða hans vakti athygli að allir Færeyingar, sem rannsókn hans náði til, gátu hugsað sér að snúa aftur til heimalandsins. Niðurstaða hans var að fólk hugsar reglulega um að snúa til baka og þá gjarna þegar einhverjum áfanga í lífinu er náð. Nefndi hann sérstaklega námslok, þegar fólk hefur búskap og barneignir og eins síðar þegar börnin fara að heiman. Einnig hugsa margir um að fara heim þegar fjölbreytni borgarsamfélagsins missir aðdráttarafl sitt eða þegar takmarki er náð á vinnumarkaði.

Færeyjar og færeysk menning er því ekki hindrun í sjálfu sér og lausnin er ekki falin í því að reyna að bjóða það sama og danskar borgir. Ég skildi Suni þannig að byggja skyldi á því sem fyrir væri, leita að sérkennum samfélagsins og byggja á þeim grunni. Svo mætti lengi flétta saman gamalt og nýtt. Þetta á við hér á landi eins og í Færeyjum, myndi ég halda.




FRÉTTASKÝRING

SVAVAR HÁVARÐSSON

svavar@frettabladid.is


## NORRÆNA ATLANTSSAMSTARFIÐ – NORA

NORA Nordisk Atlantsamarbejde

- ■ Norræna Atlantssamstarfið er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs.
- ■ Aðalskrifstofan er í Þórshöfn í Færeyjum og eru landsskrifstofur í hverju aðildarlandanna. Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi. Á árinu 2008 tóku Færeyingar við formennskunni, en Ísland tekur við henni árið 2010. Stærstur hluti tekna NORA kemur frá Norrænu ráðherranefndinni, en einnig koma árleg framlög frá þátttökuþjóðunum.
- ■ NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi atvinnulífs, einstaklinga og stofnana á milli landanna. Málaflokkar verkefnastyrkjanna eru auðlindir sjávar, ferðamál, upplýsingatækni, samgöngur og flutningar og efling fámennra byggðarlaga.
- ■ Áhersla er lögð á samstarf innan samstarfssvæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum, en einnig er lögð áhersla á nýsköpun og sjálfbæra þróun.
- ■ Innan NORA er áhugi á auknum tengslum og verkefnasamstarf við lönd við Norður-Atlantshaf – Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og einnig austurströnd Kanada.

# SJÓNVARPSTILBOÐ




## Panasonic

**Panasonic TXP42C10**
42" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024x768 punkta uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, Real Black Drive 2000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu DVB-T stafrænum móttakara (MPEG4), SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart (með RGB), 2 HDMI (1.3), Component, CI rauf, SVHS, CVBS ofl.

**TILBOÐ 199.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990




## UNITED

**United 22DD91HD**
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1440x900 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum**.

**TILBOÐ 72.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




## UNITED

**United LTV9732**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., 3D Comb filter, FullPIX2 / FullPIX HD, 100.000:1 skerpa, PIP (mynd í mynd) og PAP, DVB-T stafr. móttakari, 2 x HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 139.990




## Panasonic

**Panasonic TXL32C10**
32" HD LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Vreal 4 Engine, IPS Alpha, 24p Playback, 15.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, VIERA Link, stafrþ. DVB-T mótt., SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI & Component tengi ofl.

**TILBOÐ 139.990**
FULLT VERÐ kr. 169.990




## PHILIPS

**Philips 32PFL7404H**
32" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p Full-HD upplausn, Pixel Precise HD, 100Hz Clear LCD, 80.000:1 skerpu, HD Natural Motion, 3ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, 4 x HDMI, 2 x Scart, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990




## Panasonic

**Panasonic TXP37C10**
37" Vreal 4 Plasma BREIÐTJALD með 1024 x 768p uppl., 100Hz, 24p Playback, x.v Colour, dýnamískri 2000.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, HD Ready, Viera Link, háskerpu DVB-T stafr. móttakara, SD/SDHC kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




## UNITED

**United LTV9742**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p uppl., 3D Comb filter, FullPIX2 / FullPIX HD, 100.000:1 skerpa, PIP (mynd í mynd) og PAP, DVB-T stafr. móttakari, 2 x HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990




## Panasonic

**Panasonic TXL42S10**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal Pro3, 24p Playback, Viera Link, dínamískri 50.000:1 skerpu, Intelligent Scene Controller, stafr. háskerpu DVB-T mótt., tölvuleikja- og Eco Mode stilling, VGA (PC), 3 x HDMI, Composite, Component & S-Video, 2x Scart, Audio L/R, CI, Digital Audio tengi ofl.

**TILBOÐ 219.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990




## Panasonic

**Panasonic TXP42S10**
42" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920 x 1080p uppl., Vreal Pro3, 400Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 20.000:1 skerpu, 3D Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, SD/SDHC korta-lesara, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.


GU VERÐI!
OKKAR FRAMLAG GEGN KREPPU
Barnaregnjakki 3.990
Barnaúlpa 7.990
Barnaúlpa 7.490
Barnaúlpa 7.490
Barnakápa 8.990
Barnapeysa 5.490
Barnapeysa 5.490
Barnapeysa 2.990
Barna-flíssett 3.490
Regnbuxur 2.750
Fóðraðar barnabuxur 3.990
Barna regnbuxur 2.490
Barna regnbuxur 1.490
Barnagalli 5.990
Mikið úrval af smávöru
Regatta
GREAT OUTDOORS
Gerum tilboð í stærri pantanir fyrir hópa og fyrirtæki
Softshell herrapeysa 12.490
Dömu microflís 7.990
Dúnvesti d & h 19.990
Dúnúlpa dömu 24.990
Dúnúlpa herra 24.990
Softshell dömupeysa 12.490
Fóðruð dömukápa 19.990
Buxur 7.490
Dömuúlpa 14.990
CRAGHOPPERS
OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16
ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

**ATHAFNAVIKA:** Prjónadagurinn mikli

# Hannyrðafólk bíður spennt eftir nýjum prjónamynstrum

**Nýtt prjónablað kemur út í dag. Hannyrðafólk bíður spennt eftir því hvaða munstur leynast þar. Prjónaskapur hvers konar á miklum vinsældum að fagna víða um land. Mun fleiri prjónablöð eru gefin út nú.**

„Við ætlum að prjóna saman barnavettlinga og gefa þá í söfnun Mæðrastyrksnefndar,“ segir Gerður Eðvarðsdóttir, sem á og rekur hannyrða- og kaffihúsið Heitt á prjónunum á Ísafirði. Hún reiknar með um fimmtán manns, allt frá átta ára til áttræðs, í prjónakaffi sem haldið verður í hannyrðaversluninni í dag í tilefni af útgáfu nýja prjónablaðsins Björk.

Þetta er fyrsta tölublað prjónablaðsins sem bætist í litríka flóru prjónablaða á markaðnum. Þau verða nú að minnsta kosti fjögur og tengjast sum þeirra ákveðnum gerðum af garni, jafnt íslensku sem innlendu. Í nýja blaðinu er lögð áhersla á íslensk munstur og viðtöl við prjónakonur og ýmislegt fleira sem tengist prjónaskap.



**PRJÓNAKVÖLD** Ísfirðingar hafa komið saman á mánudagskvöldum í hannyrðaversluninni Heitt á prjónunum síðan í sumar og spjallað yfir prjónaskapnum.

Útgáfunni er fagnað í að minnsta ellefu hannyrðaverslunum víða um land á milli klukkan fjögur og sex í dag og fitjað verður upp og prjónað í nokkrum þeirra. Vinsældir prjónaskapar hafa vaxið jafnt og þétt síðustu misseri og sér ekki fyrir enda á því.

Prjónakaffi hefur verið haldið öll mánudagskvöld í hannyrðaversluninni Heitt á prjónunum síðan búðin opnaði í júní. Kökurnar og kruðeríið í kaffihúsinu bakar Gerður sjálf.

„Það er alltaf mikil eftirvænting eftir nýju prjónablaði. Ég verð bara að treysta á að vera komin með það í hendur,“ segir Sigrún Ingvarsdóttir í hannyrðaversluninni Esar á Húsavík þegar Fréttablaðið ræddi við hana í gær. Hún reiknar með mikilli aðsókn í tilefni af útkomu tímaritsins, sem verður fagnað fyrir



**FRÁ HÚSAVÍK** Húsvíkingar eru alvanir prjónaskap. Í desember ár hvert heldur Slysavarnadeild kvenna á Húsavík slík kvöld þar sem ýmislegt verður til úr garninu.

norðan á milli klukkan fjögur og sex í dag.

Sigrún segir Húsvíkinga alvana prjónakaffi sem þessu enda sé Slysavarnadeild kvenna á Húsavík með árlegt prjónakaffi. Það næsta verður haldið 9. desember næstkomandi. Af þeim sökum telur hún ólíklegt að prjónarnir verði teknir upp í dag. Boðið verður upp á kaffi og með því og rætt um prjónaskap auk þess að von er á einhverjum uppákomum. „Við erum alltaf spennt fyrir nýjum munstrum,“ segir hún.

jonab@frettabladid.is

## Föstudagurinn 20. nóvember

**09.00 – 12.00** Nýsköpunarmiðstöð Íslands á Húsavík - Opið hús, Garðarsbraut 5, 3. hæð Húsavík

**10.00 – 16.00** Hugmyndasmiðja Klaks, Klak, Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, Kringlunni 1 (gamla Morgunblaðshúsið)

**12.00** Slow food-kynning, Nýheimar, Höfn í Hornafirði (miðrými)

**12.00 – 13.00** Samfélagsleg nýsköpun, Ebikos, Háskólinn í Reykjavík, Kringlunni 1, stofa K5

**12.10** Frumkvöðlar í vísindaporti, Háskólasetur Vestfjarða, Ísafirði

**13.00 – 20.00** Smíði rafbíls, Lagnakerfamiðstöð Íslands, Keldnaholti

**13.00 – 14.00** Hlutverkasetur, Kynning, Hlutverkasetrið, Borgartúni 1, 2. hæð (gengið inn sjávarmegin)

**14.00 – 16.00** Barn og náttúra, Litla kistan, Bergstaðastræti 13

**14.00 – 16.00** Leikræn óvissuferð, Hlutverkasetrið, Borgartúni 1, 2. hæð (gengið inn sjávarmegin)

**Upplýsingar um ótímasetta viðburði má finna á heimasíðu Athafnavikunnar, www.athafnavika.is**

65 atburðir í 2.000 manna samfélagi á Höfn í Hornafirði:

# Vikan mjög vinsæl

Mikill kraftur er í Athafnavikunni á Höfn en þar eru 65 atburðir skráðir í vikunni. Í sveitarfélaginu búa um 2.100 íbúar þannig að viðburðafjöldi er tilkomumikill.

Meðal þess sem bryddað hefur verið upp á er hláturjóga, þrautalausn í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu og sýning Ara Þorsteinssonar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands á myndbandi frá Noregi. Þar var búið að útbúa litla útgáfu af virkjun sem byggði á þeim kröftum sem myndast þegar saltvatn mætir fersku vatni, en slík skilyrði má finna víða í sveitarfélaginu.

Athafnateygjurnar ganga svo rösklega manna á milli í bænum en markmið aðstandenda er að sem flestir taki þátt í leiknum.

Nánari upplýsingar má sjá á www.athafnateygjan.is og http://www.rikivatnajokuls.is/media/vidburdir/athafnavika.pdf.

Lesblindur dansari úr Íslenska dansflokknum hafði góð áhrif á nemendur FÁ:

# Dansari fræðir um lesblindu

Í tilefni Alþjóðlegrar athafnaviku hélt dansarinn Peter Anderson hjá Íslenska dansflokknum fyrirlestur um lesblindu í stuðningsáfanga fyrir lesblinda nemendur í Fjölbrautaskólanum í Ármúla á miðvikudag.

Elín Vilhelmsdóttir, kennslustjóri dyslexíustoðþjónustu FÁ, segir Peter hafa verið frábæran. „Hann náði vel til nemendanna. Hann hvatti þá til dáða og jók trú þeirra á sjálfum sér,“ segir Elín.

„Það að hann er sjálfur lesblindur hefur mikil áhrif á nemendur. Ég vil endilega að hann nýtist fleiri lesblindum. Við vorum tveir kennarar inni hjá hópnum og hann kom okkur til að hugsa. Samt erum við bæði vön að vinna með lesblindum nemendum.“

Peter er nú fastráðinn dansari hjá Íslenska dansflokknum en hann hefur í fimmtán ár dansað hjá ýmsum dansflokkum í Evrópu.

- sh



**PETER ANDERSON** Peter flutti fyrirlestur í stuðningsáfanga fyrir lesblinda. Hann er sjálfur lesblindur. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI


Lagersala
Veiðihornsins
Ármúla 18
Opið frá 12 til 18 í fáeina daga
Flottasta dótið klárast fyrst!


Skoppa og Skrítla vígja Óskabrunn barnanna:

# Hafa safnað þrjátíu þúsund óskum

„Ég lét mitt fyrsta verk verða að skreyta Óskabrunninn,“ segir leikkonan Hrefna Hallgrímsdóttir, kunn sem annar helmingur tvíeykisins Skoppa og Skrítla.

Hrefna er talskona Alþjóðlegu athafnavikunnar og er með Athafnateygju númer 173. Sú kvöð fylgir Athafnateygjunni að handhafar hennar þurfa að ljúka ákveðnum verkefnum áður en þeir geta látið hana ganga til næsta manns. Hrefna fékk teygjuna á mánudag. Hún afhenti hana föður sínum samdægurs.

Þær Skoppa og Skrýtla hafa safnað óskum barna í brunninn víða um heim í þrjú ár og eru óskirnar í honum í kringum þrjátíu þúsund.

Óskabrunnurinn verður vígður í Borgarleikhúsinu klukkan tíu dag og hafa þær Skoppa og Skrýtla boðið hundrað börnum úr þremur skólum til að vera viðstödd athöfnina. Börnin, sem eru á aldrinum fjögurra til sjö ára, hafa unnið að verkefnum um það hvað þau langar til að gera þegar þau verða stór í skólum sínum alla vikuna.



**SKOPPA OG SKRÍTLA** Hrefna Hallgrímsdóttir, þekkt sem Skrítla, afhenti föður sínum Athafnateygjuna sama dag og hún fékk hana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Börnin kynna verkefni sín við athöfnina en hitta síðan fólk úr ýmsum starfsstéttum. - jab

# Afnemum VSK af ÖLLUM skóm

**Yfir 400 tegundir af skóm!**

**TAX FREE DAGAR**

**herraskór** dömuskór **spariskór** lakkskór strigaskór **sportskór** barnaskór **strákaskór** **mokkasínur** stelpnaskór **reimaðir skór** kanvas skór **stígvél** leður skór **gúmmístígvél** kuldaskó **inniskór** ökklaskór **hælaskór** ballerínuskór bandaskór **ökklastígvél** herraskór **dömuskór** **mokkasínur** strigaskór **sportskór** barnaskór strákaskór **stelpnaskór** reimaðir skór **kanvas** skór **stígvél** leður skór **gúmmístígvél** kuldaskó



Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 22. nóvember 2009.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár



**NEYÐARKALL Í PARÍS** Tvö hundruð skólabörn í París stilltu sér í gær upp til að mynda neyðarmerkið SOS skammt frá Eiffelturninum til að minna á Barnasáttmálann, sem tók gildi fyrir tuttugu árum.

NORDICPHOTOS/AFP



**BÓLUSETNING Í AFGANISTAN** Nú í vikunni stóð yfir átak í Afganistan til að bólusetja börn gegn mænusótt. Þessi drengur í höfuðborginni Kabúl tók auðmjúkur á móti dropa frá heilbrigðisstarfsmanni.



**SKÓLASTUND Í PAKISTAN** Í flóttamannabúðum í Pakistan settust börnin saman í hóp til að hlýða á kennarann.



**HEYRIR EINHVER?** Í sumar efndi Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna til leiðtogafundar ungmenna meðan G8-fundur stóð yfir í Róm.

# Réttindi barna í hávegum höfð

**Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er tvítugur í dag. Bandaríkin og Sómalía eru einu aðildarríki Sameinuðu þjóðanna sem ekki hafa fullgilt hann.**



**SKÓLABÖRN Í BANGLADESS** Aðstaðan sem þessir krakkar hafa til að vinna heimavinnuna sína er ekki beysin.

Barnasáttmálinn, eins og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er nefndur í daglegu tali, var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989.

Fyrir Íslands hönd var hann undirritaður árið 1990 og síðan fullgiltur í nóvember 1992. Nú hefur verið ákveðið að lögfesta sáttmálann á Íslandi.

Barnasáttmálinn er eini alþjóðlegi samningurinn sem á sérstaklega við um börn. Hann felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáraðilum.

Í samningnum er að finna lista yfir almenn réttindi barna, svo sem réttinn til menntunar, heilsugæslu og vernd fyrir misnotkun og vanrækslu.

Þau ríki sem hafa fullgilt samninginn hafa jafnframt skuldbundið sig til þess að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja börnum þessi réttindi.

Í nýrri ársskýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, kemur fram að margt hefur áunnist á þessum tuttugu árum sem liðin eru síðan samningurinn tók gildi.

Jafnt og þétt hefur til dæmis dregið úr tíðni barnadauða. Þannig létust árið 1990 12,5 milljónir barna áður en þau náðu fimm ára aldri, en árið 2008 var fjöldi þeirra sem létust yngri en fimm ára kominn niður í 8,8 milljónir, þrátt fyrir töluverða fjölgun mannkyns.

Um 84 prósent barna á grunnskólaaldri í heiminum stunda nám og bilið milli kynjanna í grunnskólaástundun minnkar stöðugt.

Giftingaraldur barna hækkar í sumum löndum og færri stúlkur þurfa að þola afskurð á kynfærum.

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
AFMÆLISVEISLA Í DAG!
FRÍR HUMAR*
*1KG súpuhumar fylgir með ef keypt er stór askja af XL humri
TILBOÐIÐ GILDIR Í DAG
Vínráðgjöf verður í dag frá 14-18
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

118 ja.is Símaskráin

# ÍSLAND Í JÁKVÆÐU LJÓSI

## Samkeppni um forsíðu Símaskrárinnar 2010

**1. verðlaun: 700.000 kr.**
**2. verðlaun: 200.000 kr.**
**3. verðlaun: 100.000 kr.**

Skilafrestur er til kl. 16:00 **1. desember**

Sjá nánar á **www.ja.is**

já -er svarið

ÍSLENSKA SIA.IS JAA 448153 11/2009

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Enn skal efla miðbæinn í Reykjavík.

## Sígilt viðfangsefni

**BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON SKRIFAR**

Þau eru fleiri en tölu verður á komið skiptin sem borgaryfirvöld og hagsmunaaðilar hafa blásið í herlúðra og sagst ætla að efla miðbæinn í Reykjavík. Þessi bæjarhluti virðist aldrei nokkurn tíma búa að nægu afli, alltaf þarf að efla hann meira og meira. Eða efla hann upp á nýtt.

Síðast gerðist þetta nú í vikunni þegar borgarstjórinn og formaður nýstofnaðs félags sem heitir Miðborgin okkar skrifuðu undir samning þar um. Þetta nýja félag hefur þann göfuga tilgang að efla verslun, þjónustu og menningu á svæðinu.

Þetta er auðvitað gott og blessað. Öflugur miðbær með blómstrandi verslun, þjónustu, menningu og mannlífi er prýði hverrar borgar.

Sumir myndu reyndar lýsa miðbænum í Reykjavík einmitt með þessum orðum, að þar blómstraði verslun, þjónusta, menning og mannlíf. En við þá upptalningu má svosem bæta ýmsu miður geðslegu sem fylgir miðbæjarlífi. Sumt af því kemur og fer en annað hefur skotið rótum.

Í gegnum árin hefur margt verið gert, stórt og smátt, til að efla miðbæinn. Spottar á Laugaveginum voru yfirbyggðir, bekkjum var fjölgað, gangstéttir breikkaðar, afgreiðslutími lengdur, hótelum fjölgað, byggt var í Skuggahverfinu, nærstræti lagfærð, bílastæðum fjölgað og umferðarkerfinu breytt. Þetta og margt fleira hefur verið gert í framhaldi af umræðum um að efla þurfi miðbæinn. Hafa þær umræður farið fram á vettvangi miðborgarsamtaka, miðborgarfélaga, miðborgarnefnda, miðborgarráða, miðborgarstjórna eða miðborgarstjóra. Í öllu falli miðborgareitthvað.

Eins og ofangreint sýnir er efling miðbæjarins sígilt viðfangsefni. Jafnvel má segja að það sé eftirsóknarvert viðfangsefni. Svo eftirsóknarvert að þar sem það hefur ekki verið til staðar hefur það verið búið til.

Á Akureyri voru umræður um miðbæinn lengi vel heldur fábrotnar. Þær snerust um hvort aka mætti um Hafnarstrætið og hvort gras eða steypa ætti að vera á Ráðhústorginu. Til að lyfta umræðunni á hærra plan var reist verslunarmiðstöð norður við Glerá. Þannig sköpu Akureyringar sér alvöru miðbæjarvanda og glíma nú við að efla miðbæinn sinn.

Hafa þarf hugfast að miðbæjarefling snýst bara um að fá fleira fólk til að erindast í miðbænum og eyða þar fleiri krónum.

Líklega er það svo að á meðan fólki gefst færi á að spóka sig og ramba á milli verslana og veitingahúsa í stofuhita sækir það í verslunarmiðstöðvar þegar kalt er í veðri. Af því leiðir að talað verður um að efla þurfi miðbæi úti við sextugustu og sjöttu breiddargráðu þar til veðurfarið í landinu verður á við það sem ríkir við Miðjarðarhafið. Þegar það gerist taka svo við ný vandamál.

Eitt er það þó sem Miðborgin okkar gæti beitt sér fyrir til að gæða svæðið blómlegra lífi. Það er að fá Héraðsdóm Reykjavíkur, með sínu miður blómlega lífi, fluttan af Lækjartorgi og í einhverja skrifstofugötuna í austurborginni. Í staðinn mætti koma fyrir starfsemi í húsinu stóra sem borgararnir þurfa að sækja. Samt ekki banka.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

Er tímareimin komin á tíma?

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:

Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 50.805 kr.

Toyota Land Cruiser 90 3,0TD Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 40.780 kr.

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.870 kr.

VW Golf 1,6AEE bensín Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.774 kr.

Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.

Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00
www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 515 7170 og pantaðu tíma.




VÉLALAND

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Göfuglyndið

Yngvi Örn Kristinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Verðbréfasviðs Landsbankans, sendi frá sér yfirlýsingu vegna 230 milljóna kröfu sinnar í þrotabú Landsbankans. Við lestur hennar kemur í ljós að Yngvi er göfugur maður. Hann vill ekki að krafa sín gangi til Breta og Hollendinga og ætlar því að krefjast þeirra fyrir sjálfan sig – og gefa þá reyndar. Það verður því almennings að greiða kröfur Breta og Hollendinga í Landsbankann. Væru fleiri jafn göfuglyndir væri þjóðin virkilega í vanda stödd.



### Orðskrípaskattur?

Varla hefur það farið framhjá neinum að ríkisstjórnin kynnti skattatillögur sínar á miðvikudaginn. Þar kennir ýmissa grasa, enda vantar mikla fjármuni í ríkiskassann. Innan um tillögur um þrepaskatt, hækkun tryggingagjalds, útgreiðslu séreignarsparnaðar og orkuskatta mátti sjá nýyrðið auðlegðarskatt. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að hér er einfaldlega á ferð eignaskattur. Það þykir víst hljóma betur að nefna hann þessu orðskrípi; þó allir sjái í gegnum það.

### Afsakið meðan ég …

Stjórn Knattspyrnusambands Íslands fundaði í gær um málefni fjármálastjóra sambandsins, en sá fór á strípistað í erlendri borg með greiðslukort sambandsins. Fundarins var beðið með nokkurri eftirvæntingu, menntamálaráðherra hafði til að mynda krafist skýringa. Skemmst er frá því að segja að stjórnin var stöðug í stefnu sinni og mun ekkert aðhafast. Málið er vissulega allt harmað – en þó er ekki að skilja annað á yfirlýsingunni en að aðallega sé það harmað að málið hafi komist í fjölmiðla. Enda vildu félagarnir í yfirstjórn sambandsins halda málinu leyndu í upphafi. En afsökunarbeiðni fáum við. Hvað söng Megas aftur, afsakið meðan ég æli?

**kolbeinn@frettabladid.is**

# Skrattamálarafélagið



**PAWEL BARTOSZEK**

**Í DAG** | Heimssýn

Þrátt fyrir nafnið er heimssýn einmitt eitt af því sem fólk í samnefndum samtökum deilir ekki. Innan raða fylkingarinnar hafa jaðar- og sérhagsmunahópar íslenskra stjórnmála sameinast, frjálshyggjumenn sem trúa á lágmarksríkið, þjóðernissinnar, gamlir Natóandstæðingar, bændur og útvegsmenn. Þarna eru því sósíalistar sem hata Evrópusambandið fyrir hve kapítalískt það er og kapítalistar sem nýta hvert tækifæri til að líkja því við Sovétríkin; einstaka fólk sem vill fella niður tolla á landbúnaðarvörur og óttaslegnir framleiðendur þeirra. Fólk sem vill þjóðnýta kvótann og fólk sem á hann.

Sameiginleg heimssýn þeirra allra er sannkölluð and-heimssýn: heimssýn um Evrópusamband án Íslands.

Þetta er auðvitað hvorki sérstaklega óeðlilegt né gagnrýnivert. Ekki voru allir flugvallarandstæðingar sammála um af hverju flugvöllurinn ætti að fara og þá hvert. Nei-hópar eru í eðli sínu sundurleitar samkundur því mannskepnan er íhaldssöm og flestum dugar ein ástæða til að vera á móti breytingum en þurfa margar ástæður, helst góðar, til að verða þeim fylgjandi.

Menn leitast því við að finna þessar ástæður og hamra á þeim: Mála skrattann á vegginn. Tökum til dæmis fyrir svokallað matvælaöryggi, sem heyrst hefur æ oftar í umræðunni. Telja menn virkilega að með aðild að Evrópusambandinu aukist líkur á hungursneyð? Auðvitað er það fráleitt. Matvælaöryggi er nefnilega bara annað orð yfir tolla og höft á innfluttan mat. Hvernig getur það annars verið að helsta ógnin við matvælaöryggið sé maturinn sjálfur?

Matar- og hráefnisþörf Íslendinga verður nefnilega ekki mætt nema að millilandamarkaðir með þessar vörur séu opnir og frjálsir. Hvernig eigum við annars að rækta matvöru án áburðar, eldsneytis, dráttarvéla eða varahluta í þær?

**Það sem breytist**

Miðað við reynslu annarra þjóða mun eftir allt saman ekki svo margt breytast í lífi hins venjulega manns þegar Ísland gengur í Evrópusambandið. Það fáa sem það gerir mun hins vegar nær undantekningarlaust verða til hins betra. Í fyrsta lagi munu íslenskir tollverðir hætta að gramsa í farangri flugfarþega, telja vínflöskurnar og spyrjast fyrir um hvort fartölvan sé keypt á Íslandi eða ekki. Þá munu allir tollar og innflutningsbönn frá einum stærsta markaði heims falla niður og hægt verður loksins að kaupa erlendar kjöt- og mjólkurvörur í íslenskum matvöruverslunum. Val neytenda mun aukast og verð á þessum matvörum mun lækka. Reynslan erlendis sýnir þó að innlend framleiðsla nýtur alltaf ákveðins forskots, menn eru almennt tilbúnir að borga meira fyrir vöru sem þeir þekkja og treysta.

Einhvern tímann á næsta áratug eftir inngöngu mun Ísland svo taka upp evruna og þá mun hinu viðburðaríka ævintýri Íslands með smáa og viðkvæma mynt loksins ljúka. Minni gengisáhætta og lægri vextir, svo við minnumst nú ekki einu sinni á afnám hinna ömurlegu gjaldeyrishafta, yrðu Íslandi og Íslendingum mjög til hagsbóta.

**„Við getum gert þetta sjálf“**

Áhyggjur af því að útlendingar „ásælist íslenskar auðlindir“, ótti við erlenda matvöru, andstaða við frjálst flæði verkafólks, andstaða við Schengen, torskiljanleg ódrepandi trú á íslensku krónuna og almenn tortryggni í garð erlendra „yfirráða“ kristallast í hinni barnalegu en jafnframt stundum fallegu setningu: „Við getum gert þetta sjálf.“

Í sjálfu sér deili ég ekki á það að við Íslendingar getum gert heilmargt sjálfir. Við getum vissulega rekið okkar eigin gjaldmiðil, við getum framleitt okkar eigin matvörur, við gætum sagt upp EES-samningnum og samið okkar eigin lög um allt sem hann tekur á. Við gætum jafnvel stofnað eigin her. En þó svo að við getum gert ýmislegt þýðir það ekki endilega að við ættum að gera það. Sú hugmynd um að Ísland sjái sjálft um eigin varnir er til dæmis ekki raunsæ og tilraunin með rekstur eigin gjaldmiðils hefur ekki gengið sérlega vel.

Almennt séð verður ekki séð að sú hugmyndafræði að við getum „gert þetta sjálf“ sé alltaf sérstaklega raunsæ eða árangursrík. Og svo má deila um hvort hún sé sérlega falleg heldur.

# Árangur Barnasáttmála SÞ

**UMRÆÐAN**

Lára Hilmarsdóttir skrifar um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna



**LÁRA HILMARSDÓTTIR**

Öll börn eiga rétt. Þess vegna varð Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna (SÞ) til. En hvernig hefur þessi sáttmáli breytt heiminum fyrir börn síðan hann varð til 1989?

Barnasáttmálinn markaði tímamót í hugmyndum manna um réttindi barna. Með tilkomu hans hefur skapast eining milli þjóða heims um hvernig er best að skapa heim sem hæfir börnum. Þótt réttindi barna séu ekki nýtt fyrirbæri breytti sáttmálinn viðhorfi manna víða um heim. Samkvæmt sáttmálanum eru börn hvorki eign foreldra sinna né yfirvalda heldur einstaklingar sem eiga rétt á virðingu, heilsu, vernd og menntun, meðal annars. Hann sýndi fram á það hversu brýn nauðsyn það er að bera hag og réttindi barna alltaf fyrir brjósti.

Tímamótin og viðhorfsbreytingin sem sáttmálinn markaði hafa gert hann sérstaklega mikilvægan, gert hann að leiðarljósi yfirvalda, foreldra, stofnana, samtaka og allra annarra sem koma að málefnum barna á einhvern hátt, eins og segir til um í 3. grein: „[]það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang.“ Barnasáttmálinn hefur orðið að verkfæri samfélagsins og rutt veginn fyrir réttindamiðaða nálgun á börn.

Fleiri börn hljóta nú meðferð við HIV-veirunni en nokkurn tímann fyrr, bólusetningar hafa fækkað dauðsföllum vegna mislinga um 74%, börnum sem ekki hljóta grunnskólamenntun hefur fækkað um 14 milljónir frá 2002 til 2007 og fleiri tölur mætti nefna sem endurspegla árangur Barnasáttmálans – árangur sem hefur greinilega haft víðtæk áhrif á börn um allan heim.

Á hverjum degi er þó enn brotið á réttindum barna víða um heim. Það er mikil áskorun sem heimurinn og við öll stöndum frammi fyrir. En árangur Barnasáttmálans er vegurinn framávið, sem liggur í að fræða börn jafnt sem fullorðna um þennan merkilega mannréttindasáttmála og breiða hann út sem verkfæri samfélaga til þess að skapa heim hæfan börnum. Aðeins þannig verður mátturinn sem býr í Barnasáttmálanum að veruleika fyrir öll börn.

*Höfundur skrifar fyrir hönd ungmennaráðs UNICEF.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Frystar nýjungar frá Alí

Ali hefur verið í fararbroddi  framleiðslu matvara síðan 1944.
Við erum enn að auka fjölbreytnina og nú eru það frosnar matvörur, fulleldaðar eða tilbúnar til eldunar
sem gott er að eiga í frystinum og sækja þegar manni hentar .
**Prófaðu núna: snitsel með osti og skinkubitum - kjötbollur - kjúklingasnitsel - eða 10 alvöru borgara.**










## 10 stk
## alvöru borgarar




Síld og fiskur ehf - Sími 555 4488

TAKTIK / 3117

# Verðum við menntaðri eftir kreppuna?

**UMRÆÐAN**
Katrín Jakobsdóttir skrifar um menntamál


KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Ánægjulegt var að fá að taka þátt í upphafi þjóðfundarins í Laugardalshöll og enn ánægjulegra var að sjá þá miklu áherslu sem fundurinn lagði á menntun sem eina af mikilvægustu leiðunum út úr þeim þrengingum sem við erum nú í. Menntun er grundvallaratriði í uppbyggingu þjóðarinnar, bæði inn á við og út á við.

### Samspil menntakerfis og félagslegs kerfis

Á síðustu árum hefur mikil áhersla verið lögð á að efla háskólakerfið. Fleiri Íslendingar ljúka nú háskólanámi en áður og allt háskólastigið hefur stækkað mjög að umfangi, jafnvel svo að sumum þykir nóg um. Á sama tíma hefur framhaldsskólastigið fallið í skuggann, bæði hvað varðar inntak menntunar og fjármögnun. Meðal annars þess vegna var farið fram á minni hagræðingu hjá framhaldsskólum en í háskólum.

*Vegna þessa mikla brottfalls hefur á síðustu árum myndast menntunargjá hjá þjóðinni: þeim fjölgar sem eru með háskólapróf en um þriðjungur fólks á vinnumarkaði er einungis með próf úr grunnskóla.*

Á tímum mikils atvinnuleysis er mikilvægt að huga að samspili menntakerfisins og hins félagslega kerfis. Í góðu samstarfi við félagsmálaráðherra var í haust stigið mikilvægt skref til að hvetja fólk til að sækja sér menntun. Þegar ný ríkisstjórn Vinstri hreyfingarinnar-græns framboðs og Samfylkingar tók við í byrjun febrúar var eitt af viðfangsefnum hennar sá mikli munur sem var á grunnframfærslu Lánasjóðs íslenskra námsmanna og atvinnuleysisbótum en þá var grunnframfærslan 100 þúsund krónur en atvinnuleysisbætur eftir skatta um 135-140 þúsund.

### Mikilvægt skref

Eftir fyrstu yfirferð mennta- og félagsmálaráðuneytis var niðurstaðan að torvelt væri að færa fjármuni á milli þessara kerfa, menntakerfisins og hins félagslega, en eftir kosningar í vor óskaði ég eftir því við félagsmálaráðherra að setja þessa vinnu af stað að nýju. Í sumar sátu fulltrúar okkar með fulltrúum LÍN og Vinnumálastofnunar og fundu leiðir til að hækka grunnframfærslu námslána um 20% og greiða það með sparnaði annars staðar í kerfinu. Tel ég það skref gríðarlega mikilvægt til að stuðla að auknu jafnrétti til náms og einnig til að hækka menntunarstig þjóðarinnar.

Í haust settum við félagsmálaráðherra síðan af stað vinnu til að kanna frekara samspil atvinnuleysistryggingakerfisins og menntakerfisins. Hefur sú vinna gengið vel og er von á skýrslu innan tíðar.

Eitt af því sem vakið hefur áhyggjur mínar er hið mikla brottfall sem er í framhaldsskólum. Um það bil 95% þeirra sem sem útskrifast úr grunnskóla halda áfram í framhaldsskóla. Fyrir 25 ára aldur brautskrást hins vegar aðeins 60% af þeim sem hefja nám í framhaldsskóla. Brottfallið á þessum aldri er því 40%. Þetta eru háar tölur og alvarlegar og brýnt að leita leiða til að koma í veg fyrir svo mikið brottfall.

### Menntunargjá

Stór hluti þeirra sem útskrifast úr framhaldsskóla hefur nám í háskóla. Vegna þessa mikla brottfalls hefur á síðustu árum myndast menntunargjá hjá þjóðinni: þeim fjölgar sem eru með háskólapróf en um þriðjungur fólks á vinnumarkaði er einungis með próf úr grunnskóla. Í mennta- og menningarmálaráðuneytinu vinnum við nú að því að leita leiða til að minnka brottfall og vinnum að nýjum námskrám sem auka fjölbreytni framhaldsskólans. Sú vinna og það starf sem unnið er í samstarfi við félags- og tryggingamálaráðuneytið mun vonandi stuðla að því að við komum út úr kreppunni menntaðri þjóð en sú sem fór inn í kreppuna.

*Höfundur er menntamálaráðherra.*


ENNEMM / SÍA / NM39885

Takk fyrir góða þátttöku!

Landsbankinn vill þakka öllum þeim sem mættu á röð fjármálanámskeiða í útibúum bankans á fimmtudagskvöldum í október og nóvember. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin.

Vegna mikils áhuga og góðrar þátttöku verða fleiri námskeið haldin víða um land eftir áramót og verður dagskrá þeirra auglýst á **landsbankinn.is** þegar nær dregur.




FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280


# Ómálefnalegri gagnrýni mótmælt

**UMRÆÐAN**
Björn Ingi Sveinsson, Haukur Guðjónsson, Jón Sigurðsson, Katrín Pétursdóttir, Pétur Guðmundarson, Skarphéðinn Berg Steinarsson og Þorsteinn M. Jónsson í Glitni skrifa um nýfallinn dóm

Í lok október sl. féll dómur í Hæstarétti Íslands í máli Vilhjálms Bjarnasonar gegn greinarhöfundum, fyrrverandi stjórnarmönnum Glitnis, vegna kaupa Glitnis á hlutafé fráfarandi bankastjóra Glitnis við starfslok hans í apríl 2007. Hæstiréttur sýknaði greinarhöfunda og sneri þar með við dómi héraðsdóms frá því í janúar á þessu ári.

Allt frá því að Hæstiréttur kvað upp dóm sinn hafa hinir ýmsu aðilar gagnrýnt umræddan dóm og býsnast yfir niðurstöðu Hæstaréttar. Þessir aðilar eiga það þó allir sammerkt að vera ekki lögfræðimenntaðir. Tveir hæstaréttarlögmenn, Brynjar Níelsson og Jón Magnússon, hafa tjáð sig og telja dóm Hæstaréttar réttan. Það sama hefur Jóhannes Rúnar Jóhannesson, hrl. og aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík, látið hafa eftir sér á fundi sem haldinn var í Háskólanum í Reykjavík hinn 4. nóvember sl. en þar lýsti hann því yfir að Hæstiréttur hefði staðist prófið.

Fremstur í flokki gagnrýnenda á dóm Hæstaréttar hefur farið sjálfur stefnandinn, Vilhjálmur Bjarnason, sem telur Hæstarétt Íslands „senda skelfileg skilaboð“ til samfélagsins um að „allt sé heimilt“. Hvorki Vilhjálmur né aðrir sem tekið hafa undir málflutning hans hafa fært rök fyrir því hvernig Hæstiréttur átti að geta litið framhjá kjarna málsins, nefnilega að stjórn Glitnis hafði lögmæta heimild hluthafafundar til að kaupa eigin bréf á allt að 10% hærra verði en markaðsgengi og að umrædd viðskipti voru innan þeirra marka.

Hæstiréttur og dómar hans eru ekki yfir gagnrýni hafnir. Slíka gagnrýni hlýtur þó að þurfa að byggja á málefnalegum röksemdum og virðingu fyrir landsins lögum en ekki tilfinningum eða óskhyggju.

Enn sem komið er hefur enginn sett fram efnislega og lögfræðilega greiningu á niðurstöðu Hæstaréttar og velt vöngum yfir því af hverju slíkur munur er á niðurstöðu hans og niðurstöðu héraðsdóms. Það verður væntanlega gert síðar, enda ýmislegt við umræddan dóm héraðsdóms að athuga.

Vegna umfjöllunar um dóm Hæstaréttar vilja greinarhöfundar árétta og útskýra þrjú atriði sem haldið hefur verið fram undanfarnar vikur og hafa að mati greinarhöfunda verið byggð á misskilningi viðkomandi aðila.

Fyrir það fyrsta hefur því verið haldið fram að fráleitt sé að íslensk lög hafi að geyma reglu er veiti stjórn heimild til að „mismuna hluthöfum“ eins og það hefur verið orðað. Hafa ýmsir farið fram á lagabreytingu vegna þessa og enn aðrir tekið svo sterkt til orða að framvegis verði ekki hægt að kaupa hlutabréf í hlutafélögum skráðum í kauphöll. Hvað þetta varðar telja greinarhöfundar rétt að benda á að umrætt ákvæði hlutafélagalaga, það er 55. grein laganna sem heimilar stjórn kaup á eigin hlutum félags liggi fyrir heimild hluthafafundar til þess, kemur inn í lög með innleiðingu 2. félagaréttartilskipunar Evrópusambandsins. Um er að ræða ákvæði sem er í félagaréttarlöggjöf flestra ef ekki allra ríkja Evrópusambandsins. Þarna er því ekki um heimatilbúið lagaákvæði að ræða heldur heimild sem er til staðar í flestum öðrum vestrænum ríkjum. Eiga rök fyrrgreindra aðila því væntanlega einnig við um fjárfestingar í hlutafélögum í kauphöll annarra vestrænna ríkja. Slíkt stenst auðvitað ekki.

Rétt er að árétta að á þeim tíma sem hlutabréfin voru keypt mótmælti enginn hluthafi í Glitni viðskiptunum, þar með talinn Vilhjálmur Bjarnason. Voru þó næg tækifæri til þess, enda kaupin tilkynnt til kauphallar eins og lög gera ráð fyrir og því á allra vitorði. Greinarhöfundar vísa ásökunum um mismunun hluthafa á bug; þvert á móti voru kaupin gerð með hagsmuni hluthafa að leiðarljósi.

Í annan stað hefur því verið haldið fram að túlkun Hæstaréttar um hámarks- og lágmarksverð hluta sem hluthafafundur heimilar stjórn að kaupa sé „loðin og teygjanleg“ og að Hæstiréttur hafi með dómnum skapað „gúmmíkenningu“ um verðmæti hlutabréfa. Að mati greinarhöfunda stenst þessi skoðun ekki og verðskuldar sjálf að vera kennd við gúmmí. Fræðimenn á öllum Norðurlöndunum, auk fjölda annarra landa m.a. Þýskalands, hafa sýnt fram á að heimilt og viðurkennt sé að ákveða verð hlutafjár, sem stjórn er gefin heimild til að kaupa, með vísan til vikmarka (prósentustigs) frá skráðu gengi í kauphöll á hverjum tíma. Með því séu ákvæði fyrrgreindrar félagaréttartilskipunar og löggjöf viðkomandi landa uppfyllt. Niðurstaða Hæstaréttar var því í fullu samræmi við þá lögskýringu sem ýmsar þjóðir sem við berum okkur saman við hafa beitt.

Í þriðja lagi hefur því verið haldið fram að lokamálsgrein dómsins sé einhvers konar vísbending eða herhvöt til skilanefndar Gamla Glitnis um að hefja nú þegar málaferli á hendur greinarhöfundum vegna brota gagnvart félaginu. Greinarhöfundar telja þetta fráleitt. Hæstiréttur hefur komist að því að umrædd kaup brutu ekki gegn jafnræðisreglu hlutafélagalaga, með vísan til 76. greinar laganna, gagnvart hluthöfum. Þar sem umrædd kaup voru ekki ólögmæt, auk þess sem bankinn varð ekki fyrir tjóni, er afar langsótt að ímynda sér að bankinn geti átt skaðabótakröfu á hendur greinarhöfundum. Við teljum að með lokamálsgrein dómsins sé Hæstiréttur, líkt og hann hefur gert í fjölda annarra mála, einungis að upplýsa um afstöðu réttarins til þess hvaða mál hluthafar geta í framtíðinni höfðað á hendur stjórnendum og hvaða mál félagið sjálft þurfi að höfða. Telja greinarhöfundar ekki vanþörf á slíkri leiðbeiningarreglu að teknu tilliti til fréttaflutnings undanfarinna vikna og mánaða.

Niðurstaða Hæstaréttar var í fullu samræmi við lög og túlkun lagaákvæða, bæði hér á landi og erlendis. Ómálefnalegar fullyrðingar og gífuryrði breyta engu þar um og eru til þess eins að draga úr tiltrú almennings á dómstólum landsins, nokkuð sem varhugavert er að gera á svo órökstuddan hátt í því ástandi er við búum við í dag.

*Höfundar eru fyrrverandi stjórnarmenn í Glitni banka hf.*

# Vinsælustu
## heimilistækin á frábæru verði

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum



**Inventum kaffivél** HK5W
- 1600 wött
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Vatnstankur 1.3l
- Auðvelt að þrífa

**12.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



**Inventum kaffivél**
HK2B
- 800 wött
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Auðvelt að þrífa

**9.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

SEVERIN



**Severinn vöfflujárn** WA2103
- Vöflujárn
- Þolir mikinn hita
- Ryðfrítt stál
- 1200w
- Non-stick klæðning
- Ljós fyrir bökunartíma

**5.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

TONI&GUY



**Toni & Guy sléttujárn** TG086E
- 25mm Tourmaline plötur
- Tilbúið til notkunar á nokkrum sekúndum
- Mismunandi hitastillingar

**6.490kr** FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS



**Philips handþeytari** HR1453
- 175w
- 3 hraðastillingar + Turbo

**6.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

Ariete



**Ariete heilsugrill** DC191100AR0
- 1000w heilsugrill
- Hitastillir
- ljós lýsir þegar grillið er orðið heitt
- Efri hlutinn aðlagast í hæðina
- Non-Stick - Auðvelt í þrifum

**9.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

Melissa



**Melissa hárblásari** 635100
- Hárblásari 2200w
- 2 hraða- og 3 hitastillingar
- Cool shot (kaldur blástur)
- Með Ionization: hindrar rafmagnað hár og þurrkar hraðar hárið
- Ofhitavörn
- 2 fylgihlutir air concentrator og diffuser

**3.490kr** FRÁBÆRT VERÐ

OLYMPUS



**Olympus myndavél**
FE26SV
- 12 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- 2,7" LCD skjár
- Face Detection - þekkir andlit
- Autofocus, Contrast Detection og White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Fjórar myndstærðir
- 13 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- Tekur xD kort
- 19MB innra minni, USB snúra og AA rafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir

**19.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

TOSHIBA



**Toshiba DVD spilari** SD291
- DivX DVD spilari
- Styður DVD+-R/+-RW CD/CD-R/RW VCD/SVCD
- USB tengi, les beint af USB
- Les DivX, XviD, MPEG1-3, JPEG
- Dolby Digital, DTS
- Tengi: Scart, Digital Coaxial, Composite, RCA
- PAL & NTSC stuðningur

**12.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 26. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# Skuldastaða Orkuveitu Reykjavíkur

**UMRÆÐAN**
Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um skuldir OR

Samkvæmt sex mánaða uppgjöri Orkuveitu Reykjavíkur 2009 skuldar fyrirtækið 227 milljarða króna. Því er rétt að spyrja hvenær urðu þessar skuldir til og hver ber ábyrgð á þeim? Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2005 voru skuldir OR um 40 milljarðar en það er síðasta heila árið sem R-listinn stjórnaði fyrirtækinu. Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn tóku við stjórn fyrirtækisins eftir kosningar 2006. Séu skuldir fyrirtækisins í lok árs 2005 uppreiknaðar miðað við verðlag í júlí 2009 samsvara þær 55,1 milljarði. Þannig hafa skuldir fyrirtækisins á föstu verðlagi rúmlega fjórfaldast á fjórum árum, sjá línurit 1. Hrun krónunnar hefur vissulega átt þátt í skuldaaukningunni þó það skýri alls ekki 412% hækkun skulda á föstu verðlagi.

### Virkjunarhraði

Frá því fyrsta viljayfirlýsingin um álver í Helguvík var undirrituð hafa fulltrúar Samfylkingar í stjórn OR haft áhyggjur af virkjunarhraðanum og áhrifum skuldsetningar á fjárhag OR. Fyrsta viljayfirlýsingin var samþykkt árið 2006 í stjórnarformannstíð Alfreðs Þorsteinssonar, ég hafði þá strax verulegar efasemdir um áhrif framkvæmdanna á fjárhag OR og greiddi því ekki atkvæði með viljayfirlýsingunni, sem studd var af fulltrúum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Í bókun minni við atkvæðagreiðsluna segir m.a. „óskað er eftir að upplýsingum um áhrif hugsanlegra virkjanaframkvæmda á efnahag OR, sérstaklega eiginfjárhlutfall fyrirtækisins til lengri tíma og á meðan á framkvæmdum stendur. Þessi áhrif verði skoðuð í samhengi við önnur fjárfestingaáform fyrirtækisins svo sem lagningu ljósleiðara. Hvar liggja þolmörk fyrirtækisins í fjárfestingu?“ Þó lítið hafi verið gefið fyrir þessi varnaðarorð á sínum tíma og fullyrt að afstaðan byggðist á misskilningi sjá menn í dag að betra hefði verið að staldra við. En eins og línurit 2 sýnir hefur eiginfjárhlutfall fallið úr 54,9% í árslok 2005 í 14,1% um mitt ár 2009, þrátt fyrir verulegt endurmat eigna.


SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

**Heildarskuldir samkvæmt ársreikningi 1999-2009** á verðlagi júlí 2009




### Ábyrgðir borgarinnar

Á kjörtímabilinu hafa fulltrúar Samfylkingar í stjórn OR reynt ýmislegt til að forða fyrirtækinu frá þeirri stöðu sem það stendur frammi fyrir í dag. T.d. lagði Dagur B Eggertsson 1. júní 2007 fram svohljóðandi tillögu í stjórn OR: „Kannaðir verði kostir mismunandi leiða við að virkjanir OR vegna samninga um sölu á orku til stóriðju verði sjálfstæðar einingar, standi undir öllum kostnaði þeim tengdum, verði fjármagnaðar með verkefnafjármögnun en án ábyrgðar eigenda.“ Tillögunni var frestað og hún er enn í frestun. Ef tillagan hefði verið samþykkt og farið í þessa uppskiptingu á þeim tíma væri staða borgarinnar allt önnur í dag, þá stæði borgin ekki í ábyrgðum fyrir 227 milljarða skuldum eins og hún gerir í dag. Þegar tillagan var lögð fram árið 2007 var hún framkvæmanleg, en hún er það varla í dag, þar sem lánveitendur halda dauðahaldi í allar ábyrgðir enda búið að keyra lánshæfismat OR í ruslflokk.

### Pólitísk afglöp

Þó mikill þungi í virkjunarframkvæmdum og hrun krónunnar eigi stærstan þátt í alvarlegri skuldastöðu OR bætast við pólitískar gloríur núverandi meirihluta. Bara á þessu ári hefur þeim tekist að glutra fleiri milljörðum út úr rekstri fyrirtækisins, verktökum voru afhentar 800 milljónir umfram samninga. Orkuveitan tapaði minnst 5 milljörðum á viðskiptum með bréf í HS-Orku þegar skúffufyrirtækinu Magma Energy var „seldur“ hluturinn ef hægt er að tala um að hlutur hafi verið seldur, þegar 70% eru lánuð með kúluláni til sjö ára á 1% vöxtum. Þessum gjörningi mótmæltum við harðlega.

Eftir að meirihlutinn gekk að þessu tilboði lagði ég til í stjórn OR að kúlulánið, sem er í formi skuldabréfs, yrði selt til að minnka þörf fyrirtækisins fyrir frekari skuldsetningu. En nafnverð skuldabréfsins samsvaraði rúmum 8,4 milljörðum króna við undirritun. Sú tillaga er eins og fleiri tillögur minnihlutans í frestun. Hinsvegar samþykkti meirihlutinn í borgarstjórn sl. þriðjudag 10 milljarða innlenda lántöku með 4,65% verðtryggðum vöxtum til að greiða upp yfirdráttarlán og önnur skammtímalán.

Til að kóróna svo stjórnviskuna krefur borgarstjórinn í Reykjavík fyrirtækið, sem berst í bökkum, um 2 milljarða í arðgreiðslur, sem er þreföldun miðað við arðgreiðslur fyrirtækisins á síðasta ári. Það er ljóst að OR mun ekki mæta því með öðrum hætti en lántökum sem síðan munu, eins og önnur afglöp meirihlutans, skila sér í hækkuðu orkuverði til almennings. Þeim óþægindum verður þó án efa frestað fram yfir sveitarstjórnarkosningar eins og öðrum erfiðum ákvörðunum.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*


Íslandsbanki

Steypustöðin ehf.
Opið söluferli

STEYPUSTÖÐIN

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur verið falið að annast ráðgjöf og formlegt ferli sem lýtur að mögulegri sölu á Steypustöðinni ehf., sem er í dag að fullu í eigu dótturfélags Íslandsbanka hf.

Um félagið

Steypustöðin ehf. á rætur að rekja til ársins 1947 og hefur frá þeim tíma haft aðkomu að mörgum stærstu mannvirkjum landsins. Félagið framleiðir steinsteypu í mannvirki af öllum stærðum og gerðum, hellur og ýmsar smærri framleiðsluvörur ásamt því að flytja inn og selja múrvörur. Starfstöðvar Steypustöðvarinnar eru við Malarhöfða í Reykjavík, í Hafnarfirði og á Selfossi.

Söluferlið

Söluferlið verður opið öllum áhugasömum fjárfestum sem uppfylla skilyrði til þess að geta talist fagfjárfestar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, einstaklingum sem hafa verulegan fjárhagslegan styrk og viðeigandi þekkingu, auk fyrirtækja sem höfðu eiginfjárstöðu sem var hærri en sem nemur 300 m.kr. í árslok 2008. Seljandi áskilur sér þó rétt til þess að takmarka aðgang að söluferlinu í þeim tilvikum þegar fyrir hendi eru lagalegar takmarkanir á því að fjárfestir eignist ráðandi hlut í félaginu, svo sem vegna samkeppnisreglna.

Áhugasamir fjárfestar þurfa að fylla út trúnaðaryfirlýsingu ásamt því að leggja fram umbeðnar upplýsingar og gögn sem staðfesta að ofangreind skilyrði séu uppfyllt. Framangreindu skal skilað til Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka. Sölugögn verða afhent á tímabilinu 23.–27. nóvember með rafrænum hætti á netfang sem fjárfestar tilgreina í trúnaðaryfirlýsingu. Síðasti frestur til að skila inn framangreindu er fimmtudagurinn 26. nóvember kl. 16.00.

Gert er ráð fyrir að skuldbindandi tilboðum með sérstaklega tilgreindum fyrirvörum sé skilað til Íslandsbanka, Kirkjusandi, 105 Reykjavík, miðvikudaginn 2. desember 2009, fyrir kl. 16.00, í umslagi merkt „Fyrirtækjaráðgjöf/Steypustöðin2009“. Þeim fjárfestum sem leggja fram hæstu tilboðin og sýna fram á fjárhagslega burði til að standa við tilboðin, verður boðið til áframhaldandi þátttöku í söluferlinu. Fá þeir þá afhent drög að kaupsamningi ásamt aðgangi að nánari upplýsingum um starfsemi og fjárhag fyrirtækisins. Endanlegum tilboðum án fyrirvara, ber að skila í síðasta lagi miðvikudaginn 16. desember 2009, fyrir kl. 16.00, með sama hætti og að framan greinir.

Frekari upplýsingar

Allar nánari upplýsingar um söluferlið er að finna á vef Íslandsbanka undir slóðinni www.islandsbanki.is/steypustodin2009, frá kl. 9.00, föstudaginn 20. nóvember 2009.


# Nútímavæðing skattkerfisins

**UMRÆÐAN**
Bergur Sigurðsson skrifar um skattamál


BERGUR SIGURÐSSON

Áður en frumvarp um breytingar á skattalögum hefur verið lagt fram fer stjórnarandstaðan, undir forystu Sjálfstæðisflokks, mikinn á Alþingi. Í vændum eru úrbætur á skattkerfinu þar sem í ríkari mæli verður horft til þess að þeir sem mest hafa á milli handanna leggi meira af mörkum og þeim sem minna hafa verði hlíft sem kostur er.

Aðstæður eftir hrunið eru erfiðar og óhjákvæmilegt annað en að hækka skatta, eins og boðað var fyrir kosningar, þótt það verði seint til vinsælda fallið. Með skattahækkunum verður komist hjá því að skera inn að beini velferðarþjónustuna og menntakerfið til þess að ná endum saman. Þess var að vænta að í röðum sjálfstæðismanna og Framsóknar yrðu rekin upp ramakvein enda er með markvissum hætti verið að breyta því kerfi sem ríkisstjórnir áðurnefndra flokka hönnuðu fyrir vini sína og velunnara sem jafnframt fengu ríkiseigur, s.s. banka og símafyrirtæki á kostakjörum. Þau viðskipti voru sumpart fjármögnuð með kúlulánum sem sum hver eru enn ógreidd. Almenningur hlýtur að spyrja sig hvers vegna stjórnarandstaðan taki á málum eins og raun ber vitni. Talsmönnum þeirra flokka sem bera höfuðábyrgð á hruninu væri nær að bíða eftir frumvarpi ríkisstjórnarinnar svo hægt sé að ræða málin af yfirvegun, ábyrgð og skynsemi í stað upphrópana. Talsmenn stjórnarandstöðunnar virðast hafa gleymt því sem almenningur veit; að skattahækkanir nú eru óhjákvæmileg afleiðing ýmist aðgerða eða aðgerðarleysis Sjálfstæðisflokks og meðreiðarsveina þeirra í ríkisstjórnum allt frá 1991.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarflokkanna verður með breytingum á skattkerfinu stuðlað að auknum jöfnuði á meðal þegna þessa lands. Full þörf er á enda hafa bæði skýrslur OECD og rannsóknir og greiningar vísindamanna sýnt að í valdatíð sjálfstæðismanna var vaxandi ójöfnuður í íslensku samfélagi. Í rausnarlegum skattalækkunum meints góðæris var þannig um búið að lækkanir kæmu þeim best sem mest höfðu á milli handanna. Ýmsar ívilnanir voru veittar, s.s. lágsköttun á fjármagnstekjum og arðgreiðslum en persónuafsláttur var aftur á móti frystur. Nú er stefnt á lagfæringu á skattkerfi sem um margt var óskakerfi þeirra best settu. Tekjuöflun ríkisins verður nú líkari því sem þekkist í norrænum velferðarsamfélögum.

Það verður fróðlegt að fylgjast með umræðunni á Alþingi þegar frumvarpið lítur dagsins ljós. Munu sjálfstæðismenn áfram grímulaust verja sérhagsmuni og misskiptingu? Munu þeir leggjast í vörn fyrir hagsmuni auðvaldsins eða munu þeir sýna skilning á því að við þessar erfiðu aðstæður þurfi breiðu bökin að leggja meira af mörkum? Stjórnarandstöðunni væri hollt að horfa í eigin barm og sýna heiðarleika, eins og óskað var eftir á nýafstöðnum þjóðfundi, með því að styðja ríkisstjórnina í þeim óhjákvæmilegu breytingum sem fram undan eru. Almenningur mun varla meta mikils yfirboð þeirra flokka sem hafa brugðist þjóð sinni með afdrifaríkum hætti. VG dró ekki dul á það í aðdraganda kosninga sl. vor að hluti af glímunni við fortíðarvandann fælist í skattkerfisbreytingum jafnframt því sem byrðunum yrði dreift af sanngirni. Menn geta í ljósi umræðu síðustu daga velt því fyrir sér hver orðið hefði raunin ef auðhyggja Sjálfstæðisflokksins væri áfram ráðandi við ríkisstjórnarborðið.

*Höfundur er framkvæmdastjóri þingflokks Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.*








Snitzel samloka

Kaffitería Perlunnar á 4. hæð

Snitzel samloka með súrsuðum rauðlauk, fersku káli og piparrótarsósu

Villibráðarhlaðborðinu lýkur 18. nóvember
Tilboð mán.-þri. 7.290 kr. — Verð: 8.290 kr.

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 19. nóvember
Tilboð mán.-þri. 6.890 kr. — Verð: 7.890 kr.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is

Hringbrot



Á Tandoori er bæði hægt að borða á staðnum og taka með sér. Sé borðað á staðnum er hægt að ráða styrkleika matarins og kemur það Samuel á óvart hversu margir velja sterkt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Fæst við framandi keim

**Samuel Kamran Gill stendur yfir pottunum á nýja indverska veitingastaðnum Tandoori og hefur ánægju af. Hann mun þó taka sér frí frá störfum í dag enda á hann von á sínu fjórða barni.**

Samuel Kamran Gill hefur mikla ánægju af eldamennsku. Hann fær útrás fyrir henni á hverjum degi enda er hann yfirmatreiðslumaður á Tandoori, nýjum indverskum veitingastað í Skeifunni 11. Hann er ættaður frá Austur-Pakistan við landamæri Indlands og er indversk matargerð því í blóð borin.

„Ég flutti til Íslands fyrir ellefu árum og á íslenska konu og þrjú börn. Það fjórða er síðan væntanlegt í dag en konan mín verður sett af stað í býtið,“ segir Samuel. Á Tandoori eldar hann kjúklinga-, lambakjöts-, fiski- og grænmetisrétti en á staðnum er lögð áhersla á náttúrulegar eldunaraðferðir og framandi keim ásamt því sem lagt er upp úr lágu verði. Staðurinn var opnaður fyrir viku og hefur Samuel varla haft undan síðan. „Viðtökurnar hafa verið framar vonum.“

*vera@frettabladid.is*

## KJÚKLINGUR PUNJABI

1 kg beinlaus kjúklingur (skorinn í strimla)
2 stk. laukur
4 stk. hvítlauksrif
2 msk. rifinn engifer
3 stk. tómatar
1½ tsk. salt
½ tsk. madras curry
½ tsk. turmeric
¼ tsk. garam masala
¼ tsk. kúmenduft
½ tsk. kóríander
½ bolli vatn
Matarolía

*Laukurinn smátt skorinn og steiktur í hæfilegri olíu þar til hann er gullinbrúnn. Hvítlaukur rifinn ásamt engiferrót og tómötum og maukað saman í matvinnsluvél. Maukinu síðan bætt saman við laukinn á pönnunni. Látið malla í tvær mínútur. Þá er kryddinu bætt út í og látið malla í tvær mínútur í viðbót. Hálfum bolla af vatni bætt út í og suðan látin koma upp. Að síðustu er kjúklingurinn settur út í og rétturinn látinn sjóða í 12-15 mínútur. Hrærið reglulega í pottinum. Borið fram með basmati-hrísgrjónum og fersku salati.*



Brakandi fersk og holl nýjung á Nings

Nýtt

JAPANSKT
Wakame
SALAT

Wakame salatið er einnig afgreitt í hentugum skálum fyrir þá sem eru á ferðinni.



Frábær blanda af salati, grilluðum kjúklingaspjótum, ristuðum cashew hnetum og sesam dressingu.

NINGS

Suðurlandsbr. 6 • Hlíðasmára 12 • Stórhöfða 17 • Sími: 588 9899
www.nings.is



Kynningarverð
995
krónur

**HRÍSEYINGABINGÓ** verður haldið á vegum Hríseyingafélagsins á höfuðborgarsvæðinu sunnudaginn 22. nóvember. Bingóið verður í Áskirkju og hefst klukkan tvö. Veitingar verða seldar á staðnum.




Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is





GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is
Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir


# Snýr vörn í sókn

**Innanhússarkitektinn Sigurbjörg Pétursdóttir missti eins og margir aðrir arkitektar vinnuna á síðasta ári. Hún ákvað því að breyta til og opnar á sunnudag verslunina Twizzt með aðstoð dóttur og barnabarns.**



Mæðgurnar Sigurbjörg og Linda Ósk voru í óða önn að undirbúa opnun verslunar sinnar Twizzt sem þær eiga saman. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Þannig er mál með vexti að ég, eins og flest allir arkitekar, missti vinnuna í hruninu og það var að sjálfsögðu mikið áfall," segir Sigurbjörg Pétursdóttir innanhússarkitekt sem opnar nú um helgina verslunina Twizzt á Smáratorgi 1. „Ég ákvað að snúa vörn í sókn og skapa mér lifibrauð á öðrum vettvangi og hafa gaman af þessu." Sigurbjörg segist reyndar ekki óvön verslunarbransanum því hún hafi starfað við verslun og viðskipti í hartnær fjörutíu ár. „Ég starfaði í fataverslun í Kringlunni frá maí á þessu ári og fékk þá hugmyndina að því að fara út í eigin verslunarrekstur," segir Sigurbjörg.

Verslunin Twizzt mun bjóða upp á fylgihluti fyrir dömur, herra og börn. Á opnunardaginn á sunnudag verður ýmislegt um að vera. „Stelpan mín, Linda Ósk, sem er orðin átján ára, er að læra dans og ætlar til dæmis að undirbúa tískusýningu. Hún er mjög aktív í dansinum, hefur tekið snúninga með Haffa Haff og fleirum. Hún mun einnig halda danssýningu á opnunarhátíðinni," segir Sigurbjörg og tekur fram að dóttir hennar sé meðeigandi verslunarinnar og að barnabarnið sem einnig er átján ára muni aðstoða. Það leggjast því allir ættliðir á eitt til að láta dæmið ganga upp.

Í Twizzt verða í boði vörur frá Bretlandi en Sigurbjörg er opin fyrir því að taka inn íslenska hönnun seinna meir þegar búðin er komin vel á koppinn.

Verslunin verður opnuð á sunnudaginn klukkan tólf en tískusýningin hefst klukkan tvö. Opnunardaginn verður 20 prósent afsláttur af öllum vörum og svo verður 15 prósent kynningarafsláttur til 1. desember. „Ég býð gestum og gangandi upp á kaffi og konfekt og svona og danssýningin verður náttúrulega mjög flott. Módelin verða í öllu svörtu en ganga með skart og veski og sýna vörurnar," segir Sigurbjörg sem ætlar að blása á allt kreppuböl ásamt dóttur sinni og barnabarni á Smáratorginu í Kópavogi.

*niels@frettabladid.is*


Ullarjakkar
Áður 19.990
Nú 14.990
Stærðir 38-48





FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201


# Upplestur fyrir börn og franskir straumar

**Verkefninu ljómandi borg er ætlað að gleðja íbúa og gera borgina hlýlegri og skemmtilegri.**



Sigurður Pálsson les upp ljóð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Tveir næstu dagskrárliðir Ljómandi borgar verða á sunnudag og fimmtudag. Sunnudaginn 22. nóvember verða barnadagar í Borgarbókasafni. Sögustund verður klukkan 15 í aðalsafni Borgarbókasafns á Tryggvagötu en Valgerður Ólafsdóttir les upp úr bók sinni, Saga um tilfinningar.

Fimmtudaginn 26. nóvember klukkan 20 verða síðan franskir straumar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Þá les Sigurður Pálsson rithöfundur upp ljóð í anda sýningarinnar „André Kértesz Frakkland – landið mitt" og Tríó Vadims Fyodorov harmonikkuleikara spilar franska musett- og valssveiflu í bland við heims- og djasstónlist.



## Háloftasinfónía

FÉLAG ELDRI BORGARA Í REYKJAVÍK GEFUR ÚT JÓLAKORT Í ÁR.

Myndin á jólakortum Félags eldri borgara í Reykjavík heitir Háloftasinfónía og birtir mynd af smáfuglum á flugi. Hún er eftir listakonuna Sveinbjörgu Hallgrímsdóttur.

Í hverjum pakka eru samtals sex kort og pakkinn kostar 1.200 krónur. Jólakortin eru mikilvægasta fjáröflunarleið Félags eldri borgara. Þau eru send til félagsmanna og annarra velunnara. Einnig er hægt að kaupa kort á skrifstofu félagsins í Stangarhyl 4 í Reykjavík.






BÍLKÓ | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110
Þjónustumiðstöð bílsins

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 20. nóvember 2009




# HINN DULDI ÞOKKI

**Steinunn Sigurðardóttir um fatahönnun á Íslandi, sýninguna á Kjarvalsstöðum og alvöru kynþokka**

\+ SMUTTY SMIFF OPNAR ROKKABILLÍBÚÐ Í REYKJAVÍK + LAUFEY JÓNSDÓTTIR OG BLIK + EINS ÁRS AFMÆLI EINVERU + FLOTTUSTU JÓLAKJÓLARNIR


TOSHIBA FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ




Toshiba Sat L500-142

- 2.1GHz Intel Pentium Dual-Core T4300 - Centrino Duo
- 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB harðdiskur
- 15,6" WXGA breiðskjár
- 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort
- Þráðlaust 802.11agn netkort
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
- VGA vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium

Kr. 129.950

Fullt verð kr. 147.950

UPPFÆRSLA Í WINDOWS 7 - Kr. 9.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ fylgist vel með



helgin MIN

## LINDA LOESKOW HÖNNUÐUR

„Á föstudaginn fer ég í bústað fyrir norðan með góðum vinum. Á laugardagskvöldið er Gus Gus svo að spila í Sjallanum og ég ætla að vera þar að selja ýmislegt sem ég hannaði fyrir hljómsveitina. Svo býst ég við að við verðum á heilsulindinni Abaco að tjilla á sunnudaginn.“

þetta HELST

### Baby kemur aftur út

Nýbakaðar mæður landsins geta tekið gleði sína við að heyra að



hin vinsæla plata Ragnhildar Gísladóttur, Baby, kemur út á ný eftir nokkurra ára bið. Fyrir þá sem ekki þekkja til er Baby samin með nýfædd börn í huga og er sungin á óskiljanlegu en afar krúttlegu ungbarnamáli sem minnir helst á japönsku. Platan er mjög róandi fyrir litlu krílin og er einnig góð til að svæfa þreyttar mæður.

### Hugleikur fellur í kramið hjá Dönum

Konungur hæðninnar, Hugleikur Dagsson, fékk afbragðs góða dóma í dagblaðinu Politiken en bók



hans „Skulle det være sjovt?“ kom út í Danmörku á dögunum. Gagnrýnandi lofar Hugleik í hástert og kallar hann eina skærustu stjörnu Íslendinga um þessar mundir. Bókina segir hann bráðfyndna og fulla af greindri samfélagsádeilu auk þess sem danska þýðingin á að hafa heppnast einkar vel.

### Jólagjöfin í ár?



Hárgel og greiður merktar Gus Gus eru meðal þeirra munaðarvara sem brjálaðir aðdáendur partísveitarinnar Gus Gus geta nú eignast. Hárvörurnar eru vísun í þá staðreynd að hljómsveitin hefur fengið „make-over“. Meðlimir hennar eru nú iðulega vatnsgreiddir og vel til fara og gefst nú áheyrendum kostur á að feta í fótspor þeirra í snyrtimennskunni. Innan skamms verður svo hægt að kaupa hárdótið og fleiri vörur, eins og á vefsíðunni www.gusgus.com.

VERSLUNIN WILDCAT OPNUÐ Á HVERFISGÖTU

# KEMUR MEÐ ROKKABILLÍ TIL ÍSLANDS

Rokkabillíaðdáendur ættu að hafa heyrt bassaleikarans Smutty Smiff getið. Hann hefur getið sér góðan orðstír á rokksenunni í London en hann spilaði meðal annars með hinum goðsagnakenndu hljómsveitum The Clash og The Stray Cats. Hann er í dag meðlimur hljómsveitarinnar The Dark Angels sem nýtur mikilla vinsælda í Bretlandi og víðar. Smiff, sem heitir Stephen Smith í raun og veru, er þó fluttur búferlum til Íslands en hann kynntist núverandi eiginkonu sinni, Katrínu Rósu Stefánsdóttur, í London og eiga þau lítinn son. „Það var annaðhvort að duga eða drepast. Ég hugsaði með mér að ég hefði aldrei áður komið til Íslands og því væri kjörið að gefa þessu séns og búa hér í nokkur ár,“ útskýrir Smiff. „Mér líkar stórvel á landinu og hef verið að spila með strákunum Krumma og Daníel Ágústi í Esju.“ En Smiff fannst aldeilis kominn tími til að kynna rokkabillí-senuna almennilega fyrir Íslendingum. „Það er frábært úrval af tísku í Reykjavík en okkur fannst vöntun á sérverslunum og nýjum og skemmtilegum krókum og kimum. Ég hef verið partur af rokkabillí-senunni í London til fjölda ára og held að hún eigi vel heima hér í Reykjavík. Hér er heilmikið af skemmtilegum hlutum að gerast í tísku og tónlist.“ Úr þessu varð verslunin Wildcat sem verður opnuð í dag á Hverfisgötunni en þar hyggjast Smiff og Katrín Rós bjóða upp á úrval af „vintage“ rokkabillí-fötum, vínyl-plötum og geisladiskum, gömlum plakötum og alls kyns fleiri skemmtilegum hlutum sem tengjast fimmta og sjötta áratugnum. Þar að auki hyggjast þau bjóða upp á rokkabillí-klippingar og hárgreiðslur á næstunni þar sem Smiff er menntaður hárskeri. „Stelpur munu geta fengið hárgreiðslur í anda Ditu Von Teese hjá okkur og fengið glamúrskot frá fimmta áratugnum.“ *- amb*

*Wildcat er á Hverfisgötu 39, 101 Reykjavík.*



**Spilar með Krumma og Daníel Ágústi** Smutty Smiff hefur spilað með hljómsveitunum Stray Cats og The Clash og er nú í bresku sveitinni The Dark Angels. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Söngkonan Kristín Bergsdóttir fagnar sinni fyrstu plötu með útgáfutónleikum:

# Lofar notalegri stemningu

Ég held að það verði ótrúlega notaleg stemning. Tónleikarnir verða í bókasalnum í Þjóðmenningarhúsinu. Hann er svo ótrúlega fallegur, þar er gaman að setjast niður og láta sig dreyma,“ segir Kristín Bergsdóttir um útgáfutónleika sína á sunnudaginn kemur.

Með tónleikunum fagnar Kristín sinni fyrstu plötu, sem heitir Mubla. Aðdáendur orðaleikja sjá samstundis að það er Album stafað aftur á bak. Það er engin tilviljun, því Kristín dáir leiki að orðum. Henni þykir líka vænt um orð, segir hún, og því ekki að undra að hún semur ekki aðeins lögin á plötunni heldur textana líka. „Í þessari plötu sameinast allt sem ég hef verið að vinna í á árunum 2002 þangað til í dag,“ segir Kristín, sem var ekki nema átján ára þegar hún samdi sum lögin á plötunni. Flest lögin eru í rólegri kantinum en áhrifa gætir einnig úr hip hop og r&b.

Tónleikarnir hefjast á sunnudagskvöldið klukkan átta. *- hhs*



**Orðelskandi** Kristín Bergsdóttir leggur mikið upp úr textagerð og semur sjálf alla textana á sinni fyrstu plötu, Mublu.

✻ augnablikið



**SKEMMTILEGT** Nýjasta lína ítalska tískuhússins MiuMiu vakti verðskuldaða athygli á dögunum en þar gaf að líta perluskreytt siffon með kúrekaáhrifum.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Mary Ellen Mark **Hönnun** Steinunn Sigurðar **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Ritstjórn** Anna M. Björnsson **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000




www.ellingsen.is
DEVOLD
HELDUR Á ÞÉR HITA
DEVOLD ACTIVE
dömu og herra
XS–XXL
Hrindir frá sér raka og heldur líkamanum þurrum og heitum jafnvel þótt flíkin sé blaut af svita eða snjó og frostið fari niður í -20°C.
DEVOLD EXPEDITION
dömu og herra
XS–XXL
Tveggja laga fatnaður, bæði lögin úr merínó–ull. Heldur líkamanum heitum og þurrum þótt frostið fari niður í -50°C .
DEVOLD MULTI SPORT
dömu og herra
XS–XXL
Einfaldur og léttur ullarfatnaður úr hreinni ull sem lagar sig fullkomlega að líkamanum. Miðast við -10°C.
DEVOLD ACTIVE BABY
fáanlegt í bleiku og bláu
Stærð 56–98
Einfaldur ullarfatnaður úr léttri merínó–ull sem einangrar gegn kulda og eyðir raka.
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

# núna
✻ nýtt og spennandi

**BLÓMAANGAN** Nýi ilmurinn frá Dolce & Gabbana heitir Rose the One og skartar hinni kynþokkafullu Scarlett Johansson í auglýsingaherferðinni. Ilmurinn er frískleg blanda af blómum með áherslu á rósir eins og nafnið gefur til kynna.




## Bjartari og ferskari húð

The Radiant Facial-maskinn sem gefinn var út með nýja farðanum frá La Mer gerir húðina bjartari, ferskari og áferðarfallegri á átta mínútum. Húðin er næm fyrir umhverfisáhrifum sem geta haft í för með sér litabreytingar, ójöfnur og líflleysi. Maskinn dregur úr þessum einkennum, en með honum minnka öldrunarblettir, freknur og litamisfellur snarlega. Þess má geta að kynning verður á La Mer-snyrtivörum í Lyfjum og heilsu alla helgina.















**Dark** Ásgeir Hjartarson og Bergþóra Þórsdóttir, eigendur Dark Supernova, hafa verið að vinna í nýrri fatalínu undanfarin tvö ár.

### Ásgeir Hjartarson og Bergþóra Þórsdóttir:

# FRUMSÝNA NÝJA DARK-FATALÍNU

Við ætlum að missa okkur í hári og förðun," segir Ásgeir Hjartarson á hárgreiðslustofunni og fataversluninni Dark-Supernova um tískusýningu sem fer fram á b5 á morgun. Á sýningunni verður frumsýnd ný fatalína sem Ásgeir hannaði ásamt meðeiganda sínum, Bergþóru Þórsdóttur.

„Þetta byrjaði allt á því að Begga „airbrushaði" aftan á leðurjakka sem ég átti. Útfrá því fórum við að prófa okkur áfram og gerðum stuttermaboli sem við breyttum. Þeir ruku út svo við tókum af skarið og helltum okkur út í þetta," útskýrir Ásgeir. „Þetta er búið að taka um tvö ár í vinnslu, svo þetta er ekki eitthvað sem við byrjuðum á út af kreppunni til að ná í aukapening," segir hann. „Fötin á Supernova-Dark skiptast í tvær línur, annars vegar Dark sem er aðallínan og er meðal annars með toppum, kjólum og leggings og svo Rock'n'Roll joggings, sem eru joggingbuxur og hettupeysur í stíl. Þetta eru bæði þægileg og „cool" joggingföt, en hægt er að taka hettuna af og skipta henni út fyrir pönkaralegri hettu, skreytt steinum," útskýrir Ásgeir.

„Við ætlum að halda tískusýninguna og partí í samstarfi við b5. Vinur minn Sigfús Jónsson kokkur er að taka við eldhúsinu þar sem við ætlum að gera okkur glaðan dag og fagna. Við ákváðum að gera svolítið grín að þessu ástandi sem Íslendingar eru í og kalla þetta „hryðjuverkapartí" í tilefni af því að það er eitt ár síðan Bretar kölluðu yfir okkur hryðjuverkalög," segir Ásgeir. „Matseðillinn á b5 verður í hryðjuverkaþema, svo sem Anthrax-steik með Bin Laden-frönskum og frönsk byltingarsúkkulaðikaka með vanilluís. Eldhúsið verður opnað klukkan 12 í staðinn fyrir 17 og það fylgir eitt léttvínsglas með hverjum aðalrétti," bætir hann við.

Um kvöldið mun Ásgeir spila undir nafninu Fashion Terrorist, en hann er einnig að gefa út mix-disk á morgun sem ber heitið Molotov Coctail. „Heppnir gestir fá eintak af disknum og vínglaðning á barnum. Haffi Haff ætlar líka að mæta á svæðið í öllu sínu veldi og taka lagið Jealousy og Bin Laden," segir Ásgeir og vonast til að sjá sem flesta á b5 á morgun, en tískusýningin hefst um miðnætti.



**Töff** Hönnun Bergþóru og Ásgeirs verður frumsýnd á tískusýningu á b5 annað kvöld.

**Flott** Dark-fatalínan samanstendur meðal annars af toppum, kjólum og leggingsbuxum.



Black Pearl
snyrtivörurnar vinsælu eru unnar úr náttúrulegum steinefnum og söltum úr Dauðahafinu
Kerti
20%
afsláttur
6 saman 1.590,-
2 saman
990,-
590,-
290,-
3 saman
1.190,-
490,-
3.990,-
öðruvísi
JÓL
í Pier
3.490,-
1.990,-
2.990,-
6.990,-
2.990,-
the PIER
kemur stöðugt á óvart ...
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# útlit

✻ nýtt og spennandi

**DAGATALSBÓKIN KONUR EIGA ORÐIÐ ALLAN ÁRSINS HRING** er nú komin út fyrir árið 2010, þriðja árið í röð. Um 80 konur eiga heiðurinn að þessari bók með hugrenningum og ljósmyndum, en Myrra Leifsdóttir myndskreytir með teikningum. Bókin er kjörin í jólapakkann, en hluti af ágóða sölunnar rennur til Mæðrastyrksnefndar.



SÓLEY ELÍASDÓTTIR LEIKKONA:

## FRAMLEIÐIR ÍSLENSKA HÚÐSNYRTIVÖRULÍNU

Ástæðan fyrir að ég dreif í þessu var að það leitaði til mín danskur dreifingaraðili sem var búinn að vera að nota vörurnar mínar. Hún spurði hvort ég gæti ekki gert lífræna snyrtivörulínu og sagðist vilja selja hana fyrir mig,“ segir Sóley Elíasdóttir leikkona. Fyrir tveimur árum hóf hún framleiðslu á græðissmyrslunum Græðir og Kisstu mig sem hafa notið mikilla vinsælda og nú hefur hún sett á markað íslenska húðsnyrtivörulínu sem er bæði umhverfisvæn og án allra aukaefna. Nýja línan heitir Sóley og samanstendur af eyGLÓ, andlitskremi, Fersk, andlitsfroðu, Nærð, hreinsivatni, Hrein, andlitsmjólk, Mjúk, líkamsskrúbbi og GRÆÐIR, fjölskyldusjampói, ásamt birkiR, sérstakri herrasápu fyrir húð og hár.

„Ég er að nota svipað jurtainnihald og í græðismyrslin svo vörurnar eru græðandi og góðar fyrir húðina. Virku efnin í þessu eru jurtirnar, svo sem birki sem er mjög þekkt virkt efni og ég nota mikið,“ útskýrir Sóley sem hóf að þróa línuna fyrir um einu og hálfu ári síðan. „Ég var lengi búin að vera með hugmynd í kollinum um að gera lífrænar snyrtivörur, en ég ætlaði samt fyrst að gera barnavörulínu. Þessi upphringing frá Danmörku varð eiginlega til þess að ég gerði þessa línu fyrst,“ segir Sóley sem vinnur nú að barnavörulínu sem er væntanleg í mars.

Sóley húðsnyrtivörurnar eru framleiddar hjá Fagvörum ehf., matvælaframleiðslufyrirtæki í Hafnarfirði, en Heilsa ehf. sér um dreifingu. Sóley vinnur einnig með alþjóðlegri markaðsstofu í London sem hyggst koma vörum hennar á framfæri erlendis, en mikill áhugi er á hreinum húðsnyrtivörum með íslenskum lækningajurtum víða.

„Það er að koma inn fjárfestir frá London inn í fyrirtækið mitt sem heitir Dominnique Caretsos. Hún var að vinna sem markaðsstjóri hjá stærsta snyrtivörufyrirtæki í heimi, en ég komst í samband við hana eftir að ég fór á námskeiðið Konur í útrás. Hana langaði til að vinna með íslenskar snyrtivörur og svo er þetta búið að þróast þannig að hún er að fjárfesta og kaupa sig inn í fyrirtækið. Dominnique ætlar að vinna við þetta í fullu starfi og það má segja að maður hafi farið upp á nýjan „level“ við að fá hana inn í þetta,“ útskýrir Sóley.

Aðspurð segir hún þær ekki stefna á að markaðssetja vörurnar í Bretlandi strax. „Bretlandsmarkaður er mjög erfiður svo við ætlum ekki að byrja þar. Stefnan er tekin á Skandinavíu í gegnum danska dreifingaraðilann og svo er það Suður-Afríka, en þar er Dominnique alin upp,“ segir hún.

Spurð hvort slæmt efnahagsástand hafi áhrif á framleiðsluna segir Sóley svo ekki vera. „Af því að krónan er svo veik eru útlendu fjárfestarnir spenntari fyrir Íslandi. Það er náttúrlega dýrt að kaupa aðföng frá útlöndum, en ég nota allt sem er framleitt íslenskt í vörurnar mínar. Það er nóg af möguleikum, maður verður bara að hugsa út fyrir rammann og út fyrir þessa eyju. Ég tel að möguleikarnir felist ekki í þessum massaiðnaði, eins og álinu, heldur fyrst og fremst í græna iðnaðinum,“ segir Sóley.

*- ag*



**Í útrás** Sóley hefur fengið fjárfesti inn í fyrirtæki sitt og stefnir á að markaðssetja snyrtivörulínu sína í Skandinavíu og Suður-Ameríku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Metasys er áhrifaríkt fæðubótaefni sem hefur hjálpað þúsundum Íslendinga við að létta sig. Að auki er Metasys mjög heilnæmt og þykir auka orku og úthald. Þeir sem hafa náð bestum árangri á Metasys hafa bætt inn hæfilegri hreyfingu og viðhaft skynsamlegt mataræði

**Kíktu inn á www.metasys.is**
Þú færð Metasys í heilsu- og lyfjaverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

metasys®

Jol.is


## Einvera heldur upp á afmæli

Verslunin er orðin eins árs og okkur langaði að halda upp á það og frumsýna nýja fatalínu um leið. Þetta er önnur fatalínan sem við sendum frá okkur undir nafninu KALDA, en við sýndum fyrstu fatalínuna okkar á tískuviðburði sem haldinn var stuttu eftir hrunið í fyrra,“ segir Katrín Alda Rafnsdóttir, sem rekur verslunina Einveru ásamt systur sinni Rebekku Rafnsdóttur. Verslunin fagnar ársafmæli á laugardaginn og í tilefni þess munu systurnar blása til veislu.

„Nýja línan inniheldur meðal annars pils, kjóla og boli. Fötin eru innblásin af tíunda áratugnum og við erum með svolítið asnalegar síddir, mikið af netaefni og stutta boli,“ útskýrir Katrín Alda. Aðspurð segir hún þær systur ekki vera hönnunarmenntaðar heldur komi þær óskum sínum á framfæri við saumakonu sem gerir hugmyndir systranna að raunveruleika.

Veislan hefst klukkan 16.00 á laugardag og verða veitingar og tónlist í boði auk þess sem gestir fá að líta nýja fatalínu KALDA í fyrsta sinn.

*- sm*





**Hæfileikaríkar systur** Katrín Alda og Rebekka Rafnsdætur reka saman verslunina Einveru sem verður ársgömul á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Íslensk hönnun
í sinni fjölbreytilegu mynd

ÍSLENSK HÖNNUN epal

**ERUM MEÐ VÖRUR EFTIR RÚMLEGA 20 ÍSLENSKA HÖNNUÐI**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal



# HINN DULDI ÞOKKI

**Fatahönnuðurinn og borgarlistamaðurinn *Steinunn Sigurðar* opnar sína fyrstu einkasýningu á Kjarvalsstöðum á morgun. Steinunn sækir innblástur sinn í náttúru og handverkshefðir Íslands og segir verulega sprengingu hafa orðið í fatahönnun hérlendis.**

*Viðtal:* **Anna Margrét Björnsson**
*Ljósmyndir:* **Stefán Karlsson og Mary Ellen Mark**

Steinunni Sigurðardóttur fatahönnuð þarf vart að kynna. Hróður hennar nær langt út fyrir landsteinana með hönnun sinni fyrir heimsþekkta hönnuði eins og Gucci og Calvin Klein og meðal viðurkenninga sem henni hafa hlotnast eru hin virtu Söderbergsverðlaun sem hún hlaut fyrst allra fatahönnuða í fyrra. Hún er einnig fyrsti fatahönnuðurinn sem hlýtur nafnbótina borgarlistamaður Reykjavíkur.

„Íslendingar hafa hingað til ekki farið með fatahönnun jafnlangt og aðrar þjóðir," útskýrir Steinunn þar sem hún spígsporar um mosaþúfur í vestursal Kjarvalsstaða. Íslenskur jarðvegur þekur miðju salarins þar sem glæsilegum og ögn þóttalegum gínum hefur verið komið fyrir, að sjálfsögðu í hinni einkennandi hönnun Steinunnar. Kvenleg form, dökkir litir og tignarlegir hattar með óvenjumiklum áherslum á frágang og smáatriði: smágerðar blúndur, fínlegt prjón, listilegar fellingar. „Erlendis hafa hönnuðir eins og Rei Kawakubo hjá Comme des Garcons, Issey Miyiake og Armani haldið stórar sýningar á hönnun sinni í helstu listasöfnum heims. Þar gefst slíkum hönnuðum færi á að sýna flíkur sínar í nýju ljósi og tengja þær meira við listina og hönnunarsögu lands síns. Til dæmis tengir Kawakubo sterkt við hinn hefðbundna búning japönsku geisjunnar. Í hinum erlenda heimi tískunnar er einstaklega mikil virðing borin fyrir handverkinu og fyrir fagurfræðinni þar á bak við. Þegar ég vann fyrir hönnunarstúdíóin úti þá var það fagurfræðin sem réði öllu."

### EFNI VERÐA AÐ HAFA LÍF

„Ég sæki mikinn innblástur í íslenska handverkið," segir Steinunn. „Ég er til dæmis mjög gott dæmi um íslenskt handverk, ég kem úr prjónamennskunni, það er minn bakgrunnur." Hún bendir á fínlegan svartan kjól á hnarreistri gínu. „Ég veit ekki hvort fólk gerir sér grein fyrir því að þetta er prjónað. Ég vil meina að prjónið sem slíkt sé ákveðin tegund af handverki sem þú svo leiðir inn í þinn fagurfræðilega heim. Þegar maður vinnur í hátískunni þá býr maður til sinn eigin, innri fagurfræðilega heim sem í raun breytist ekkert í gegnum árin. Ég sæki alltaf í sama brunn." Hún bendir á grjót, greinar og mosa við fætur sér.

„Minn brunnur er einmitt þetta. Íslenska náttúran. Og íslenska hefðin. Ég tek ýmislegt beint upp úr skautbúningnum eða peysufötunum. Sjáðu hæðina á höttunum, hárskrautið, slifsin. Mér finnst til dæmis að þessar stóru slaufur og slifsi í hálsinn séu eitthvað sem á að fylgja okkur Íslendingum, þetta er svo einstakt og fallegt og séríslenskt. Úr náttúrunni tek ég svo litina, mynstrin, áferðina. Ég er sífellt að taka myndir úti á víðavangi, af skýjafari, sólargangi, landslagi. Ég hef til dæmis tekið mynstur úr fjöðrum og úr steinum og notað á efni." Hún hlær og lætur stóran siffontrefil svífa í stórum boga með handleggnum. „Við Finnbogi [Pétursson myndlistarmaður] erum alltaf að leika okkur með siffon og hversu sérstakt það er, hvernig það fellur og svífur í loftinu." Hún bætir því við að efnin í flíkunum séu nær einungis lífræn. „Eina manngerða efnið sem ég nota er reion. Annars nota ég einungis lífræn, náttúruleg efni; ull, bómull, silki, skinn. Efni verða að hafa líf, svona náttúruleg efni hafa sína eiginleika og geta aðlagast líkama fólks."

### SPRENGING Í ÍSLENSKRI FATAHÖNNUN

„Með tilkomu Listaháskólans og fatahönnunardeildarinnar innan hans varð algjör sprenging í fatahönnun á Íslandi. Það má að gamni geta þess að það eru ekki færri en þrjátíu og fjórar verslanir með íslenskri hönnun miðsvæðis í borginni. Þetta finnst mér hreint út sagt frábært." En af hverju eru þessar búðir allar á Íslandi? Hvers vegna hafa ekki fleiri ungir hönnuðir sótt á vit ævintýranna og reynt fyrir sér á erlendri grund, líkt og hún gerði sjálf?

„Ég veit það ekki beint, en ég mæli sjálf með því að allir tískuhönnuðir eyði tíma erlendis og kynnist þeirri miklu fagmennsku sem þar ríkir. Þar er aðeins verið að vinna með toppfólki. Bestu ljósmyndurunum, bestu stílistunum og bestu förðunarmeisturum heims. Það er líka mjög gott fyrir ungt fólk að skoða aðra og öðruvísi fagurfræði en hér ríkir." Steinunn segir að það sem sé þó einstakt og skemmtilegt við íslenska hönnun sé að hún hafi ekki verið fjöldaframleidd. „Hér heima er þetta allt svo hrátt. Svo tilraunakennt. Þessi tilraunaheimur er einmitt okkar sérkenni." Ögunin á bak við hönnun Steinunnar er, að mati Soffíu Karlsdóttur, sýningarstjóra og kynningarstjóra Listasafns Reykjavíkur, það sem gerir verk hennar svo einstök. Steinunn hlær. „Já það má segja að ég hafi gert öll mín mistök á fyrstu tíu árum ferils míns. Ég kláraði allan vandræðaganginn þá. En það sem mér finnst svo oft vanta hérna heima er það sem ég kalla „the hidden sensuality" eða hinn duldi þokki. Hér heldur fólk að kynþokki felist í því að vera áberandi. Sýna mikið hold. Ég er svo innilega ósammála því. Kynþokki á að snúast um fágun. Munúðin liggur í mýktinni og efnunum. Kynþokkinn er í því sem sést ekki, því sem ímyndunaraflinu er látið eftir. Auðvitað eru til stórkostlega fágaðar og „elegant" konur hér á Íslandi, en þessa fágun er ekki að finna þegar litið er á breiddina."

### VINNUR AÐ ÍSLENSKA SKÁLANUM Í SJANGHAÍ

„Vikurnar eru alltaf of stuttar hjá mér, það er alltaf of mikið að gera," útskýrir Steinunn sem gegndi formennsku fatahönnunarfélagsins í mörg ár. „Nú hef ég látið þetta í hendurnar á Gunnari Hilmarssyni. Hann er ungur og drífandi og það er gott. Nú vil ég frekar líta á sjálfa mig sem eins konar fulltrúa íslenskrar fatahönnunar á erlendri grund."

Steinunn er einmitt á kafi í öðru stóru verkefni um þessar mundir: uppsetningu á íslenska skálanum á heimssýningunni í Sjanghaí á næsta ári. Hún vinnur þar með grafíska hönnuðinum Ámunda Ámundasyni og myndlistarmanninum Finnboga Péturssyni undir leiðsögn Páls Hjaltasonar arkitekts, sem einnig er eiginmaður hennar. „Á kínversku heitir Ísland Bin Dao, íseyjan. Við notuðum það sem útgangspunkt við gerð skálans. Skálinn er mjög lítill en mun vonandi hafa mikil áhrif á þá sem sjá hann. Við fengum ljósmyndarann Rax til að taka ljósmynd af Jökulsárlóni, af vatninu í gegnum ísinn og því sérstaka mynstri sem þá myndaðist. Þetta lifandi mynstur notuðum við utan á skálann. En fólk getur líka bara flett þessu upp á Netinu, þetta er allt á Facebook!" segir hún og hlær.

Undirbúningur sýningarinnar á Kjarvalsstöðum hefur staðið í þó nokkurn tíma að sögn Soffíu Karlsdóttur. „Það var alltaf mjög mikill áhugi hjá okkur á safninu að sýna verk Steinunnar og það kom til löngu áður en hún var kjörin borgarlistamaður. Svo þegar Steinunn gat notað sambönd sín í New York til að liðka fyrir



**Íslenskur mosi – frá sýningu Steinunnar á Kjarvalsstöðum sem verður opnuð á morgun.**



**Innblásin af náttúrunni. Steinunn ásamt hönnun sinni á Kjarvalsstöðum.**






hlutunum þá fór þetta alltsaman fyrst að rúlla.“ Gínurnar sem bera fötin á sýningunni eru frá frægasta gínufyrirtæki heims, Rootstein. „Það byggir gínur sínar á þekktum fyrirsætum og þetta eru ekki venjulegar gínur heldur hafa þær öðruvísi yfirbragð og fágun en venjulegar gínur. Við fengum þær lánaðar til landsins því það er ekki alveg sama hvernig föt eru kynnt á svona sýningu. Þær hafa ólíka andlitsdrætti og eru í mismunandi stellingum og eru í raun grunnurinn að sýningunni.

### SAMVINNAN VIÐ MARY ELLEN MARK

Það sem einnig er útgangspunktur sýningarinnar eru einstakar og fágætar ljósmyndir bandaríska ljósmyndarans Mary Ellen Mark. Steinunn kynntist henni fyrst árið 2005 þegar sú fyrrnefnda var að mynda andlega og líkamlega fötluð börn í Öskjuhlíðarskóla. Sonur Steinunnar, Alexander, sem nú er orðinn fjórtán ára, er fjölfatlaður og tókst mikil vinátta milli hans og Mary-Ellen.

„Ljósmyndirnar eru teknar á fyrstu Polaroid-vélina sem var framleidd. Hún er mjög stór og það þarf þrjá til að halda á henni. Myndirnar koma svona beint úr vélinni. Allar myndirnar hér á veggjunum eru frumrit á polaroidpappír og það er ekki unnt að eftirvinna þær á neinn hátt. Vinna Mary Ellen Mark er eins fagmannleg og maður getur hugsað sér og það er hreint ótrúlegt hversu fullkomnar myndirnar eru. Hún hefur einstakan skilning á viðfangsefni sínu og þar sem hún er ekki tískuljósmyndari fá þær annan blæ en maður venjulega sér.“ Mary Ellen Mark hefur myndað fatalínur Steinunnar allt frá árinu 2006 og fanga þær allar ákveðinn gamaldags anda sem einnig hvílir yfir fötum Steinunnar á vissan hátt. „Þessar ljósmyndir eru mikil og alveg einstök listaverk. Það hefur verið mikil gæfa að kynnast Mary Ellen.“ Steinunn þagnar og brosir.

„Sonur minn hefur gert meira fallegt fyrir mig í lífinu heldur en nokkur getur gert sér grein fyrir. Ég á honum svo margt að þakka.“

Sýningin opnar á Kjarvalsstöðum á morgun, laugardag og stendur yfir til 31 janúar.



## Einn merkasti ljósmyndari samtímans

Mary Ellen Mark fæddist í Fíladelfíu árið 1940 og byrjaði að mynda þegar hún var aðeins níu ára gömul. Hún útskrifaðist með BA-gráðu í listfræði og myndlist árið 1962 og síðar með mastersgráðu í ljósmyndun. Á sjöunda áratugnum flutti hún til New York-borgar þar sem hún hófst handa við að mynda allt frá mótmælum gegn Víetnam-stríðinu og jafnréttisbaráttu kvenna til minnihlutahópa eins og klæðskiptinga og hjólhýsafólks. Hún hefur gefið út margar merkar ljósmyndabækur eins og Exposure, American Odyssey og Twins og hefur einnig myndað fyrir tímarit eins og Vanity Fair og Rolling Stone. Mary Ellen Mark myndaði börn í Öskjuhlíðarskóla árið 2006 og þær myndir birtust í bók og samnefndri sýningu sem nefnist Extraordinary Child.




# Vandaðar prjónabækur
## – frá Hugmyndabanka heimilanna




### Prjónað - í dagsins önn

*Hún er komin út! Þessi bók er snilld að mínu mati. Kemur mér í gott og rómantískt skap. Uppskriftirnar eru bæði smart og koma hugmyndafluginu af stað. Í þessari bók er eitthvað fyrir alla, konur sem karla á öllum aldri. Hönnunin á bókinni er afar falleg og langar mann að takast á við öll verkefnin í henni. Nýstárleg hönnun og munstur sem maður bara verður að prófa ! Það skemmir ekki fyrir að hægt er að velja úr smáum og stórum verkefnum.**

***Spennandi bók sem ég get skoðað aftur og aftur.***

***Anna Silfa - www.garnbudin.is**

Fullt verð 3.990 kr.

### Prjónað á börn

*Bókin er glaðleg og skemmtileg með uppskriftum sem börnunum líkar. Uppskriftirnar eru í stærðum 2 - 12 ára, jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna. Falleg og smart snið sem kitla og hvetja mann til að hefjast handa strax! Það sem heillar mig mest við bókina er hvað uppskriftirnar eru settar einfaldar fram, sniðin jafnt fyrir stelpur og stráka og einnig úrvalið af hversdags og fínni fatnaði. Afar sígild og eiguleg bók sem er ómissandi í mínu hannyrðabókasafni.**

***Ég mæli með því að lesa formálann í bókinni þar sem höfundurinn talar til þín á sinn einlæga hátt.***

***Anna Silfa - www.garnbudin.is**




Fullt verð 3.990 kr.

Skráðu þig í Hugmyndabanka heimilanna og fáðu þessar frábæru bækur saman á aðeins 2.880 krónur.

**Skráðu þig núna á www.edda.is**

edda
www.edda.is

# tíska

✻ skemmtilegar jólagjafir

**SKVÍSUBÓK** Ný bók er komin út sem heitir Kaupalkinn í New York og er sjálfstætt framhald af Kaupalkanum síkáta. Bókin er fyrir alla sem elska New York-borg, búðir og Sex and the City-stemninguna.




Hönnuðurinn Laufey Jónsdóttir stefnir á útflutning á sinni vöru

## INNBLÁSIN AF ÁSTARSÖGU

Íslenska þjóðsagan Þóruhólmi varð Laufeyju Jónsdóttur fatahönnuði innblástur fyrir prjónalínuna Blik, sem frumsýnd var fyrr í þessum mánuði. Laufey, sem útskrifaðist úr Listaháskólanum árið 2007, tók þátt í hönnunarsamkeppni Hönnunarmiðstöðvar og Útflutningsráðs í desember árið 2008 þar sem leidd voru saman fyrirtæki og hönnuðir til að vinna að hönnun til útflutnings. „Ég sendi inn tillögur fyrir vörumerkið Varma Design, sem er undir Glófa ehf. og mín tillaga varð fyrir valinu. Við höfum síðan verið að vinna að þessu. Ég er hönnuður línunnar og hef umsjón með henni og vinn náið með prjónameistara og öðrum starfsmönnum fyrirtækisins.“

Blik hefur margvíslegar vísanir í þjóðsöguna um Jón bónda sem fer út að veiða og krækir öngli sínum í sækonuna Þóru. „Öll munstrin sem ég nota hafa mjög sterkar vísanir í söguna. Þessi veiðiástarsaga kemur inn á svo mörg íslensk málefni, eins og fiskveiðar og leyndardóma íslenskrar náttúru,“ segir Laufey. Blik er hennar fyrsta sölulína, en áður hafði hún hannað línu sem hún sýndi bæði í Danmörku og Þýskalandi. Fljótlega heimsækir hún sömu lönd, og líklega fleiri, til að kynna nýju línuna. „Við erum á leiðinni á sölusýningar í febrúar. Við förum að minnsta kosti til Danmerkur og Þýskalands en erum í viðræðum vegna fleiri sýninga.“

Laufey segir viðtökurnar við Bliki framar vonum. „Þær hafa verið rosalega góðar og við erum mjög hamingjusöm með það. Við erum búin að vinna í þessu í svo langan tíma. Það er rosalega skemmtilegt að sjá loksins hvað fólki finnst.“ **- hhs**





**Fatalínan Blik** Hönnun Laufeyjar Jónsdóttur hefur margvíslegar vísanir í veiðiástarsöguna um sækonuna Þóru og Jón bónda.
MYNDIR/ODDVAR ÖRN HJARTARSON


Signatures Of Nature

– lífrænar og náttúrlegar snyrtivörur

Komin í jólaskap
Erum með gjöfina fyrir þig og þína
Setjum í gjafakassa

Frábær tilboð á *Yes to Carrot*, *Yes to Cucumbers*, *Yes to Tomatoes* – 20% afsláttur

Tilboðin gilda frá föstudegi til mánudags



María Heba Þorkelsdóttir
leikkona

Líf okkar er stundum flókið og álagið getur verið mikið. Við viljum öll, konur og karlar, standa okkur í leik og starfi og til þess að það megi verða þurfum við að hlúa vel að okkur sjálfum. Vörurnar frá Signatures of Nature koma eins á himnasending nú þegar kreppir að og buddan er léttari en oft. Hér er á ferð frábær vara á frábæru verði. Ég hef mælt með Signatures of Nature við vinkonur mínar og mömmu mína. Ég mæli með Signatures of Nature fyrir þig … og alla þá sem þér þykir vænt um.



Kolbrún Björnsdóttir
fjölmiðlakona

Nature Scent líkamslínan er himnasending fyrir þurra húð, hvort sem um er að ræða sturtuscrub, olíuna eða body-butter.

Ég fann strax mikinn mun á andlitinu eftir að ég byrjaði að nota dagkremið frá Nature Scent. Stór kostur finnst mér að það er án allra rotvarnarefna og inniheldur Barbadensis, eina bestu ættkvísl Aloe vera plöntunnar.

**Smáralind**
**Efri hæð vinstra megin**
**við Debenhams**

**Andorra**
**Strandgata 32**
**Hafnarfirði**

www.signaturesofnature.is




**Signý Kolbeinsdóttir** Selur súkkulaði í eigin umbúðum til styrktar UNICEF.

Teiknarinn Signý Kolbeinsdóttir leysir vandann:

## Súkkulaðimerkimiði

Oft vantar eitthvað örlítið upp á til að fullkomna bókapakkann um jólin. Teiknarinn Signý Kolbeinsdóttir hefur fundið lausn á því. „Ég fékk þessa hugmynd að hanna fallegar umbúðir utan um gott súkkulaði og selja það til styrktar UNICEF fyrir jólin. Mér fannst þetta svo frábær hugmynd hjá mér að ég varð að framkvæma hana og hafði samband við Nóa Siríus. Þetta er íslensk hönnun, íslensk framleiðsla og fólk styrkir fátæk börn fyrir jólin. Það gerist náttúrulega ekki betra en það.“




Um er að ræða hundrað gramma appelsínusúkkulaðiplötu vafða inn í umbúðir Signýjar. Á pakkningunni eru svo „til og frá reitir“ sem gera súkkulaðið að hinum fullkomna merkimiða fyrir jólin.

Súkkulaðistykkin eru til sölu í verslunum víða um Reykjavík, meðal annars í Máli og menningu á Laugavegi, Kron kron, Iðu, Aftur og barnafataversluninni Rumputusku og kosta 650 krónur. **- hhs**


30
ÁR MEÐ
PLAYMOBIL
Á ÍSLANDI
PLAYMOBIL DAGATÖLIN
KOMIN Í VERSLANIR UM LAND ALLT
NÝ SENDING
AF PLAYMOBIL VÖRUM
Í VERSLUNUM UM ALLT LAND
Adventskalender
playmobil

# tíðin
✻ vortískan 2010




**BABYDOLL-VARIR** Snyrtivörumerkið Make-up Store var að kynna nýju línu til sögunnar sem nefnist Babydoll. Hún er einstaklega flott blanda af rósrauðum vörum og dökkum augum. Varagloss í litnum Best býr til sérlega kyssilegar varir.


**Sætt** Bleikur og stelpulegur sumarkjóll við kúrekastígvél.


**Indjánalegt** Flott rúskinnstaska með kögri.


**Sítt** Flott sítt pils og skyrta í stíl.


**Mynstrað** Við skyrta í mexíkóskum stíl.

## Mexíkósk mynstur, kúrekahattar og töffaraheit

# VILLTA VESTRIÐ

Teikn eru á lofti um að kúrekatískan snúi aftur á næstunni. Hún hefur átt vinsældum að fagna á hinum og þessum tímabilum, meðal annars á sjöunda áratugnum þegar Faye Dunaway lék í Bonnie and Clyde og Brigitte Bardot skein skært í vestranum Shalako. Franska tískuhúsið Paul & Joe endurvakti kúrekatískuna á sýningu sinni fyrir vor og sumar 2010 en þar mátti sjá kúrekahatta, kúrekastígvél, rómantískar skyrtur, hálsbindi og síð pils. Stórskemmtilegt og svalt lúkk til að leika sér með. *- amb*


**Korselett** Æðislegt svart korselett og buxur með blúnduskyrtu innan undir.


**Sexí** Stuttar buxur við skyrtu og vesti.



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

ÁHRIFA-
valdurinn

# BLUR



## Snorri Helgason tónlistarmaður



„Ég get alveg sagt að platan Parklife með Blur hafi breytt lífi mínu. Systir mín fékk hana þegar pabbi kom heim frá Bretlandi, árið 1995, og ég stalst til að hlusta á hana nokkuð oft. Þá var ég ellefu ára og var alveg geðsjúkur Blur-aðdáandi. Ég gekk með Blur-húfu og allan pakkann,“ útskýrir Snorri.

„Blur var fyrsta uppáhaldshljómsveitin mín og er það í rauninni enn þá í dag. Það hefur tvímælalaust haft áhrif á mína tónlist og ég hlusta enn þá mikið á þá. Versta birtingarmyndin af þessari kreppu fyrir mig var að ég komst ekki til Bretlands í sumar til að sjá Blur spila í Hyde Park, en það voru fyrstu tónleikar þeirra síðan 2001. Maður veit ekki hvort þeir ætla að gera eitthvað meira, en ef þeir gera eitthvað verð ég að sjá það,“ segir Snorri.



**Búa saman og vinna saman** Mia Spoon og Rui Diogo hanna fyrir sjálfstæðar konur.

Nýtt danskt hönnunarteymi:

# SPOON DIOGO

Parið Mia Lisa Spoon og Rui Andersen Rodrigues Diogo hafa unnið saman undanfarin fjögur ár og settu á fót merkið Spon Diogo árið 2008. Mia hefur unnið sem klæðskeri í mörg ár en Rui rak gallerí í Reykjavík á sínum tíma með Önnu Maríu Helgadóttur sem nefndist Gallerí 101. „Ég ber enn sterkar tilfinningar til Íslands og á góða vini þar,“ segir Rui. „Við Mia unnum saman fyrir nokkur fyrirtæki í Kaupmannahöfn og gerðum meðal annars skartgripi og töskur. Okkur langaði að skapa merki fyrir konur með áherslu á einfaldleika og skarpa hönnun og munaðarfull efni. Spoon Diogo-konan á að vera sjálfsörugg borgardama.“ Fyrsta lína Spoon Diogo leit dagsins ljós síðastliðið haust og var seld í versluninni ParisTexas í Kaupmannahöfn. Vetrar- og haustlínan fyrir 2009 inniheldur 36 „capsule“-stykki og kallast Facets. „Við höldum okkar fyrstu tískusýningu á tískuvikunni í Kaupmannahöfn hinn 5. ágúst og í kjölfarið förum við á tískuvikuna í París og við erum ofsalega spennt fyrir því.“ www.spondiogo.com *-amb*







# Gyllt lína frá Estée Lauder

Bandaríska snyrtivörufyrirtækið Estée Lauder hefur sent frá sér fallega haustlínu sem kallast „Sensous Gold“. Þar er á ferðinni kvenleg og skínandi litalína í brúnum og rósrauðum tónum sem með gylltu yfirbragði. Púðrið veitir húðinni sérstakan gylltan ljóma og gerir hana frísklega með dúnmjúkri áferð. Augu eru förðuð með brúnum, ferskjulituðum og koparlituðum tónum og varir eru koparog plómulitaðar. Heildarútkoman er einstaklega kvenleg og falleg. *- amb*


POPP

Nýtt fylgirit Fréttablaðsins

Sendu okkur símamynd!



POPP er nýtt fylgirit Fréttablaðsins og kemur út mánaðarlega.

Við viljum að þið sendið okkur klikkuðustu símamyndirnar ykkar.

Bestu myndirnar birtast í næsta tölublaði og höfundur bestu myndarinnar fær *tvo kassa af Doritos í verðlaun.*

Sendið myndirnar í síma: 696 POPP (696 7677) eða á popp@frettabladid.is

Við viljum tvífara fræga fólksins!

Er kærastan þín eins og Angelina Jolie eða er vinur þinn eins og Jack Black? Sendu okkur mynd til sönnunar og hún gæti birst í næsta tölublaði.

vodafone





**JOCASTA, SVARTUR SATÍNKJÓLL**
Verð 29.900 kr

Vörurnar fást í Coast, Smáralind.
S:5445111







**LELEE, BLÚNDUKJÓLL**
Verð 39.900 kr.

**VALDA, GULLKJÓLL**
Verð 32.900 kr

**MISSY, RAUÐUR SATÍNKJÓLL**
Verð 29.900 kr

Jól og áramót kalla á fallegan kjól sem gengur í öll samkvæmi. Föstudagur kynnti sér hvaða fallegu flíkur eru í boði þetta árið.

# EKKI FARA Í JÓLAKÖTTINN!



**HLÝR OG FALLEGUR PRJÓNAKJÓLL FRÁ SPORTMAX**
Verð 41.900 kr. Einnig er hægt að nota hann án kraga.



**SANNKALLAÐUR KOKTEILKJÓLL VIÐ ÖLL TÆKIFÆRI FRÁ FILIPPA K.**
Verð 31.900 kr.

Vörurnar fást í Gk Reykjavík, Laugavegi 66
www.gk.is



**SILKIKJÓLL FRÁ RÜTZOU MEÐ FALLEGU MUNSTRI.**
Verð 39.900 kr.

Farmers Market, Eyjarslóð 9
www.farmersmarket.is



**HEIÐI ER EINSTAKLEGA LÉTTUR OG ÞÆGILEGUR SILKIKJÓLL**
Hlýrarnir eru stillanlegir þannig að ein stærð hentar mörgum. Fæst einnig svartur, grænblár eða kampavínslitur.Verð 26.500 kr.



**SAND KJÓLL**
Tveir litir, blágrænn og svartur. Stærðir 36-42. Verð 69.990 kr.



**BOSS SILKIKJÓLL**
Hálsmál upp í háls. Einn litur, svartur. Stærðir 36-40. Verð 74.990 kr.

Vörurnar fást í Boss og Sand, Kringlunni.



**BOSS SILKIKJÓLL**
Einn litur – svartur
Stærð. 36-40
Verð 89.900kr

Vörurnar fást í Elm, Laugavegi
www.elm.is



**HVÍT SILKISKYRTA OG SVARTUR JAKKI** Gullfalleg silkiskyrta með rómantískum blæ. Skyrtan er falleg með svörtum jakka úr microfiber-efni. Fæst í mörgum stærðum.



**TAFFETA-KJÓLL** Einstaklega fallegur samkvæmiskjóll úr þægilegu eplagrænu tafti frá Japan, sem lætur þér líða kvenlega og tælandi. Fæst í mörgum stærðum.

E-LABEL, Laugavegi 33.
www.e-label.is



**DYNASTY DRESS, PALLÍETTUKJÓLL**
Stærðir: S/M og M/L. Verð 26.500 kr.



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Inga R. Bachmann skartgripahönnuður**



**1** Byrja daginn á göngutúr á fjallinu, borða bláber og krækiber, og það er brakandi sól og sumar.



**2** Fer í fjöruferð á Ströndum, og næ að sanka að mér alls konar dóti úr fjörunni.



**3** Afslappelsi í kórunum á Drangsnesi með góðum vinum og með kampavín í hendi.



**4** Svo er búið að elda humar og krækling fyrir alla.



**5** Slá svo upp partí og dansa fram á nótt.


# SPENNA OG STÍLSNILLD




Sagan er umfram allt bráðskemmtileg og afbragðsgóð heimild um horfinn tíma ... saga með spriklandi lífi ...
*– Ágúst Borgþór Sverrisson, Pressan.is*

Ólafur er leiftrandi höfundur þegar hann er bestur. ... Það er heiður himinn yfir frásögninni allri, væntumþykja og ekkert væl.
*– Páll B. Baldvinsson, Fréttabl. 6. nóv.*

Afbragðsbók, dásamleg lesning.
*– Sigurður G. Tómasson, Útvarp Saga*




**Nokkrar umsagnir um *Flugu á vegg*:**

Ljúfsár ... hrífandi ... dramatísk og einlæg ...
*– Einar Falur Ingólfsson, Lesb. Mbl.*

Unaðslegt að lesa þetta ... virkilega góð bók.
*– Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljan*

★★★★




## ÆSISPENNANDI SAGA

Þýskir nasistar trúðu því að hinir norrænu ásar, Óðinn og Þór, hefðu haft yfir að ráða mögnuðum vopnum og töldu að í rústum týndra borga Gota í Evrópu mætti finna lykil að þessu forna leyndarmáli.

– Hvers vegna klæðist níræður Íslendingur einkennisbúningi hinna illræmdu SS-sveita Þriðja ríkisins áður en hann fremur sjálfsmorð?
– Hvers vegna grípa dularfullir menn til örþrifaráða til að afla upplýsinga um rannsóknir þýskra nasista á launhelgum Óðins og Þórs?
– Af hverju gera þeir Ísland að vettvangi skuggalegrar starfsemi sinnar?

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

512 50 50 Auglýsingasími




– Mest lesið

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Óska eftir live fitness hlaupabraut og cross traimer. Einnig Svhwinn spinning hjóli. S. 861 5718.

## Verslun










## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Skotvopn

Browning 223, 6-24x44 sjónauki, Browning 270 WSM(ónotaður) 4-16x50 sjónauki s. 856 7113.

## Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 555 7905 og ulfurinn.is

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu fríanprufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN! Hringdu núna, Pétur 773-1025, Katrín 699-6617, Drífa 695-8464.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.






**Shaktimat**
Indverska nálastungumottan sem er búin að slá rækilega í gegn í Svíþjóð. Verð 13.900.- nú á TILBOÐI 8800,-. Hefur 6210 nálastungupunkta sem geta haft græðandi, afslappandi og róandi áhrif fyrir líkama og sál.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**J. B. HEILSULIND**
**Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

Fullkomið nudd. Uppl. í s. 662 0841.

## Snyrting

www.ilmvatn.net - Ný vefverslun með ilmvötn og rakspíra á frábæru verði.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**SÍÐASTA SKARTGRIPANÁMSKEIÐ ÁRSINS**
23.,24.& 26. nóv kl. 18-22 Verð: 22.000 kr. Skráning og uppl. s:5551212 Handverkshúsið Bolholti 4

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu, 190x200 heilsurúm frá Betra Bak. Er með rafmagnsbotni, nuddi og heilsudýnu. Kostar nýtt 700 þús verð 350 þúsm, eins og nýtt. Sími 6612400

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Smáhundar til sölu. Kíktu á heimsíðu okkar: www.dalsmynni.is Eina löggilda hundaræktunin í landinu.**
**Sími 566 8417 þjóðum visa/euro raðgreiðslur.**

poodle hvolpar millistærð til sölu 8 vikna tilbúnir að flytja uppl í s 8614910

Óska eftir fiskabúri 40-60l verður að vera mjög ód. S. 773 7389.

Am.cocker hvolpar m/HRFI ættb til sölu. Uppl. 8657830 www.morgundaggar.bloggar.is

## Ýmislegt

**Jólahreingerningar!**
Tek að mér hreingerningar á fyrirtækjum og heimilum fyrir jólin. Vönduð vinnubrögð. Uppl. á email hrannar-jons@simnet.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Rjúpur Rjúpur Rjúpur!**
**Nú er snjólínan kominn niðuri byggð!**

**og Rjúpan fylgir með!**

**Tilboð á Gistingu og Mat í Víðigerði!**

**Kjötsúpa í kvöldmat!**

**Gisting og íslenskur morgunmatur!!!**

**Aðeins 5000 íslenskar krónur**
**Upplýsingar og pantanir í s. 451 2592.**

## Hestamennska

Til leigu tvær 2ja hest stíur í Heimsenda. Uppl. í s. 863 6687.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Á sama stað við Laugaveg er til sölu eða leigu bæði verslunar og íbúðarhúsnæði. Uppl. kristrun@ismennt.is

4 herb. 100fm íbúð í atvinnuhúsnæði á Bíldshöfða. 130þús. á mán. Laus strax. s: 699 0059.

Herbergi til leigu, lítil og stór. S. 895 2138.

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Herbergi til leigu í Kópavogi. Aðgangur að eldhúsi og þvottahúsi. Tengi fyrir Stöð 2 og Sýn. Uppl. s. 893 2385.

Gott herb. til leigu í 110 Árbæ. WC, sturtu, TV og síml. S. 587 6297 og 863 6297.

Til leigu í Baugakór 115fm. 3-4herb. Á jarðh. m. 50fm sólpall & stæði í bílag. 130 á mán. 2 mán fyrirfram. Ekki þarf að greiða leigu fyrir des. s. 698 0098.

3ja herb íbúð til leigu 100 fm í v. Kóp frá 24. okt. reyklaust/engin gæludýr. Uppl. gefur Sigurjón í s. 567 5993.

## Húsnæði óskast

Par með eitt barn óskar eftir lítilli 2-3 herb. íbúð. Greiðslug. 80-90 þús. Alexandra s. 663 2882.

Par með lítið barn óskar eftir 3-4 herb. íbúð til leigu frá 1.feb í langtímaleigu. Greiðslug. 110þús, uppl. 8661242

Erum tveir félagar að leita að góðri 3herb íbúð með 2 rúmgóðum herbegjum nærri miðbænum. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. S: 6154516

## Fasteignir

ÚTSALA.. 2 lóðir til sölu í Garðinum. Önnur með öllum arkitekta teikn. kominn púði, öll gjöld greidd. V 1,5m. Hin lóðin. Allar teikn. Kominn sökkull, öll gjöld greidd. V 3,8m. (EKKI KOSTNAÐAR VERÐ) Uppl. í S. 891 9388-869 6492.

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar- og lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði. Nokkrar stærðir, hagstætt verð. S: 8224200

Á sama stað við Laugaveg er til sölu eða leigu bæði verslunar og íbúðarhúsnæði. Uppl. kristrun@ismennt.is

BREIÐHELLA HF. Til leigu eða sölu 134 fm iðnaðarbil. Hurð 4x4m. Skoða að taka bíl uppí. Uppl. S 822-5588.

Skrifstofa -vinnustofa-verkstæði-verslun Til leigu í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði: 20m2, 40m2 og 100m2 rými. Aðg. að snyrtingum og kaffistofu. Sími 898 7820.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhús.is**
Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi,fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl, í síma 770-5144

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Er með upphitað geymsluhúsnæði fyrir Fellihýsi - tjaldvagna - hjólhýsi - pallhýsi. S. 867 1282.

## Gisting

Vel búin orlofsíbúð til leigu á Akureyri með svefnrými fyrir 6 manns. Staðsett á rólegum stað hentugt fyrir fjölskyldufólk. Nánari upplýsingar í síma 771 7067.

2 manna herb. í miðbæ Rvk. 6500 kr. nóttin. Gistiheimilið Egilsborg s. 896 4661.

Góð gisting í Reykjavík. Verð frá 5.900 kr. Reykjavík Bed & Breakfast Grensásvegi 14 S. 588 0000 www.rbb.is

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
**GÓÐ STAÐSETNING**
**GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Nýr valkostur
skráðu þig í
**atvinnuleit.is**
það virkar!
**Atvinnurekendur auglýsa frítt!**

JOLLI

**Jolli í Hafnarfirði**
Óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu í hlutastarf. Lágmarksaldur 18 ára. Vinnutími 1 virkt kvöld og önnur hver helgi. Umsóknareyðublöð á: www.umsokn.foodco.is

Kol ehf

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 kol@kol.is

Pizza Hut

**Hefur þú metnað og áhuga til að veita góða þjónustu?**
Pizza Hut getur bætt við sig nokkrum starfsmönnum í hlutastarf og fullt starf. Pizza Hut er fjölskyldu veitingastaður þar sem boðið er uppá fulla þjónustu til borðs. Allir starfsmenn fá góða þjálfun og þurfa að standast alþjóðleg viðmið í þjónustu og viðmóti. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum Lágmarksaldur er 18 ára, Góð tök á íslensku er skilyrði. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is.

## Tilkynningar

# Fyrirtæki óskast

Erum að leita að fyrirtæki í framleiðslu, inn eða útflutning til kaups. Skoðum allt. Verð 1 til 10 milljónir
**Allar nánari upplýsingar sendist á fyrirosk@gmail.com**

## Skemmtanir



# Cafe Catalina

## Í kvöld spila Feðgarnir

***Kíkið á www.catalina.is***

**Allir velkomnir**
**Snyrtilegur klæðnaður áskilin**

**Hádegismatur alla virka daga**

**Boltinn í beinni!**

**Hamraborg 11, 200 Kóp. S: 554-2166**

**Bílamálari óskast**
Bílmálning ehf. óskar eftir bifreiðasmið og bílamálara. Góð laun í boði. Umsóknir sendist á tjonaskodun@tjonaskodun.is. Uppl. í s 445 6480.

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

**Guðspekifélagið**
**Í kvöld, föstudaginn 20. nóvember kl. 20:30** heldur Salvör Nordal erindi sem hún nefnir: Hugleiðingar um samfélagslega ábyrgð, í húsi félagsins, Ingólfsstræti 22.
**Laugardaginn 21. nóvember kl. 14:00** er hugleiðing. **kl. 14:30** fræðsluefni Sigvalda í umsjá Birgis Bjarnasonar. **Kl. 15:00: Opið hús og Kl. 15:30** heldur Bjarni Björgvinsson erindi sem hann nefnir: Hugleiðingar frá Sigvalda.
**Á fimmtudögum** kl. 16.30-18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
**www.gudspekifelagid.is**

### Einkamál



**Ný upptaka**
Hún tók sjálfa sig upp í ljúfum leik í baði í - og hlustaðu eftir blæbrigðum raddarinnar þegar nær dregur, þau eru svo ákaflega djúp og innileg. Þú heyrir upptökuna hjá Sögum Rauða Torgsins, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort) uppt.nr. 8570.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Símadömur 908 1616**
**Hringdu og daðraðu við okkur. Njóttu þess að tala og hafa gaman að.**

**Við erum alltaf við.**

**Vodafone/Tal**

**908 1616**

**Fjörugar símadömur**
Nú er stuð á dömunum á Rauða Torginu! Undanfarið hafa um 10 yndislegar dömur verið að leika sér og það hefur ekki verið spjallað svona mikið síðan löngu fyrir hrun! Hver verður vinkona þín í kvöld? En á morgun? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).

Frí heimsending Ýsubitar 1.flokks hnakkar 890 kr kílóið Þorskur r&b 1090 kr kílóið Jóla Humar 3500 kr kílóið Skötuselur 1990 kr kílóið Lúða 1990 kr kílóið Kthfiskur.123.is kthfiskur@internet.is S897 8045.

**TEITUR**

**BIFVÉLAVIRKJAR/VÉLVIRKJAR**

Óskum eftir starfsmanni á verkstæði okkar. Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Haraldur í síma 515-2700 á skrifstofutíma.

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



FRÉTTABLAÐIÐ



# Eldfjallagarður er samstarfsverkefni

**UMRÆÐAN**
Ari Trausti Guðmundsson skrifar um eldfjallagarð


ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON

Hugmyndir um eldfjallagarð á Reykjanesskaga hafa verið all-lengi á kreiki.

Fyrir meira en áratug vann ég greinargerð fyrir Hafnarfjarðarbæ um safn til sögu eldvirkni og um eldfjallagarð tengdan því. Með eldfjallagarði er átt við mörg samtengd svæði eða staði þar sem áhugafólk getur fræðst með einhverjum hætti (skilti, prentefni, hljóðrænar upplýsingar o.s.frv.) um sögu eldgosa, eldstöðvar, gosmyndanir og jarðskorpuhreyfingar. Milli staða geta menn ýmist ekið, hjólað eða gengið, allt eftir stað, vegalengd og áhuga. Sýningar eða sérstök mannvirki sem varða jarðeld eða jarðhita geta verið hluti garðsins.

Á Reykjanesskaga er að finna mest af því sem jarðeldur á Íslandi hefur skapað en þó ekki stóru, þroskuðu megineldstöðvarnar, eldkeilur og fjöll með öskju. Hengill er samt þar í ætt sem ung megineldstöð. Gestir geta skoðað allan garðinn eða aðeins hluta, eftir því hvað tími eða áhugi segir til um og hann nýtist jafnt lærðum sem leikum. Og þessi garður þarf ekki að vera sá eini á landinu. Svæði eins og Eldgjá-Lakagígar-Langisjór, Hekla-Torfajökull, Snæfellsjökull og nágrenni, land frá Hnappadal yfir í Hraunsfjörð og milli Gjástykkis og Mývatns eru líka hentug.

Í sínu ítrasta formi tekur eldfjallagarður á Reykjanesskaga til hans alls, þ.e. nokkurra svæða sem mynda heild og markast þau að mestu af landsvæðum og stöðum innan fjögurra eldstöðvakerfa sem liggja skáhallt inn eftir skaganum. Af sjálfu leiðir að eldfjallagarður af bestu gerð er samvinnuverkefni allra sveitarfélaga skagans. Og raunar fleiri aðila innan þeirra og utan. Gera þarf framsetninguna vel úr garði, heildstæða og náttúruvæna, og hafa viðhald í lagi sem og allan rekstur.

Ég hef skrifað nokkrar blaðagreinar um eldfjallagarða og enn fremur unnið lauslegar hugmyndir að Reykjaneseldfjallagarði (eða hluta hans) fyrir ýmsa aðila síðan á öldinni sem leið og því fylgst með framvindunni. Áhuginn sýnist aukast jafnt og þétt og er það vel. Hann hefur til dæmis komið fram hjá náttúruverndarsamtökum, meðal aðila í Reykjanesbæ, hjá forsvarsmönnum Grindavíkur, í Hafnarfirði og nú síðast samfara vinnu við tillögur að opnun Þríhnúkagígs en hann er í landi Kópavogs.

Fyrir meira en áratug var unnið að lagningu Reykjavegar en það er um 130 kílómetra löng gönguleið, sjö daga ferð, frá Nesjavöllum, eftir endilöngum Reykjanesskaganum, að Reykjanesvita. Leiðin var stikuð og koma átti upp gistiaðstöðu (litlum skálum og tjaldstæðum) við hana. Verkið var unnið með samvinnu flestra þáverandi sveitarfélaga, frá Kjalarnesi til Garðs. Því miður tókst ekki að ljúka verkefninu með gistiaðstöðu og enginn rekstraraðili fannst. Auðvitað er verkefni sem þetta lítið miðað við gerð góðs eldfjallagarðs en það kennir þó að samvinna er möguleg. Á það er minnt með þessum pistli. Enn fremur er augljóst að samvinnan verður að taka til þess hvernig menn samþætta slíkan garð og aðra auðlindanýtingu á skaganum öllum.

*Höfundur er jarðeðlisfræðingur.*

# Sektir á þjóðfundi

**UMRÆÐAN**
Þór Jakobsson skrifar um bílastæðamál


ÞÓR JAKOBSSON

Á laugardaginn var veittist mér sú ánægja að taka þátt í að semja nýjan þúsund radda brag um bjarta framtíð lands og þjóðar. Á sögulegum og vel skipulögðum Þjóðfundi var lagt á ráðin um hvað þjóðin ætti að hafa að leiðarljósi til að létta þrautagönguna eftir Hrunið mikla og stefna að þegar komið væri út úr eyðimörkinni. Verður vonandi gagn að öllu því sem rætt var og skrifað á óteljandi litfagra miða í þétt setinni Laugardalshöll. Forsprakkar og allir sem lögðu hönd á plóginn eiga hrós skilið og þökk fyrir glæsilegt þing með þeim þverskurði þjóðarinnar sem þarna var saman kominn.

Það var logn og blíða þegar þjóðfundarmenn streymdu út úr höllinni léttir í lund hundruðum saman eftir skemmtilegan dag. En samkvæmt frétt í Fréttablaðinu í dag hefur tíunda hverjum fundarmanni brugðið í brún er hann nálgaðist bíl sinn. Kveðja frá laganna vörðum var komin á framgluggann: sekt. Og minn bíll var horfinn! Hafði honum verið stolið eða hvað? Skal ekki fjölyrt hér um þennan lokahnykk á þjóðfundarþátttöku minni heldur kem ég hér með tillögu til íhugunar.

Tekið skal fram að ég er alla manna argastur út í þá sem leggja bíl sínum út á gras eða fara um grasblett til að stytta sér leið ef önnur er til. En það er hætt við, á fjölmennum mannfundum, að fleiri fylgi á eftir út á blett eða tylli sér upp á gangstétt í röð fyrir aftan þá sem hafa byrjað. Af óviðráðanlegum orsökum var ég t.d. seint á ferð, kom að austan meðfram Húsdýragarðinum, bílar lagðir þá þegar tvist og bast á vegarkanta og uppi á grasblettum þegar nær dró Laugardalshöll, allfjarri henni þó, og bílastæðið við Skautahöllina fullt.

Það er í rauninni ekki einleikið hve margir þjóðfundarmenn fengu þarna sektir. Það hljóta að hafa verið þarna mjög margir ef ekki flestir sem sækja ekki oft stórviðburði í höllinni. Og er því hvorki fullkunnugt um bílastæði annars staðar í Laugardal né rösklegri framgöngu lögreglunnar meðan á atburðum stendur.

Hér er tillagan. Annars vegar að merkja ætti bannsvæðin mun rækilegar og víðar en gert er nú. Hins vegar að kalla ætti til „varalið“ til að stjórna aðvífandi umferð fyrir upphaf stórviðburða – og sérílagi mannfunda, svo sem landsfunda, þar sem ætla mætti að væntanlegir gestir væru ekki allir hagavanir.

Bílastæðasjóður hefur þénað um daginn nokkur hundruð þúsund krónur. Svona pening mætti nota í fyrirbyggjandi aðgerðir.

*Höfundur er veðurfræðingur.*






## 90 ára afmæli

### Haukur Pálsson

húsasmíðameistari,

verður 90 ára, mánudaginn 23. nóvember. Af því tilefni tekur hann á móti vinum og vandamönnum sunnudaginn 22. nóvember í Kiwanishúsinu, Engjateig 11 á milli 16-19.

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, systir, mágkona, frænka og amma,*

**Brynja Ingibjörg Brynleifsdóttir Mallios**

lést á sjúkrahúsi í Lakeland í Flórída 2. nóvember síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Minning þín lifir.

Philip Mallios
Jósep Brynleifsson
Jón Brynleifsson — Ingunn Sigurðardóttir
Jóhannes Brynleifsson — Sigríður Garðarsdóttir
Karl Brynleifsson — Jónína Skaftadóttir
Tobías Brynleifsson — Margrét Jónsdóttir
frændsystkin og barnabörn.

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Þórmundar Þórmundssonar**

Fossvegi 10, Selfossi.

Unnur Jónsdóttir
Vilborg Þórmundsdóttir — Benedikt Benediktsson
Margrét Þórmundsdóttir — Sveinn Guðmundsson
Þórunn Þórmundsdóttir — Gísli Steindórsson
Jóhann Þórmundsson — Sigríður Möller
barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Árni Óskarsson**

Engjavegi 51, Selfossi,

lést á Fossheimum Selfossi þann 15. nóvember. Útförin fer fram frá Selfosskirkju þann 21. nóvember kl.13.30.

Heiðdís Gunnarsdóttir
Elísabet Árnadóttir
Gunnar Árnason — Anna Lóa Sigurjónsdóttir
Erna Jansdóttir
Heiðdís Gunnarsdóttir
Íris Gunnarsdóttir
Árni Gunnarsson

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Irma Jóhanna Pálsdóttir**

frá Neskaupstað, Boðahlein 11, Garðabæ,

verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju föstudaginn 20. nóvember kl. 13.00.

Anna Gréta Baldursdóttir — Sigurður Runólfsson
Sólveig Baldursdóttir — Sigurður Steinar Ketilsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guttormur Ármann Gunnarsson**

Marteinstungu, Holtum,

verður jarðsunginn frá Marteinstungukirkju laugardaginn 21. nóvember kl. 14.00.

Elke Gunnarsson
Hanna Regína Guttormsdóttir — Sigurður Ólafsson
Guðný Kristín Guttormsdóttir — Kristinn Lund
Helga María Guttormsdóttir
Gréta Friðrika Guttormsdóttir — Trausti Valdimarsson
Gunnar Guttormsson
Áslaug Berta Guttormsdóttir — Egill Sigurgeirsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Helgi Eiríksson**

aðalbókari,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 20. nóvember kl. 15.00.

Sigrún Dúfa Helgadóttir — Gunnar Karlsson
Eiríkur Helgason — Þórunn Kristinsdóttir
Sigurjón Helgason — Vilhelmína Haraldsdóttir
Ingólfur Helgason
Jón Helgason — Sigrún Greta Magnúsdóttir
Anna Sigríður Helgadóttir — Ívar Gunnarsson
afabörn, langafabörn og langalangafabörn.

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sesselju Einarsdóttur**

áður til heimilis að Löngumýri 26, Garðabæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Eir.

Edda Sigrún Gunnarsdóttir
Guðrún Gunnarsdóttir
Marteinn Gunnarsson
og fjölskyldur.

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma*

**Ragnhildur G. Finnbogadóttir**

frá Fremri-Hvestu, Arnarfirði,

lést á Hrafnistu í Reykjavík þann 9. nóvember. Útförin fer fram frá Bíldudalskirkju laugardaginn 21. nóvember kl. 14.00.

Sigríður Bjarnadóttir — Kristján Bersi Ólafsson
Margrét Bjarnadóttir — Guðni Sigurjónsson
Guðbjörg Bjarnadóttir — Ægir Jóhannsson
Kristófer Bjarnason — Janthuan Uansa-Ard
Marínó Bjarnason — Freyja Magnúsdóttir
Jón Bjarnason — Halla Hjartardóttir
Ingibjörg Halldóra Bjarnadóttir — Albert Sigurður Albertsson
Elín Bjarnadóttir — Smári Adolfsson
Gestný Bjarnadóttir
Katrín Bjarnadóttir
Dagur Bjarnason — Valborg Mikaelsdóttir
Ragnar Gísli Bjarnason
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

---

**ROBERT ALTMAN (1925-2006) LÉST ÞENNAN DAG**

*„Karlmenn hanna föt fyrir þær konur sem þeir myndu vilja vera með eða í flestum tilfellum þær konur sem þeir myndu sjálfir vilja vera."*

***Robert Altman var bandarískur kvikmyndaleikstjóri sem gerði myndir á borð við Gosford Park, MASH og Nashville.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**MIKILHÆFUR FORYSTUMAÐUR** Útför Benedikts Davíðssonar verður gerð frá Hallgrímskirkju í dag.

BENEDIKT DAVÍÐSSON: MINNING

## Leiðtogi og mannasættir

Í dag klukkan 15 verður gerð frá Hallgrímskirkju útför Benedikts Davíðssonar fyrrverandi forseta Alþýðusambands Íslands. Benedikt fæddist á Patreksfirði 3. maí 1927 en lést 13. nóvember síðastliðinn.

Benedikt var einn þeirra manna sem mótuðu samfélag okkar á síðustu áratugum 20. aldar. Hann var mikilhæfur forystumaður verkalýðshreyfingarinnar, áhrifamaður í stjórnmálum og einn þeirra sem hvað drýgstan þátt áttu í mótun lífeyriskerfis handa alþýðu manna á Íslandi. Benedikt var leiðtogi að eðlisfari og mannasættir. Hann gat verið ákveðinn og þver ef með þurfti en aldrei ósanngjarn. Hann bjó yfir visku sem fáum er gefin. Framganga hans einkenndist af hógværð og samúð með málstað þeirra sem höllum fæti standa.

Benedikt hafði burði til að takast á við erfiðustu mál af alvöru og þrótti og honum voru falin mikilvæg verkefni. Honum var líka mikill sómi sýndur. Samt auðnaðist honum að varðveita auðmýkt gagnvart verkum sínum og varð aldrei í eigin huga stærri eða merkilegri en það verkefni sem hann stóð frammi fyrir. Benedikt var skemmtilegur maður. Það var gaman að vera með honum og hann sýndi okkur sem unnum fyrir hann virðingu og skilning. Hann missti aldrei sjónar af uppruna sínum og var trúr málstað síns fólks. Meðfram eðliskostum sínum var Benedikt einmitt hæfilega breyskur. Hann var gleðimaður og gleðigjafi og það var auðvelt að gleðjast með honum. Það er gott að mega gleðja sig við minninguna um Benedikt Davíðsson.

**Ástráður Haraldsson**

---



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem auðsýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ingunnar Tryggvadóttur,**

Efstasundi 63, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við öllum þeim sem önnuðust hana í veikindum hennar fyrir frábæra umönnun og hlýju. Einkum þökkum við læknum og starfsfólki Landspítalans á deild A6 í Fossvogi, á deild K1 á Landakoti svo og þeim sem sáu um heimahjúkrun meðan hún dvaldi heima. Guð blessi ykkur öll.

Hörður Lárusson
Unnur Harðardóttir — Jón Eiríksson
Lárus Þórarinn Harðarson — Tina Hardarson
Tryggvi Harðarson — Harpa Jónsdóttir
Anna Guðrún Harðardóttir — Hallgrímur Guðmundsson
Hafdís Harðardóttir — Jóhann Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er með **143%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

29,3%



MORGUNBLAÐIÐ

71,4%



FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft...




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.

# Helgar FRÉTTABLAÐIÐ blað



alla laugardaga

## Helgarblaðið:

Hugnast ekki stóriðja.
- Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, í helgarviðtali

Bassaleikur er þjónustustarf.
- Tómas Tómasson bassaleikari fer yfir 40 ára feril



## Matur:

Franskt gestaboð.
- Þrír matgæðingar halda franska sælkeraveislu

Persneskt lostæti.
- Elham Teherani töfrar fram íranskan þjóðrétt

Allt sem þú þarft






# Hvað á bókin að heita?

**BAKÞANKAR Brynhildar Björnsdóttur**



Þegar ég var lítil hófst jólaundirbúningurinn hjá mér þegar Bókatíðindi komu í hús. Ég las vel og vandlega gegnum kynningarnar á hverri einustu barna- og unglingabók áður en ég gerði óskalista í nokkrum eintökum og dreifði til helstu mögulegra gefenda.

**ÁRUM** saman var Hringadróttinssaga efst. Ég sá teiknimyndina í bíó þegar ég var tíu ára og heillaðist. Gallinn við þá mynd er hins vegar sá að hún hættir í miðri bók svo um hver einustu jól vonaði ég að Fjölvi stæði við orð sín og gæfi út alla söguna, þangað til ég gafst upp og las bókina á ensku. Fékk hana svo í jólagjöf mörgum árum seinna frá pabba, sem mundi eftir óskalistunum frá 1981-9.

**BÓKATÍÐINDIN** voru eins og fjársjóðskista, full af dýrgripum, sem ég mátti velja úr og fengi svo í hendur á jólunum. Hápunkturinn var að skríða undir sæng á jólanóttina og lesa til klukkan fimm. Þessir tímar eru því miður löngu liðnir enda fá mömmur ungra barna ekkert frekar að sofa út á jólunum en aðra daga. Hringadróttinssögu hef ég ekki lesið í óratíma en reyni stundum að horfa á myndirnar.

**NÚ** renni ég hratt í gegnum Bókatíðindin og skoða helst titlana og kápurnar. Á okkar hraðsoðnu tímum getur þessi blanda ráðið því hvort maður eyðir tíma sínum í að kafa dýpra eða ekki. Og bókatitlar segja ansi margt. Stórskemmtilega stelpubókin hljómar vel í fyrstu þangað til það rifjast upp að fyrir einhver skammliðin jól kom út samsvarandi bók sem hét Stórhættulega strákabókin. Af hverju er stelpubókin ekki stórhættuleg líka? Og var strákabókin ekkert skemmtileg?

**BÆKUR** sem bera nöfn eins og Auður og Rán ættu náttúrlega að fjalla um hrunið (eins og allar bækurnar sem komu út í haust) en eru þegar nánar er skoðað kvenmannsnöfn. Og eiginnöfn eru vinsælir titlar í ár enda vita allir um hverja bækurnar Vigdís og Snorri eru.

**FÆRRI** vita nákvæmlega við hvaða Magneu er átt. En um hvern er bókin … og svo kom Ferguson. Hvern? Alex Ferguson fótboltaþjálfara? Söru Ferguson? Er hún kannski Prinsessan á Bessastöðum? Það er að minnsta kosti mynd af traktor utan á báðum bókunum.

**FYRIR** nokkrum árum kom út bókin Viltu vinna milljarð? Það er kannski tímanna tákn að í ár kemur út bók eftir sama höfund sem heitir Sex grunaðir.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# HVAÐ GERÐIST Á BAK VIÐ TJÖLDIN?



**Styrmir Gunnarsson**, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, hefur um áratuga skeið haft beinan aðgang að ráðamönnum í stjórnmálum og atvinnulífi. Einstök bók um aðdraganda þess að Ísland hrundi og nýju ljósi varpað á mestu örlagatíma lýðveldissögunnar. Og hvernig á svo að reisa Ísland við?

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK

**ath. kl. 12.15.**

*Hádegistónleikar Tríós Reykjavíkur í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum í dag eru að þessu sinni helgaðir tónskáldum frá Tékklandi með áherslu á verk eftir Antonin Dvorák og Josef Suk. Tríó Reykjavíkur skipa Guðný Guðmundsdóttir fiðla, Gunnar Kvaran selló og Peter Máté píanó.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Sú níunda flutt af ungum listamönnum

Í tilefni af falli Berlínarmúrsins fyrir 20 árum flytur Sinfóníuhljómsveit unga fólksins um helgina eitt magnaðasta verk tónlistarsögunnar, sjálfa 9. sinfóníu Beethovens. Fjórði þátturinn er frægastur fyrir Óðinn til gleðinnar, en þar hefur Háskólakórinn upp raust sína og fjórir einsöngvarar: Auður Gunnarsdóttir sópran, Sigríður Aðalsteinsdóttir alt, Snorri Wium tenór og Jóhann Smári Sævarsson bassi. Stjórnandi er Gunnsteinn Ólafsson. Samtals taka um 130 manns þátt í flutningnum. Þetta er í fyrsta sinn sem ungir hljóðfæraleikarar og söngvarar flytja verkið hér á landi.

Níunda sinfónía Beethovens í d-moll, opus 125, er jafnframt síðasta sinfónía tónskáldsins. Hún er ein glæsilegasta tónsmíð Beethovens og á meðal frægustu verka í vestrænni tónlistarsögu. Aldrei áður hafði tónskáld notað söngraddir í sinfónísku verki. Smíði verksins tók langan tíma. Í skissubókum tónskáldsins má rekja fyrstu drög að verkinu allt aftur til ársins 1811. Beethoven hóf vinnu af fullum krafti við verkið árið 1818 og lauk smíðinni 1824. Hann taldi Vínarbúa ekki skilja tónlist sína – þeir væru of hallir undir ítalskar óperur Rossinis – og hugðist frumflytja sinfóníuna í Berlín. Vinir hans fengu hann ofan af því og verkið var frumflutt í Kärntnertor-óperunni í Vínarborg 7. maí árið 1824.

Tónleikarnir eru laugardaginn 21. nóvember kl. 17.00 og mánudaginn 23. nóvember kl. 20.00, bæði skiptin í Langholtskirkju.



**TÓNLIST** Auður Gunnarsdóttir sópran er ein fjögurra einsöngvara sem koma fram í sinfóníu Beethovens um helgina.

### > Ekki missa af

Hammondtríói Þóris Baldurssonar á Rosenberg í kvöld og annað kvöld ásamt Andreu Gylfadóttur. Hammondmeistarinn Þórir Baldursson ásamt saxófónleikaranum Jóel Pálssyni og trommuleikaranum Einari Scheving hóta að rífa þakið af Café Rosenberg. Munu þeir, ásamt Andreu, spila og syngja grúf- og blúskennda djasstónlist. Tónleikarnir hefjast kl. 22 bæði kvöldin.

# FRELSI MANNANNA, FRELSISINS LIND

**Jesús litli eftir þau Benedikt Erlingsson, Berg Þór Ingólfsson, Halldóru Geirharðsdóttur og Kristjönu Stefánsdóttur er glænýtt íslensk leikrit byggt á eldgamalli sögu sem allir þekkja. Verkið verður frumsýnt annað kvöld á Litla sviði Borgarleikhússins.**

Hópurinn hefur tekið ekki minna bókmenntaverk en Biblíuna og brýtur sjálft Jólaguðspjallið til mergjar. Sagan á bak við guðspjallið er sögð með augum nútímans og með tilliti til tvö þúsund ára sögutúlkunar. Hópurinn hefur áður ráðist á sígild bókmenntaverk; Bergur og Halldóra voru í sýningu sem byggði á Hinum guðdómlega gleðileik Dantes í fyrra og tókst vel upp, Benedikt lauk á þessu sumri sýningum á Mr. Skallagrímsson sem hann vann úr Egilssögu og þau Halldóra gerðu garðinn frægan fyrir nokkrum árum í Gunnlaugs sögu ormstungu. Þetta er því vant fólk og löngu þekkt fyrir frjáls, fyndin og frumleg tök í trúðleik sínum. Kristjana Stefánsdóttir bætist nú í hópinn fyrir endurvinnslu sögunnar um Jesúbarnið en hún er kunnust sem afbragðs söngkona og raddþjálfi. Hún semur tónlist við sýninguna og tekur virkan þátt í leiknum.



**LEIKLIST** Trúðarnir Bergur, Kristjana og Halldóra undirbúa komu frelsarans á fæðingardeildinni í Betlehem. MYND/LR/GRÍMUR BJARNASON

Í Jesú litla nálgast höfundarnir jólaguðspjallið úr algerlega nýrri átt og gera söguna að sinni. Það eru trúðarnir einlægu en sannsöglu sem við þekkjum úr Dauðasyndunum, þau Barbara og Úlfar, sem standa fyrir þessari nýju túlkun með nýjum liðsstyrk. Þau hafa fengið trúðinn Bellu, sem Kristjana Stefánsdóttir leikur, og leikstjórann Benedikt Erlingsson í hópinn. Saman kryfja þau Jólaguðspjallið og skoða hvað liggur á bak við söguna um fæðingu frelsarans. Á kirkjan einkarétt á Jesú eða kannski bara leikhúsið? Af hverju er fimmta guðspjallið um fæðingu frelsarans ekki prentað? Hvers vegna fæðir kona barn í stríðshrjáðu landi þar sem keisarinn hefur fyrirskipað barnamorð? Það eru stórar spurningar sem hópurinn veltir fyrir sér og fjallar um þær umbúðalaust eins og honum einum er lagið. Hér er á ferðinni bráðfyndin leiksýning, ekki aðeins fyrir þá sem þora að sjá hefðbundnum gildum ögrað heldur einnig fyrir alla hina.

Heimkynni trúðanna eru eins og áður Litla svið Borgarleikhússins. Þar ræður einfaldleikinn ríkjum og áherslan er á nálægð áhorfenda við leikarana. Hláturinn hefur ómað á Litla sviðinu öll kvöld það sem af er vetri og er Jesús litli viðbót við gamansemina sem hefur hreiðrað þar um sig.

Höfundar Jesú litla eru þau Benedikt Erlingsson, Bergur Þór Ingólfsson, Halldóra Geirharðsdóttir og Kristjana Stefánsdóttir. Leikarar eru Bergur Þór Ingólfsson, Halldóra Geirharðsdóttir og Kristjana Stefánsdóttir. Leikmynd og búninga hannar Snorri Freyr Hilmarsson og um lýsingu sér Kjartan Þórisson. Kristjana Stefánsdóttir annast tónlist og Benedikt Erlingsson leikstýrir. Jesús litli er frumsýndur laugardaginn 21. nóvember næstkomandi kl. 20 á Litla sviðinu.

pbb@frettabladid.is


TÍU VIKUR Á TOPPNUM

Glæsileg bók og skemmtilegur geisladiskur sem þjóðin tekur fagnandi.

2. PRENTUN KOMIN




Bókin geymir yfir 120 nýja og sígilda söngtexta og diskurinn 47 lög í frábærum flutningi Skólakórs Kársness sem upplagt er að taka undir, heima eða í bílnum.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is


# Jörundarmessa

Var Jörgen Jörgensen, Jörundur hundadagakonungur eins og íslensk nafngift hans var, bíræfinn sólargapi eða lýðræðishetja? Í ár eru liðin 200 ár frá valdatöku danska skipstjórans Jörgens Jörgensen á Íslandi sumarið 1809. Af því tilefni heldur Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands ráðstefnu um Jörgen Jörgensen á morgun í Odda kl 13.30 sem varir fram eftir degi.

Anna Agnarsdóttir sagnfræðingur er aðalhvatamaður stefnunnar en hún hefur lengi sinnt rannsóknum um ástandið sem hér skapaðist fyrir tveimur öldum þegar breska heimsveldið hafði brotið á bak aftur danska flotann og þar með tekið forræðið á norðurhluta Atlantshafsins sem stóð allt til fundar Roosevelts og Churchills 1941 þegar Íslandi var skákað inn á valdasvæði Bandaríkjanna. Ráðstefnan er styrkt af menntaog menningarmálaráðuneytinu, danska sendiráðinu og Háskóla Íslands.

Á þingið koma tveir spennandi fyrirlesarar að utan, þau Sarah Bakewell, rithöfundur (sjá http://www.sarahbakewell.com/) og Jörn Dyrholm, fræðimaður, sem bæði hafa kynnt sér sögu Jörundar. Sarah hefur m.a. ritað eftirtektarverða bók um Jörund (The English Dane). Fundarstjóri verður Ragnheiður Kristjánsdóttir sagnfræðingur, en eftir setningu menntamálaráðherra mun Óli Már Hrólfsson sagnfræðinemi gera grein fyrir viðhorfum Íslendinga til Jörgensens. Þá flytur Blakewell erindi sitt sem hún nefnir: „We, Jorgen Jorgensen“: the many selves and countries of Iceland's Dog-Day Revolutionary. Eftir kaffihlé kl. 15.10 heldur Jörn Dyrholm fræðimaður erindi sitt: „The Danish Connection“, en Anna lýkur erindum dagsins með erindi sínu „Jörgen Jörgensen verndari Íslands“. Þá hefjast umræður með eftirtöldum á palli og stýrir Anna umræðum: Fanney Hólmfríður Kristjánsdóttir sagnfræðinemi, Guðbrandur Benediktsson sagnfræðingur, Gunnar Karlsson prófessor emeritus og Pétur Gunnarsson rithöfundur leggja þar hönd á plóg.

Sem fyrr segir hefst þinghaldið í Odda kl. 13.30 á morgun. - pbb



**JÖRGEN JÖRGENSEN** Jörundur hundadagakonungur.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Fagurskreyttur fjársjóður

## *22 ævintýri úr safni Jóns Árnasonar*



Silja Aðalsteinsdóttir valdi ævintýrin og bjó til prentunar en Halldór Baldursson myndskreytti glæsilega.






*Stór og eiguleg bók, ríkulega myndskreytt*

# Endurbygging undirbúin

**Breska þjóðleikhúsið, The National, hefur staðfest áætlanir um endurbyggingu og endurbætur á leikhúsi sínu á suðurbakka Thames-ár en byggingin var reist snemma á áttunda áratug síðustu aldar. Gert er ráð fyrir að endurbyggingin verði unnin í áföngum en fyrsta áætlun er upp á 50 milljónir punda eða ríflega tíu milljarða íslenska. Takmarkið er að gera bygginguna opnari en henni var á sínum tíma lýst sem neðanjarðarbyrgi. Hún er friðuð í öðrum flokki verndaðra bygginga.**

**Bæta á aðstöðu baksviðs og opna baksviðssvæðin svo þau verði gegnsæ og gangandi vegfarendur sjái starfsemi á baksviðum. Veitingaaðstaða verður stórendurbætt enda á sýningartímum situr fólk að snæðingi um öll gólf í fordyri hússins.**

**Þá verður svæði áhorfenda við Cottesloe – litla svið hússins – stórbætt en þar hafa lengi verið mikil þrengsli. Takmarkið er ekki síður að gera vinnusvæði hússins betri með tilliti til hagræðingar. Gert er ráð fyrir að fyrstu mótuðu tillögur verði lagðar fyrir byggingar- og skipulagsyfirvöld næsta sumar. Breska leikhúsblaðið Stage greindi frá þessu á miðvikudag.**

# Erlendar fjárfestingar reifaðar

Gammablossar er fyrirlestraröð í ReykjavíkurAkademíu sem er haldin einu sinni í mánuði í JL-húsinu, Hringbraut 121. Í dag heldur Ragna Sara Jónsdóttir fyrirlesturinn „Erlendar fjárfestingar og samfélagsáhrif. Getur reynsla af fjárfestingum í þróunarlöndum nýst Íslandi?“

Ragna Sara Jónsdóttir er M.Sc í alþjóðaviðskiptum frá Viðskiptaháskólanum í Kaupmannahöfn. Ragna starfar sem ráðgjafi hjá Nordic Business and Development og hefur meðal annars unnið fyrir Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) og utanríkisráðuneytið. Hún hefur haldið fjölda fyrirlestra og skrifað greinar í dagblöð og tímarit um alþjóðaviðskipti, fjárfestingar, þróunarmál og samfélagslega ábyrgð fyrirtækja.

Ragna Sara Jónsdóttir hefur skoðað áhrif beinna erlendra fjárfestinga í þróunarlöndum og fjallar um við hvaða skilyrði hægt er að ná fram sem jákvæðustum samfélagsáhrifum. Ragna Sara byggir umfjöllunina á rannsókn sinni á þróunarsjóðum í Danmörku sem hafa það að markmiði að stuðla að velferð með fjárfestingum í þróunarlöndum. Í fyrirlestrinum verður velt upp spurningum eins og: Hvaða



**MENNING** Ragna Sara skoðar fjárfestingar þróunarhjálpar.

áhrif geta beinar erlendar fjárfestingar haft á velferð samfélaga? Hvernig er hægt að stuðla að sem jákvæðustum áhrifum erlendra fjárfestinga? Hvert er hlutverk fyrirtækja í samfélaginu almennt og hvaða siðferðislegu kröfur eru gerðar til fyrirtækja í kjölfar efnahagskreppunnar? Ísland stendur nú frammi fyrir þeirri áskorun að laða til sín erlendar fjárfestingar. Er hægt að tryggja að þær hafi jákvæð áhrif á íslenskt hagkerfi og samfélag?

Fyrirlesturinn hefst kl. 12.



**MENNING** Svavar Guðnason á sýningu í Listasafni Íslands 1980 fyrir framan verk sitt Vetrarbrautin (séð frá tungli) sem hann málaði 1958. Svavar lést 1988. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# STÓRBÓK UM SVAVAR KOMIN ÚT

**Á miðvikudag var þess minnst við hátíðlega athöfn í Listasafni Íslands að öld var liðin frá fæðingu Svavars Guðnasonar listmálara. Af því tilefni kemur út glæsileg stórbók um listamanninn og feril hans og veittir voru styrkir úr Styrktarsjóði þeirra hjóna Svavars Guðnasonar og Ástu Eiríksdóttur.**




**MENNING** Glæsilegur prentgripur helgaður Svavari Guðnasyni.

Svavar Guðnason var í hópi fremstu listamanna Evrópu eftirstríðsáranna. Hann er tvímælalaust sá myndlistarmaður þjóðarinnar sem mesta athygli hefur vakið erlendis auk þess að vera brautryðjandi í íslenskri myndlist. Á liðnum vikum hefur verið uppi í Listasafninu stór sýning á verkum hans, bæði olíu- og vatnslitamyndum, og var hingað til lands flutt eitt öndvegisverka hans frá sjöunda áratugnum, Veðrið. Það hefur í áratugi verið í Danmörku og er nú sýnt hér ásamt góðu úrvali verka eftir þennan sérstaka málara sem ruddi braut abstraktexpressjónismans í myndlist norðurálfu áður en hann sneri hingað heim eftir stríðið og hélt sögufræga sýningu í Listamannaskálanum sem olli tímamótum í íslenskri myndlist.

Í glæsilegri bók Kristínar G. Guðnadóttur um Svavar Guðnason er mikilfenglegur ferill hans skoðaður og settur í sögulegt samhengi við íslenska og evrópska myndlist og myndir birtar af fjölmörgum verka hans, þar sem kannski er fólginn „hinn hreini sannleiki litanna“, eins og Halldór Laxness ritaði. Þá er einnig fjallað um lífshlaup Svavars og persónulega hagi. Bókin er stórgripur og sætir víðlíka tíðindum og verk sama höfundar, Kristínar G. Guðnadóttur listfræðings, og annarra um feril Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals sem kom út fyrir fáum árum. Hefur Kristín unnið að rannsókn sinni á ferli og verkum Svavars um árabil.

Samfara rannsókninni var unnin verkaskrá Svavars en þau eru dreifð víða um Evrópu og því mikilvægum áfanga náð í vandaðri úttekt á ferli þessa lykilmanns í íslenskri og evrópskri listasögu. Bætist þar með sterk blokk í bygg-ingu á heildarmynd módernismans í myndlist, sem mun styrkjast enn frekar þegar listasagan sem nú er unnið að fer að líta dagsins ljós. Verk Kristínar svarar kröfum sem uppi hafa verið á síðustu misserum að brátt fari fram endurmat á því mikla þrekvirki íslenskra listamanna um miðja síðustu öld þegar þjóðin eignaðist verk sem voru á pari við það framsæknasta í heimslistinni, ekki bara myndlist, heldur líka tónlist og leiklist.

Bókin um Svavar Guðnason er 355 blaðsíður að lengd í stóru broti, 30x31 cm að stærð. Anna Cynthia Leplar sá um bókarhönnun og umbrot en bókin er prentuð og bundin í Odda. Fram að áramótum verður bókin á sérstöku tilboði. Veröld gefur út.

Styrkþegar úr Minningarsjóði Ástu og Svavars voru að þessu sinni Sara Riel og Curver Thoroddsen og hlutu þau hvort 500 þúsund í styrk. Sjóðurinn var stofnaður árið 1993 og er því sextán ára um þessar mundir. Þetta er sjötta úthlutunin úr sjóðnum. Í dómnefnd sjóðsins sitja Þuríður Sigurðardóttir fyrir hönd SÍM, Hulda Stefánsdóttir fyrir hönd Listaháskóla Íslands og Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands.

**pbb@frettabladid.is**





## Aðventudagar Sólheima 2009



**19. nóvember, fimmtudagur.**
**kl. 13:30. Sesseljuhús, Nemendur úr Ljósuborgarskóla kynna verkefni sín unnin á Sólheimum.**
kl. 14:30. **Rauða torgið**, kveikt á stóra jólatrénu

**21. nóvember, laugardagur.**
kl. 14:00. **Sólheimakirkja,** tónleikar Sólheimakórsins, stjórnandi Vigdís Garðarsdóttir

**28. nóvember, laugardagur.**
kl. 14:00. **Íþróttaleikhús, Sögur og tónar,** Herdís Anna Jónsdóttir og Steef Van Oosterhout leika á ýmis hljóðfæri og segja sögur
kl. 13:00 - 16:00 **Ingustofa**, ullarþæfing, Umsjón: Ólafur Már Guðmundsson

**5. desember, laugardagur.**
kl. 11:00. **Sólheimakirkja,** Jólastund Kirkjuskólans
kl. 14:00. **Græna kannan**, Ívar Helgason og söngelska fjölskyldan

**9. desember, miðvikudagur**
kl. 17:30 **Sólheimakirkja**, tónleikar Hörpukórsins á Selfossi, stjórnandi Jörg Sondermann

**12. desember, laugardagur**
kl 14:00. **Íþróttaleikhús**, brúðuleikhús Bernd Ogrodnik
Sýningin ber nafnið: **Brot úr umbreytingu**



**Opnunartímar á Aðventudögum**

**Vala verslun og listhús:**
Virka daga kl. 14:30 til 18:00 og um helgar 14:00 til 17:00

**Græna Kannan:**
Föstudaga, laugardaga og sunnudaga 14:00 til 17:00

**Ingustofa samsýning:**
Opin virka daga kl. 09:00 - 17:00 og um helgar 14:00 til 17:00

**Vinnustofur:**
Virka daga kl. 09:00 til 17:00

**Jólamarkaður Sólheima í Kringlunni, Reykjavík**
Opinn á opnunartíma Kringlunnar dagana 11. til 13. desember (föstudag, laugardag og sunnudag).



**Verið hjartanlega velkomin að Sólheimum**
**Aðgangur er ókeypis á viðburði Aðventudaga**

SÓLHEIMAR
http://www.solheimar.is


# Tríólogía í Salnum

Það gengur á með afmælum þessi dægrin og þótt mörg afmælisbörnin séu fjarri eru þau með okkur í andanum. Þannig ætla þær Hallveig Rúnarsdóttir sópran, Sólveig Samúelsdóttir mezzósópran og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari í dag kl. 17 að halda afmælisfagnað fyrir þá Mendelssohn og Schumann. Þær kalla sig Tríólógíu og á efnisskránni verða sönglög, dúettar og píanóverk eftir þá tónsnillinga en Felix Mendelssohn á 200 ára fæðingarafmæli nú í ár og Robert Schumann á 200 ára afmæli á næsta ári. Tónleikarnir eru í Tíbrárröð Salarins en þær stöllur hafa áður komið fram



**TÓNLIST** Tríólogía – Hallveig, Sólveig og Hrönn. MYND/SALURINN

saman og hlotið mikla athygli og frábæra dóma fyrir flutning ljóðatónlistar.

**- pbb**


Aðventutónleikar
KARLAKÓRS REYKJAVÍKUR
Í HALLGRÍMSKIRKJU
Laugardaginn 12. desember kl. 17.00 og kl. 20.00
Sunnudaginn 13. desember kl. 17.00 og kl. 20.00
Forsala miða er í verslunum Eymundsson í Austurstræti og í Kringlunni,
einnig á heimasíðu Karlakórs Reykjavíkur, www.kkor.is
Einsöngvarar:
Sveinn Dúa Hjörleifsson tenor, Ásgeir Eiríksson bassi
Karl Jóhann Jónsson bariton og Björn Þór Guðmundsson tenor
Trompetleikarar:
Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson
Pákuleikari Eggert Pálsson
Orgelleikari: Lenka Mátéová
Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson

# Óli G. í Stafni

Óli G. Jóhannsson opnar sýningu á nýjum verkum í Studio Stafni, Ingólfsstræti 6, á morgun kl. 15. Óli hefur gert víðreist að undanförnu og hafa verk hans verið sýnd víðs vegar um heim. Síðasta sýning á verkum Óla G. á vegum Opera Gallery var í New York en þar voru sýnd fjórtán verk og seldist meirihluti þeirra.

Á vegum Opera Gallery hefur Óli verið með sérsýningar í London og Singapúr auk þess að hafa tekið þátt í samsýningum í Seúl, Dúbaí og Mónakó.

Fyrirhugaðar eru tvær stórar sýningar á næsta ári á vegum Opera Gallery ef allar áætlanir ganga eftir. Að sögn Jean-David Malat, eins af eigendum Opera Gallery, hafa viðbrögð við verkum Óla G. verið vonum framar og eru forsvarsmenn gallerísins mjög ánægðir með framvinduna til þessa.



**MYNDLIST** Eitt verka Óla á sýningunni í Stafni sem stendur aðeins fram á næstu helgi. MYND/GALLERÍ STAFN

Sýningin í Studio Stafni stendur aðeins til 29. nóvember og er opið alla daga frá kl. 14.00-17.00 nema mánudaga. **- pbb**






# Sagan af Snorra Sturlusyni

Bókmenntir ★★★★

**Snorri**

Ævisaga eftir Óskar Guðmundsson

**JPV**

Óskar Guðmundsson tók langt tilhlaup að fimm hundruð síðna ævisögu Snorra Sturlusonar og vinnur með henni það afrek að koma í samfellda sögu í sextíu þáttum afar flókinni og samslunginni atburðarás innan marka Deildartungumála og vígsins í Reykholti 1241. Á sama tíma og hann ræðst í að skipa ferli Snorra Sturlusonar niður í tímaröð með þeim útúrdúrum sem hann telur skylt að draga til sögunnar og þeir eru ófáir og snúnir, ekki beint til þess fallnir að ánetja lesanda nema hann hafi tekið þann þroska að takast á við þennan myrka og ofbeldisfulla tíma og nenni að setja sig inn í samvaxnar greinar tímabilsins, reynir Óskar að gefa skýra mynd svo sem hægt er af daglegu amstri þrettándu aldarmanna. Og þótt hann fari af mikilli gát í að geta í eyður varð þessum lesanda hugsað til þess að í hinu mikla heimildaleysi sem ríkir um þennan tíma í bland við gildar og mikilvægar heimildir samtímasagna hafi Óskar náð sér betur á strik ef þessi grunnur væri notaður til að smíða skáldsögu um þetta efni. Að því sögðu mega menn reka upp ramakvein. Því að biðja um súpu þegar á borðum er grautur?

Þá er því til að svara að Óskari eru sannarlega gefin stílefni til að vinna slíkt verk og nábýli hans við heimildir, könnun hans á öllum fáanlegum veitum sem geta skýrt þessa sögu og gert hana lifandi, veittu honum slíka yfirburði í upplifun á efninu að dugað hefðu til enn ferskari sögu um manninn og tíð hans. Okkur er til dæmis, og það er máski aðalatriðið, ekki mikið ljósara hvern mann Snorri Sturluson hafði að geyma. Hann er okkur enn fjarlægur þótt öllu sé haldið til haga um ferðir hans og afskipti á mörgum sviðum af því sem gekk hér á meðan hann var upp á sitt besta.




Sturlungaöldin er eitt sögufrægasta skeið okkar sögu: átökin um lífsins gæði, jarðir, völd, sóma, voru einstaklega ofbeldisfull og hér eru söguefnin næg í margar bækur. Óskari tekst ekki frekar en öðrum að útskýra sagnahefðina og markaðinn sem hún átti að þjóna. Íslensk skáld höfðu sannarlega erindi þegar þau sóttu á erlendar slóðir og fluttu hirðkvæði, hástemmt skjall og gjálfur bundið í brag, en til hvers voru sögurnar? Lesefni fyrir peningamenn og valdhafa?

Sagan af Snorra er í þessari stóru versjón Óskars fyrst og fremst saga höfðingja, það eru ekki landsetarnir sem reka söguna áfram en eru þó efnið sem allt er byggt á: þegar safnað er saman mannskap til að fara í fjarlæg héröð í þeim erindagerðum að misþyrma fólki og meiða eru karlar rifnir af teignum, stóðin rekin af fjalli og búin til langferða. Og þegar menn fóru í mörgum slíkum flokkum um landið má huga að því hverjir unnu verkin á meðan, konur, börn og gamalmenni.

Texti verksins leggur sig upp á fimm hundruð síður. Hann er víða þungur yfirlestrar sökum upptalningar á mönnum í hinum ýmsu flokkum, hver var hvar og hverjum skyldur. Bregður höfundur reglulega upp skýringartöflum um skyldleika svo lesandi átti sig á hinum margbreytilegu og flóknu tengslum sem liggja milli karlanna sem eru að murka lífið úr náfrændum sínum og vandamönnum. Óskar skrifar vandaðan og fjörmikinn stíl, víðast hvar nokkuð hátíðlegan og hlaðinn eldri orðmyndum sem er skemmtilegt, mál hans er menntað og þroskað. Hann er víða tilgátugjarn en forðast sviðsetningar og eru þó tækifærin ærin. Ævisaga Sturlu verður um leið ævisaga Órækju, Jóns murts, Sturlu Sighvatssonar og fleiri manna sem við þessa sögu koma en ekki er gætt frekar að, þótt þörf hafi verið á, í þessa stóru mynd sem svo mörg myndbrot vantar í og enginn getur glætt lífi nema skáldsaga.

Nú eru fáir færir að gagnrýna þessa bók að gagni, þótt strákar hafi hlaupið upp og ausið hana lofi á breiðsíðum, nema fræðingar sem hafa eytt jafnlöngum tíma í heimildakönnun og Óskar. Og þeir eru fáir. Fornleifar hjálpa okkur svo skelfing lítið. Tilgátuvinnsla er skemmtileg pæling varðandi Reykholtsstað en því var ekki gengið svo langt með konungsgarð í Noregi sem þó er vitað nokkuð um og Óskar hefur örugglega gert sér í hugarlund. En hann hefur skilað mikilvægum áfanga í miðlun miðaldafræða sem mörgum kann að nýtast í framtíðinni. Saknað er eftirmála vígs Snorra og ekki er tæpt á þeirri kenningu að öll frásögnin af vígi hans sé samin og hugsuð til að smána hann. Og þá um leið vaknar sú spurning hvers vegna eftirmæli hans eru svo rýr, hvers vegna andskotar hans og frændur, vandamenn sáu sér hægast að láta hann hverfa í heimildaleysi sögunnar svo stór sem hann var.



**BÓKMENNTIR** Óskar Guðmundsson ræðst á garðinn hæstan og smíðar af litlum efnum mikla samtímalýsingu af lífi jöfurs evrópskra bókmennta. MYND FRETTABLAÐIÐ

Óskar getur fagnað frábærlega könnuðu verki, vandlega unnu, skýringar, heimilda- og nafnaskrár eru til fyrirmyndar; hann er skýr í frumlegum eða aðsóttum túlkunum á stjórnmálalegum og hagfræðilegum breytingum, ljósi bregður hann á hin flóknu tengsl og er ekki ólíklegt að nú brenni í akademíunni nokkur öfund er Óskar stendur keikur í sínu virki: Þetta tókst mér vel. **Páll Baldvin Baldvinsson**






# Kammerklúbburinn heldur til í Bústaðakirkju

Á fimmtugasta og fjórða aldursári er Kammerklúbburinn bara nokkuð sprækur. Á sínum langa ferli hefur klúbburinn verið í fararbroddi í flutningi á kammermúsík á landinu og hafa margir sprotar vaxið frá honum. Á þessum vetri verða fimm tónleikar á vetrardagskránni, allir tónleikarnir verða í Bústaðakirkju, eru alltaf á sunnudagskvöldum og hefjast kl. 20. Tveir eru að baki en þeir þriðju verða á sunnudagskvöld. Þar kemur fram hópurinn Camerarctica, en hann skipa Hildigunnur Halldórsdóttir fiðla, Bryndís Pálsdóttir fiðla, Svava Bernharðsdóttir víóla, Sigurður Halldórsson selló, Ármann Helgason klarínetta, Guðrún Óskarsdóttir semball. Verkin eru úr smiðjum Buxtehude, Shostakovitsj og Brahms.

Dieterich Buxtehude (1637-1707) fæddist í danska stórríkinu, á Skáni eða í Holstein. Að meginstarfi var hann organleikari og fór mikið orð af hæfni hans. Á efri árum hans gerðu bæði Händel og Bach sér ferð á hans fund – hinn síðarnefndi, þá tvítugur, gekk 400 km leið til að heyra hann spila. Buxtehude bauð Händel að gerast eftirmaður sinn sem organleikari í Lübeck þar sem hann hafði starfað lengst, með því skilyrði að hann kvæntist eldri dóttur sinni, sem Händel afþakkaði. Meginhluti tónverka Buxtehudes er til söngs, kórverk og óratoríur, og er margt glatað. Af kammermúsík voru aðeins gefnar út fjórtán sónötur á hans tíð, og sú í D-dúr, sem flutt var í Kammermúsíkklúbbnum 1958, og í G-dúr sem nú verður flutt eru úr því safni.



**TÓNLIST** Camerarctica á æfingu í vikunni. MYND KAMMERKLÚBBURINN

Með flutningi 11. strengjakvartetts Dmitris Shostakovitsj (1906-1975) lokast hringurinn: þá hafa allir fimmtán kvartettar þessa helsta kvartettaskálds 20. aldar verið fluttir í Kammermúsíkklúbbnum, en kvartett nr. 1 op. 49 var fluttur í nóvember 1957, á öðru starfsári klúbbsins. Kvartettinn var frumfluttur í Moskvu 26. mars 1966.

Johannes Brahms (1833-1897) kynntist á efri árum frábærum klarinettuleikara, Richard Mühlfeld, og fyrir hann samdi hann fjögur kammerverk, tvær sónötur (op. 120), tríó (op. 114) og kvintett (op. 115). Áður hafði Brahms látið sem hann hefði samið sitt síðasta verk, en Mühlfeld varð til að blása lífi í hina skapandi æð tónskáldsins. Kammermúsíkklúbburinn hefur flutt op. 114 níu sinnum og flytur nú op. 115 í sjöunda sinn. Menntamálaráðuneyti, Reykjavíkurborg, Alcoa og Smith & Norland hf. eru styrktaraðilar Kammerklúbbsins í ár. Vefsíðan hans er www.kammer.is. **- pbb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 20. nóvember 2009**

### Tónleikar

**12.15** Tríó Reykjavíkur kemur fram á hádegistónleikum sem fara fram á Kjarvalsstöðum. Á efnisskránni verða verk eftir A. Dvorák og J. Suk. **Aðgangur er ókeypis.**

**20.00** Sigga Beinteins heldur **jólatónleika** í Keflavíkurkirkju við Kirkjuveg í Reykjanesbæ.

**20.30** Friðrik Ómar og Jógvan Hansen verða með tónleika í **Kirkju- og menningarmiðstöðinni** á Eskifirði. Húsið verður opnað kl. 20.



**20.30** Hjörvar, Koi og **Lára Rúnarsdóttir** verða með tónleika í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði.

**21.00** Hjaltalín, Snorri Helgason og Sigríður Thorlacius ásamt Heiðurspiltum halda tónleika í **Gamla Bauk** við Hafnarstétt á Húsavík.

**22.00** Tónleikar á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu 22. Fram koma Ultra Mega Technobandið Stefán, Nögl, Bróðir Svartúlfs og Vicky. Húsið verður opnað kl. 22.

**22.00** **Ívar Bjarklind** heldur útgáfutónleika á Batteríinu við Hafnarstræti 1-3.

**22.00** Hammond-tríóið ásamt Andreu Gylfadóttur heldur tónleika á **Kaffi Rósenberg** við Klapparstíg. Flutt verður grúf- og blúskennd djasstónlist.



**22.00** **Dúndurfréttir** flytja lög Deep Purple, Led Zeppelin og Uriah Heep á tónleikum á Græna Hattinum við Hafnarstræti á Akureyri.

**23.00** Hljómsveitin HEK verður á bar 46 við **Hverfisgötu 46.**

### Sýningar

Kristinn Ó. Pétursson hefur opnað sýningu á Mokka við **Skólavörðustíg 3a.** Opið alla daga kl. 9-18.30.



Þórunn Elísabet Sveinsdóttir, Hrafnhildur Arnardóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir hafa opnað sýninguna **„Evudætur“** í Listasafninu á Akureyri við Kaupvangsstræti 12. Opið alla daga nema mánudaga kl. 12-17.

Valgerður Guðlaugsdóttir hefur opnað sýningu hjá Suðsuðvestur við Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ. **Opið um helgar** kl. 14-17.

Sýningin **Heim - heiman** í Edinborgarhúsinu við Aðalstræti 7 á Ísafirði. **Katrín Elvarsdóttir** ljósmyndari og **Sigrún Sigurðardóttir** menningarfræðingur eru aðstandendur sýningarinnar sem gefur innsýn í líf flóttamanna og hælisleitenda sem komið hafa til Íslands á síðustu árum.

Hjá **Ljósmyndasafni Reykjavíkur**, Tryggvagötu 15 (6. hæð), hefur verið opnuð sýning á landslagsljósmyndum sem Grégory Gerault tók hér á landi. Opið alla virka daga kl. 12-19 og um helgar kl. 13-17.

### Síðustu Forvöð

**Til.....Raunir**, málverkasýning Gunnars Gunnarssonar í Listasal Garðabæjar við Garðatorg 7, lýkur á sunnudag. **Opið alla daga** kl. 15-18.

### Dansleikir

**Ingó og Veðurguðirnir** verða á Skemmtistaðnum SPOT við Bæjarlind í Kópavogi.

**Greifarnir** verða á Glóðinni við Hafnargötu í Reykjanesbæ.

Silfur verður á **Players** við Bæjarlind í Kópavogi.



### Leikrit

**20.00** **Pálína Jónsdóttir** flytur einleikinn **Völva í Kassanum**, sýningarrými Þjóðleikhússins við Lindargötu.

### Fyrirlestrar

**14.50** **Hjálmar H. Ragnarsson** flytur erindi um listmenntun í **Ketilhúsinu** við Kaupvangsstræti á Akureyri.

# Ný bók um hrunið

Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, sendi í gær frá sér á forlagi Veraldar bók sem hann kallar Umsátrið. Þar nýtir hann sér langvinna þekkingu á íslensku valdasamfélagi til að skoða aðdraganda hrunsins fyrir ári síðan og eru í verkinu mörg efnisatriði sem hafa ekki fyrr verið dregin fram í dagsljósið. Byggir hann margt á samtölum sínum við ýmsa af þátttakendum í þeirri atburðarás sem endaði með þeim ósköpum sem skattborgarar og fyrirtækin verða að súpa seyðið af næstu vikur, misseri og ár.

Bókinni lýkur Styrmir á samdrætti þar sem hann víkur að möguleikum íslensks samfélags á næstu árum með beinum tillögum um úrbætur. Er ekki að efa að bók þessi mun verða heitur moli manna í millum á næstu vikum.



**SAGNFRÆÐI** Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri.

# Bandarísk bókaverðlaun

Colum McCann vann á miðvikudag National Book Award fyrir skáldsöguna Let the Great World Spin, sem lýsir fjölda fólks í New York á áttunda áratugnum sem kemst í kast við dularfullan mann sem gengur á vír milli háhýsanna sem kallaðair voru tvíburaturnarnir.



**GORE VIDAL**

Verðlaunin sem hafa verið veitt í sextíu ár hafa lengi verið ein virtustu bókmenntaverðlaun vestanhafs. þau eru veitt í nokkrum flokkum: í flokknum „nonfiction“ vann T. J. Stiles fyrir verk sitt „The First Tycoon: The Epic Life of Cornelius Vanderbilt,” ævisögu járnbrautakóngsins sem hófst af litlu en varð voldugur auðmaður með mikil áhrif. Sérstök verðlaun til ungra höfunda voru veitt Phillip Hoose fyrir „Claudette Colvin: Twice Toward Justice“ ævisögu svartrar konu sem neitaði sem unglingur að víkja sæti fyrir hvítum manni níu mánuðum fyrir sams konar atvik er Rosa Parks sat sem fastast.

Við athöfnina á miðvikudag var vikið að dræmri sölu þeirra verka sem voru verðlaunuð. Saga McCanns seldist í 19 þúsund eintökum, mest verðlaunaverkanna. Íslandsvinurinn Dave Eggers var heiðraður sérstaklega fyrir framlag sitt til bandarískrar bókmenningar. Heiðursverðlaun þáði svo Gore Vidal fyrir sinn langa feril.


GRAFSKRIFT GRÆÐGINNAR




SVÖRTULOFT eftir Arnald Indriðason

★★★★

"Svörtuloft er besta og skemmtilegasta bókin sem Arnaldur hefur sent frá sér um árabil."
Þórarinn Þórarinsson - DV

"Þúsundir lesenda munu leita í þessa sögu: Arnaldur stendur vel fyrir sínu...Meitluð og þaulhugsuð saga með nýjan og forvitnilegan sjónarhól Sigurðar Óla."
Páll Baldvin Baldvinsson - Fréttablaðið

"Enn einu sinni tekst Arnaldi að koma með fyrsta flokks glæpasögu."
Yngvi Þór Kormáksson - Bókmenntir.is

"Arnaldur stendur fremstur íslenskra spennusagnahöfunda og verður að segja eins og er að enginn kemst með tærnar þar sem hann hefur hælana."
Árni Matthíasson - Morgunblaðið

"... mögnuð og þrælspennandi bók sem enginn aðdáandi meistarans getur látið framhjá sér fara."
Björn Ingi Hrafnsson - Pressan.is

"Svörtuloft er vel heppnuð bók. Glæpirnir skapa ramma utan um skarpa samfélagslýsingu sem vekur lesanda til umhugsunar um alla hina minnimáttar í samfélaginu."
Katrín Jakobsdóttir - Eyjan

BÓKABÚÐ MM
LAUGAVEGI 18

# fólk

folk@frettabladid.is

### > FLUTT YFIR HAFIÐ

Dansarinn **Dita Von Teese** hefur ákveðið að flytja til Parísar og hefur fest kaup á fallegri íbúð þar í borg ásamt unnusta sínum. Ástæðuna fyrir flutningunum segir hún vera þá að hún þoli ekki lengur lágmenninguna sem ríkir í heimalandinu.



## Hlakkar til að fara á hestbak hjá pabba

„Maður hefur auðvitað saknað vina sinna og fjölskyldu hræðilega mikið og ég get ekki beðið eftir að komast á hestbak hjá pabba í sveitinni," segir hönnuðurinn Harpa Einarsdóttir.

Harpa hefur verið búsett í Atlanta undanfarið ár þar sem hún starfar sem hönnuður fyrir tölvuleikjafyrirtækið CCP. Hún er á leið heim til Íslands um jólin þar sem önnur og ný verkefni bíða hennar.

Harpa starfaði sem yfirhönnuður í tísku- og persónusköpun við hinn nýja tölvuleik World of Darkness sem CCP hannar og segir hún vinnuna hafa verið mjög krefjandi. „Atlanta er í Suðurríkjunum og kannski ekki skemmtilegasti staðurinn til að vera á ef maður starfar innan tískubransans. Hér er þó mikil tónlistar- og myndlistarmenning sem ég náði ekki að njóta eins mikið og ég hefði viljað sökum anna," segir Harpa og bætir við að það hafi gert henni gott að komast aðeins frá Íslandi. „Það víkkar sjóndeildarhringinn að komast svona í burtu og fyrir vikið kann maður betur að meta það sem Ísland hefur upp á að bjóða."

Harpa segir eina af ástæðunum fyrir heimflutningunum vera þá að sonur hennar átti erfitt með að aðlagast breyttum aðstæðum. „Það var erfitt að vinna fulla vinnu og vera einstæð móðir án fjölskyldunetsins sem maður hafði heima. Svo var heldur ekki eins ódýrt að búa í Ameríku og maður hélt og mér þótti erfiðara að ná endum saman en heima."

Harpa hefur mörg járn í eldinum og hefur í nógu að snúast við heimkomuna og hefur meðal annars verið beðin um að hanna tvær fatalínur auk þess sem hún mun sinna myndlistinni áfram. **-sm**



**FLYTUR HEIM** Harpa Einarsdóttir hefur dvalið í Atlanta síðastliðið ár og starfaði þar sem hönnuður hjá CCP. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Sagði nei við Edward

**Leikarinn Kellan Lutz sagði Ryan Seacrest frá því að upphaflega hefði hann verið beðinn um að taka að sér hlutverk vampírunnar Edwards Cullen í Twilight-þríleiknum. Honum þótti hlutverkið ekki nógu heillandi og hafnaði tilboðinu.**



KELLAN LUTZ

**„Ég var staddur í Afríku við tökur á sjónvarpsþáttum þegar ég fékk handritið sent til mín. Ég las það og þegar ég mætti í prufurnar sagðist ég ekki vilja leika Edward. Hann er of flókinn karakter og alltof þunglyndur." Eftir að Lutz afþakkaði hlutverkið var honum boðið að leika vampíruna Emmett Cullen sem honum þótti hæfa sér betur. Þegar Lutz var spurður hvort hann sæi eftir ákvörðun sinni nú þegar Robert Pattinson hefur hlotið heimsfrægð segir hann svo ekki vera. „Frægð er frægð og Robert tekst á við hana eins og meistari. Allt sem fylgir þessu er ótrúlegt og ég held að það sé ekki hægt að undirbúa manneskju fyrir það. Ég er ánægður með hlutverk mitt sem Emmett og ég hef ekki áhuga á heimsfrægð."**

## Feldberg fór á kostum í Kjallaranum

**Hljómsveitin Feldberg er skipuð þeim Einari „Eberg" Tönsberg og Rósu Birgittu Ísfeld. Hljómsveitin gaf nýlega út plötuna Don't Be a Stranger, sem er troðfull af smekklegu eðalpoppi. Þau kynntu plötuna í Þjóðleikhúskjallaranum á miðvikudagskvöldið ásamt hljómsveit og var múgur og margmenni mætt til að gæða sér á brakandi fersku poppinu.**



**HRESS MAUSARI** Daníel „Danni í Maus" Þorsteinsson er í hljómsveitinni Sometime með Rósu. Hann var mættur til að sjá hana með Feldberg. Spúsa hans, Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir, mætti líka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**MEÐ BLÖÐRU Í BANDI** Sigtryggur Ari Jóhannsson spilar í Feldberg og var í hátíðarskapi.



**GÓÐAR** Lóa Einarsdóttir og Rakel Rúnarsdóttir voru slakar á kantinum.



**FJÖR HJÁ STELPUNUM** Katrín Sverrisdóttir, Brynhildur Axelsdóttir og Guðrún Helga Gunnarsdóttir fengu sér einn kaldan í Kjallaranum.



**HÓPFERÐ** Guðrún Einarsdóttir, Þorkell Guðbrandsson, Jóakim Reynisson, Hildur Jóhannesdóttir og Sverrir Hauksson biðu eftir að Feldberg kæmi á svið.



**SÆT SAMAN** Andri Hermannsson og Sóley Birna létu sig ekki vanta.

PIPAR\TBWA • SÍA • 91903

75 milljónir á einn miða í desember

Þeir sem eiga miða í Happdrætti Háskólans geta átt von á 75 milljóna afmælisvinningi í síðasta útdrætti ársins. Þú getur ennþá verið með! Tryggðu þér miða fyrir aðeins 1.000 kr. á mánuði. **Við drögum næst 24. nóvember!**

75 ára milljónir á einn miða

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Fáðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611



**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR Á SUNNUDAGINN** Pascal Pinon: Ásthildur, Halla, Jófríður og Kristín Ylfa.

## Vesturbæjar eftir-krútt

Hljómsveitin Pascal Pinon var stofnuð af fjórum fjórtán ára stelpum í desember í fyrra. Þær eru ekkert að tvínóna við hlutina og gefa á sunnudaginn út fyrstu plötuna sína. Hún inniheldur ellefu frumsamin lög.

„Við erum allar í Hagaskóla," segir Kristín Ylfa, þar sem hún er einmitt stödd í stærðfræðitíma. „Ætli megi ekki bara kalla okkur Vesturbæjar eftir-krútt hljómsveit. Við tókum plötuna upp sjálfar. Flest lögin eru á íslensku og flest eftir Jófríði. Hún hlustar voða mikið á Björk en ég veit ekki hvort það hefur einhver áhrif á lagasmíðarnar hennar. Hún samdi allt efnið á plötunni nema eitt lag sem við gerðum allar saman. Svo er einn texti eftir Davíð Stefánsson."

Hljómsveitin hefur spilað á fjölmörgum tónleikum, meðal annars á Innipúkanum, Réttum og Airwaves. Þær hafa áður gefið út smáskífu og áttu eitt lag á Trúbatrix safndiskinum. „Þetta hefur bara gengið mjög vel," segir Kristín. „Okkur er tekið mjög vel í bransanum og ekkert vesen að komast inn á staði að spila."

Plata Pascal Pinon kemur eins og áður segir út á sunnudaginn 22. nóvember. Samdægurs heldur hljómsveitin útgáfutónleika í Norræna húsinu klukkan 19. Upphitun verður í höndum hljómsveitarinnar Nolo. Aðgangseyrir er 500 kr. **- drg**

# BIRNA Lagersala
## allt að 80% afsláttur

Borgartúni 3

Opnunartími:
Föstudaginn 20. nóvember 12-19
Laugardaginn 21. nóvember 12-18
Sunnudaginn 22. nóvember 12-18

ATHUGIÐ AÐEINS
Í ÞESSA 3 DAGA





# BIRNA
## concept shop

Skólavörðustígur 2
S:4452020
Full búð af nýjum vörum

BIRNA

www.birna.net



**RAUÐHÆRÐIR STANDA SAMAN** Kristófer Eðvarðsson hefur hendur í hári Þorsteins Ólafssonar, samstarfsmanns síns í Nögl, og Sigurðar Ásgeirs Árnasonar Olsen í UMTS. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Knúsum rauðhærða fólkið á tónleikum

Rauðhærðir eiga undir högg að sækja því fleiri þúsund manns hafa skráð sig meðlimi í svokölluðum „Spörkum í rauðhærða-daginn“ á Facebook, þar á meðal nokkur fjöldi Íslendinga. Þegar lögreglan fór að rannsaka hópinn kom í ljós að 14 ára drengur frá Kanada bar ábyrgð á honum. Drengurinn bar fyrir sig húmor en lögreglan tók hart á málinu og lokaði síðunni. Nokkur hræðsla hefur skapast vegna dagsins hér á landi og meðal annars sendi skólastjóri Salaskóla í Kópavogi út tilkynningu til foreldra og varaði við ömurlegum eineltistilburðum.

Rauðhærðum meðlimum í hljómsveitunum Nögl og UMTS fannst málið standa sér nærri og bjuggu til „Knúsum rauðhærða-daginn“ á móti. Böndin ætla að gera enn betur en að hvetja fólk til að knúsa rauðhærða og standa fyrir rauðhærðum tónleikum á Sódóma í kvöld.

„Allir rauðhærðir fá þá að minnsta kosti samastað eina kvöldstund,“ segir Þorsteinn Ólafsson, trommuleikari í Nögl, meira í gríni en alvöru. Hann segir að það sé yfirleitt lítið mál að vera rauðhærður. „Það kemur reyndar alveg fyrir að fólk sé með einhver leiðindaskot á mann fyrir að vera rauðhærður, en svo fer það yfirleitt á taugum stuttu síðar og byrjar að afsaka sig og draga allt til baka.“

Auk hljómsveitanna Nögl og UMTS (Últra mega technobandið Stefán) ætla hljómsveitirnar Bróðir Svartúlfs og Vicky að styðja málefnið með því að koma fram. Tónleikarnir eru eins og áður segir á Sódómu í kvöld og hefjast klukkan 22. Miðar seldir við innganginn kosta eitt þúsund krónur. - drg

# FÍN Á FRUMSÝNINGU

**Önnur kvikmyndin í Twilight-þríleiknum var frumsýnd í Hollywood í vikunni. Viðburðurinn var stjörnum prýddur og mættu meðal annars leikkonan Jennifer Love Hewitt ásamt kærasta sínum, grínistanum Jamie Kennedy, og rapparinn 50 Cent.**

Leikararnir í New Moon mættu í sínu fínasta pússi á frumsýningu myndarinnar og þá sérstaklega leikkonurnar eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Stór hópur aðdáenda hafði safnast saman fyrir utan kvikmyndahúsið til að líta stjörnurnar augum.



**RAUÐ OG SEIÐANDI** Ashley Greene mætti í þessum fallega rauða kjól á frumsýninguna.



**VEL TIL HÖFÐ** Kristen Stewart var óvenju kvenleg og sæt í þessum skósíða ballkjól.



**ORÐIN ELDRI** Barnastjarnan Dakota Fanning fer með hlutverk í New Moon. Hún er orðin fimmtán ára og næstum fullorðin.



**MEÐ BERA LEGGI** Leikkonan Nikki Reed fer með hlutverk systur Edwards Cullen. Hún tók sig vel út í þessum ljósbláa kjól.



**ÁSTFANGINN** Leikarinn Peter Facinelli mætti á frumsýninguna ásamt eiginkonu sinni Jennie Garth, sem er þekktust fyrir leik sinn í þáttunum Beverly Hills 90210.





Hjaltalín - Terminal
Ný hljómplata Hjaltalín kemur í verslanir mánudaginn 23. nóvember.
Platan er komin á gogoyoko.com
Hlustaðu á plötuna í heild sinni frítt.
Nældu þér í eintak á sérstöku tilboðsverði.
gogoyoko




**TÖFRAR** Töframaðurinn John Tómasson fór í skóla í Las Vegas til að læra töfrabrögð. Hann hefur sérhæft sig í spilagöldrum og í því að láta hluti svífa.

# Les hugsanir og lætur hluti svífa

„Þetta byrjaði þannig að ég var með eitthvað af töfradóti til sölu í verslun minni, Börnum náttúrunnar, og fór eitthvað að fikta við þetta sjálfur,“ segir töframaðurinn John Tómasson sem hefur vakið mikla athygli fyrir töfrabrögð sín. Hann hefur meðal annars tekið að sér að troða upp á mannamótum bæði hér á landi og erlendis.

„Ég komst svo að því að hér er til félag töframanna og þá má segja að áhuginn hafi kviknað fyrir alvöru,“ segir hann enn fremur um upphaf ferilsins. „Í sumar fór ég svo út til Las Vegas í skóla og þar bætti ég mikið við þekkingu mína.“

Hann segir um tuttugu og sex manns vera meðlimi í Hinu íslenska töframannagildi og þar af séu um sjö starfandi töframenn. Aðspurður segir John mikla leynd hvíla yfir faginu og að töframenn megi alls ekki tala um sum töfrabrögðin. „Það er viss tegund af töfrum sem alls ekki má tala um, en annað mega menn sýna og kenna, til dæmis spilagaldra.“

Í skólanum fékk John góðar ráðleggingar um hvaða töfrar hentuðu honum og segist hann hafa sérhæft sig í spilagöldrum og því að láta hluti svífa. „Ég tek mikið af spilagöldrum, sem oft eru erfiðustu töfrarnir, og læt hluti svífa. Það tók mig um átta mánuði að ná því hvernig eigi að stjórna sápukúlum í loftinu, á meðan var eldhúsgólfið útatað í sápulegi. Konan var mjög ánægð þessa átta mánuði því gólfið var alltaf tandurhreint,“ segir John og hlær.

Hann segist jafnframt sérhæfa sig í töfrum sem kallast The Mentalist sem er nokkurs konar hugsanalestur. „Þá segi ég fyrirfram hvað manneskjan er að hugsa eða gera. Ég veit fyrirfram hvaða spil, orð eða lit hún mun velja og svo framvegis.“

Það er ekki á allra færi að verða góður töframaður og segir John þetta tímafrekt áhugamál, menn verði að æfa sig daglega og í nokkra tíma í senn. „Menn verða eiginlega að borða þetta í morgunmat ætli þeir að ná einhverjum árangri,“ segir John að lokum. Áhugasamir geta haft samband við John á sjonhverfing@internet.is eða símleiðis í síma 897 3083. -sm



HÖFUM OPNAÐ
NÝJA GLÆSILEGA
VERSLUN Í SMÁRALIND
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
VÖRUM UM HELGINA
biker jakki
13.990
loðvesti
26.990
gallabuxur
7.990
FOCUS
stígvél
12.990
skyrta
6.990
jakki
17.990
NUDIE
gallabuxur
19.990
skór
15.990
galleri sautján
ntc.is
Laugavegi, Kringlunni og Smáralind
DIESEL BZR EMAMI GESTUZ GSTAR RAW ICHI MAO MIA MOSS NUDIE NÜMPH RELIGION SAMSØE SAMSØE SISTERS POINT SOLID



**KYNNIR FATNAÐ** Edda og fjórir aðrir hönnuðir kynna vörur sínar um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kynna nýja hönnun

„Þetta er kynning á okkur öllum og í raun og veru verslun. Þetta er allt nýtt," segir hönnuðurinn Edda Skúladóttir.

Edda og fjórir aðrir hönnuðir, Áslaug Saja, Ása Gunnlaugsdóttir, Davíð Þorsteinsson og GUNKAT, kynna hönnun sína á Barónsstíg 3 um helgina. Edda hannar undir nafninu fluga og opnaði í gær vefsíðuna Fluga.is.

„Við verðum bara með búðina um helgina," segir Edda og bætir við að það verði opið á laugardag frá 12 til 17 og á sunnudag frá 13 til 17. Ýmislegt verður í boði, bæði föt og skartgripir. „Þetta verður rosalega flott og við leggjum mikið í þetta. Ég er með fatnað, Áslaug Saja er með boli og leðurvörur, Ása er gullsmiður og GUNKAT er með hárskraut og fylgihluti."

Edda segir að íslensk hönnun hafi blómstrað í kreppunni og spár um að árið yrði rólegt hafi ekki ræst. „Ég hélt að það yrði rólegt eftir áramótin," segir hún. „En það er búið að vera nóg að gera." - afb

# Langar í nefaðgerð

Amy Winehouse langar nú að láta laga á sér nefið. Söngkonan eyddi nýverið 35.000 pundum í að láta stækka brjóst sín úr skálastærð 32B í 32D og samkvæmt heimildum breska dagblaðsins The Sun vill hún núna láta laga á sér „nornanefið". Winehouse, sem er 26 ára, er sögð kunna vel við allt hrósið sem hún hefur fengið fyrir betra útlit upp á síðkastið. Þá hefur hún verið að teikna upp myndir af sjálfri sér því hún hefur í hyggju að láta búa til dúkku sem lítur út eins og hún og er sannfærð um að dúkkan verði vinsæl meðal barna og aðdáenda.



**BREYTT ÚTLIT** Amy Winehouse lét nýverið stækka á sér brjóstin.






# Will Ferrell fær of há laun

**Will Ferrell er oflaunaðasti kvikmyndaleikarinn í Hollywood samkvæmt nýjum lista tímaritsins Forbes. Í öðru sæti er Ewan McGregor og í því þriðja er Billy Bob Thornton.**

Þrátt fyrir að Ferrell sé einn vinsælasti gamanleikarinn í Hollywood eru launin sem hann fær í vasann ekki í neinum takti við gróðann af myndunum sem hann leikur í. Samkvæmt útreikningum Forbes græddu síðustu myndir Ferrells aðeins 3,29 dollara fyrir hvern dollara sem honum var borgað fyrir vinnu sína.

Skoski leikarinn Ewan McGregor er næst oflaunaðastur, í þriðja sæti er Billy Bob Thornton, gamanleikarinn Eddie Murphy er fjórði og rapparinn Ice Cube í fimmta sæti. Eftir að Eddie Murphy lék í nokkrum vinsælum myndum í röð á borð við The Nutty Professor krafðist hann hærri launa fyrir næstu myndir sínar. Síðan þá hafa vinsældir hans dvínað þrátt fyrir að hann fái ennþá feitt launaumslag fyrir hverja einustu mynd. Síðasta floppið hans er Meet Dave sem var rökkuð niður af gagnrýnendum.

Í könnun Forbes var ekki bara litið til aðsóknar í kvikmyndahúsum heldur einnig sölu á mynddiskum og sjónvarpsréttindum. Hjartaknúsarinn Tom Cruise varð sjötti á listanum. Ástæðan fyrir því eru samningar sem hann gerði þar sem hann fékk ekki greitt fyrir hlutverkin heldur fékk hluta af ágóðanum í staðinn.

Eina leikkonan sem komst á topp tíu listann var Drew Barrymore sem lenti í sjöunda sæti. Í síðasta mánuði birti Forbes tölur yfir þær leikkonur sem skiluðu mestum hagnaði í Hollywood og varð hin ástralska Naomi Watts hlutskörpust. Áður hafði Shia LaBeouf náð efsta sætinu yfir þá karlleikara sem öruggast er að veðja á.





**OFLAUNAÐIR**
**Will Ferrell** fær allt of há laun samkvæmt Forbes. **Ewan McGregor** er í öðru sæti, **Eddie Murphy** í því fjórða og **Drew Barrymore** er í sjöunda sæti.

**FIMM OFLAUNUÐUSTU:**

1. Will Ferrell
2. Ewan McGregor
3. Billy Bob Thornton
4. Eddie Murphy
5. Ice Cube
6. Tom Cruise
7. Drew Barrymore
8. Leonardo DiCaprio
9. Samuel L. Jackson
10. Jim Carrey

# Semur fyrsta Facebook-lagið

„Ég er eins og aðrir. Ég kíki reglulega á Facebook og tékka á „statusnum"," segir Guðmundur Annas Árnason, eða Mummi, sem hefur gefið út nýtt lag um Facebook, Hver er statusinn hjá þér?

Mummi segist vera fyrsti Íslendingurinn til að gefa út lag um Facebook og er bara ansi ánægður með það. „Það eru allir að leika sér á Facebook og ég skildi aldrei að enginn var búinn að semja lag um það. Þegar ég fékk hugmyndina ákvað ég að drífa lagið í gegn áður en einhver annar færi að semja lag um Facebook," segir hann og bætir við að textinn hafi verið fljótur að fæðast. „Það sem er svo auðvelt við að semja texta um Facbook er að þarna eru mörg orð og heiti sem fólk er að nota. Maður getur gripið þau á lofti og sniðið í kringum þau."

Mummi er einnig söngvari í Klaufunum frá Selfossi og hefur gefið út með þeim tvær plötur. Sólóferill er þó eitthvað sem heillar hann og á næsta ári hefjast upptökur á nýju lagi í Stúdíó Sýrlandi sem mun fylgja eftir vinsældum Facebook-lagsins.

Þrátt fyrir að Mummi kíki öðru hverju á Facebook segist hann ekki eyða miklum tíma þar. Ástæðan er sú að hann rekur Kaffi Krús á Selfossi þar sem hann hefur í nógu að snúast. Þar hefur hann útbúið sérhannaðan Klaufamatseðill fyrir hvern og einn í hljómsveitinni sem gestir staðarins geta einnig pantað sér. Matseðillinn hefur heldur betur hitt í mark, enda hélt hann Klaufunum söddum og sælum er þeir skelltu sér í upptökuleiðangur til Nashville á síðasta ári. - fb



**MUMMI** Mummi hefur sent frá sér fyrsta Facebook-lagið. Það heitir Hver er statusinn hjá þér?




Opnar í dag kl. 17:00

adidas®

CELEBRATE
ORIGINALITY

Kringlan

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 4, 7 og 10(Power) | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 4 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) 5:50(3D) | 7 |
| CHRISTMAS CAROL Ensku. Tali | kl. 8(3D) - 10:10(3D) Ótextuð | 7 |
| CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 7 |
| CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| PANDORUM | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| HORSEMEN | kl. 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| MORE THAN A GAME | kl. 3:40 - 5:50 | 7 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 4 - 6 | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | 7 |
| CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) - 8(3D) - 10:10(3D) Ótextuð | 7 |
| PANDORUM | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MY LIFE IN RUINS | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| LAW ABIDING CITIZEN sýnd á morgun | kl. 10:10 | 16 |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl 6 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl 8 | 7 |
| THE INFORMANT | kl. 8 | L |
| HORSEMEN | kl. 10 | 16 |

já - er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| 2012 | kl. 4.45 - 8 - 11.15 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 4.45 - 8 - 11.15 | 10 |
| DESEMBER | kl. 4 - 6 - 8 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 3.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| A SERIOUS MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 10 |
| 2012 | kl. 5.45 - 9 | 10 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 | L |
| JÓHANNES | kl. 6 - 10 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 8 - 10.40 SÍÐUSTU SÝNINGAR | |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 6 - 9 | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 - 10 | 16 |
| JÓHANNES | kl. 6 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| ZOMBIELAND | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |






**ENDALOKIN** Mynd úr verki Ragnars Kjartanssonar, The End, sem tekið var upp í Klettafjöllunum. MYND/EDO VAN BREEMEN

# Ragnar sýnir á Sundance

**Verk eftir listamanninn Ragnar Kjartansson hefur verið valið til sýningar á Sundance-kvikmyndahátíð-inni í janúar á næsta ári.**

Verkið The End eftir listamanninn Ragnar Kjartansson hefur verið valið til sýningar á Sundance-kvikmyndahátíðinni í janúar. Á heimasíðu Sundance-hátíðarinnar er verkinu lýst sem „dáleiðandi“, en í verkinu syngur Ragnar og spilar á ýmis hljóðfæri í kanadísku Klettafjöllunum, verkinu er svo varpað á fimm skjái þannig að úr verður heilsteypt tónverk. Verkið er hið sama og hefur verið til sýnis á Feneyja-tvíæringnum í sumar, en honum lýkur nú á sunnudaginn og hefur Ragnar þá dvalið þar í sex mánuði og málað um hundrað og fjörutíu verk á þeim tíma.



**VINSÆLL LISTAMAÐUR** Verk Ragnars Kjartanssonar hefur verið valið til sýningar á Sundance-kvikmyndahátíðinni í janúar á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Börkur Árnason, eigandi gallerís i8, segir Ragnar hafa vakið gríðarlega athygli með verki sínu á Feneyja-tvíæringnum og nú sé það orðið þannig að það séu fáir innan listaheimsins sem þekki ekki til hans. „Sýning hans í Feneyjum hefur vakið þess háttar athygli að það eru fáir í listaheiminum sem vita ekki hver Ragnar er. Verkið hefur að auki gengið eins vel og hugsast getur og á þessum tíma hafa orðið til hundrað og fjörutíu málverk,“ segir Börkur. Þess má geta að um 45 þúsund manns hafa heimsótt íslenska skálann í ár sem er 15 þúsund fleiri gestir en árið 2007.

The End verður sýnd á Sundance í flokki sem nefnist New Frontier og er Ragnar einn þrettán listamanna sem sýna í þeim flokki og eru verkin valin af sérstakri nefnd á vegum hátíðarinnar. Börkur segir það einkenna verkin í þessum flokki að þar renni myndlist og kvikmyndaformið saman í eitt.

„Það er ánægjulegt að sjá hversu vel þetta hefur gengið hjá Ragnari og dagskráin er þétt hjá honum næsta árið. Hann er bókaður með sýningar í tíma um allan heim langt fram í tímann,“ segir Börkur að lokum. **- sm**

Tónlist ★★★

**Erkiengill**

Gummzter

## Rappað beint frá hjartanu



Gummzter er listamannsnafn Guðmundar Snorra Sigurðssonar sem er 17 ára rappari úr Mosfellsbæ. Hann semur og flytur alla texta á þessari fyrstu plötu sinni, Erkiengill, en félagi hans Toni Taktur sér um taktana. Þrátt fyrir að Gummzter hafi bara skrifað rapptexta í tvö ár þá er heilmikið spunnið í Erkiengil. Gummzter hefur fínt flæði og skýran framburð og hann er mjög efnilegur textasmiður. Honum liggur margt á hjarta og hann kemur hugsunum sínum oft skemmtilega í orð. Flestir textarnir eru persónulegar hugleiðingar unglings um lífið, ástina og kynlífið með undirliggjandi efasemdum og tilvistarkreppu. Bjartsýnin ræður ríkjum í sumum þeirra, en í öðrum er tónninn þyngri. Þetta eru samt greinilega alvöru textar, beint frá hjartanu. Gummzter fær prik fyrir að segja það sem honum býr í brjósti og nota til þess þau meðul sem duga. Sumstaðar er hann mjög berorður (t.d. þegar hann kvartar undan femínistabloggurum í Ringulreið), en annarsstaðar eru textarnir fullir af skemmtilegum táknum og líkingum.

Taktarnir hans Toni eru svolítið eftir bókinni, en hann sýnir oft ágæt tilþrif. Það sem dregur Erkiengilinn aðeins niður er lengdin. Platan er yfir klukkutíma að lengd og inniheldur sextán lög og þau eru misgóð. Hún hefði orðið enn sterkari ef þeir félagar hefðu verið djarfari í að klippa burt og grisja. Næst ættu þeir að hafa lögin færri og liggja lengur yfir þeim.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Fín frumsmíð frá mjög efnilegum textasmiði og rappara.



**MICHAEL MOORE** Moore hlaut ekki náð fyrir augum Óskarsakademíunnar í þetta sinn.

# Moore ekki tilnefndur

**Óskarsakademían hefur tilkynnt hvaða fimmtán myndir eiga möguleika á að hreppa Óskarsverðlaunin á næsta ári. Athygli vekur að nýjasta mynd Michaels Moore, Capitalism: A Love Story, hlaut ekki náð fyrir augum akademíunnar. Hún er tekjuhæsta heimildarmynd ársins en þótti einfaldlega ekki nægilega góð en Moore vann Óskarinn árið 2002 fyrir Bowling for Columbine. Á meðal þeirra mynda sem komust í gegnum nálaraugað voru The Cove, Valentino: The Last Emperor og Every Little Step. Óskarsverðlaunin verða afhent í Hollywood 7. mars. Þar munu fimm heimildarmyndir keppa um gylltu styttuna.**





LAUGARÁS BÍÓ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ SELFOSS KEFLAVÍK SAMBÍÓIN BORGARBÍÓ

JÓHANNES

LADDI STEFÁN KARL HERDÍS ÞORVALDS STEFÁN HALLUR og UNNUR BIRNA

34.000 MANNS

SKEMMTILEGASTA ÍSLENSKA MYND ÁRSINS

Besta myndin síðan Sódóma Reykjavík ★★★★¾ - Atli Steinn, Bylgjan

Þetta er alvöru fær snilld ★★★★★ - A.K. - Útvarp Saga

...Sannkölluð "feelgood" -mynd, ekki veitir af ★★★½ - S.V. MBL



**KIRSTEN DUNST** Segist ekki lengur vera vinkona Jakes Gyllenhaal.

# Ekki vinkona Gyllenhaal

**Kirsten Dunst segist ekki lengur vera vinkona fyrrverandi kærasta síns Jakes Gyllenhaal. Dunst og Gyllenhaal áttu í ástarsambandi í tvö ár en hættu saman árið 2004. „Það væri gaman að hitta hann aftur en við erum ekki góðir vinir,“ sagði Dunst. Gyllenhaal er núna með leikkonunni Reese Witherspoon en Dunst er laus og liðug. Hún var áður með rokkaranum Johnny Borrell úr Razorlight. „Vinkonur mínar sofa stundum uppi í rúmi hjá mér en engir aðrir gestir, alla vega ekki til langs tíma.“**

# Eltir börnin

**Fyrirsætan Heidi Klum eignaðist sitt fjórða barn fyrir tæpum mánuði en er strax komin aftur til vinnu. Þrátt fyrir að líta sérstaklega vel út heldur hún því fram að hún sé ekki enn komin með sinn gamla vöxt. „Maður breytist með aldrinum. Þetta var allt öðruvísi þegar ég var yngri og gekk með mitt fyrsta barn.“ Klum segist ekki fara í ræktina til að æfa sig, heldur sé nóg að hugsa um fjögur börn. „Ég er á stanslausri ferð með börnin. Þegar maður á fjögur börn er lítið um letilíf. Brjóstagjöfin er besta leiðin til að missa barnafituna, það og hollur matur ásamt smá hreyfingu.“**



**EKKERT LETILÍF** Heidi Klum segir börnin sín fjögur sjá til þess að hún hreyfi sig nóg.



**MEÐ LUNGNABÓLGU** Nicole Richie hefur greinst með lungnabólgu og dvelur nú á Cedars-Sinai spítalanum í Los Angeles.

# Nicole lögð inn á spítala

**Nicole Richie liggur nú á spítala eftir að hún greindist með lungnabólgu. Raunveruleikasjónvarpsstjarnan var flutt á Cedars-Sinai spítalann í Los Angeles eftir að hún kvartaði undan vanlíðan og var hún þá greind, en samkvæmt talsmanni Richie líður henni ágætlega.**

**Nicole Richie skrifaði nýverið færslu á Twitter-síðu sína þar sem hún kvartaði yfir því að vera búin að vera kvefuð í sex daga og stuttu síðar fékk hún lungnabólguna. Richie verður fjarri fjölskyldu sinni þar til henni batnar, en hún á tvö börn ásamt eiginmanni sínum Joel Madden, dótturina Harlow sem er tæplega tveggja ára og soninn Sparrow sem er aðeins tveggja mánaða gamall.**

# Rikka í hörkuformi

„Ég byrjaði að æfa á fullu fyrir svona ári og sökkti mér þá í þetta,“ segir Friðrika Hjördís, sjónvarpskokkur og þáttastjórnandi Wipeout. Óhætt er að segja að Friðrika sé í fantaformi, enda æfir hún daglega í Laugum World Class og gengur reglulega á fjöll.

„Ég mæti eiginlega bara til að geta borðað meira. Mér finnst hrikalega gott að borða og er mikill nautnaseggur svo ef ég mætti það ekki veit ég ekki hvar þetta myndi enda,“ segir Friðrika og hlær, en viðurkennir að með aukinni líkamsrækt kalli líkaminn á hollari mat. „Ég fer ekki eftir neinu prógrammi og hef engan sérstakan metnað fyrir því að vera með eitthvert „sixpack“. Þetta er ekki átak hjá mér heldur hluti af mínu lífi. Svo er þetta líka bara svo gott fyrir sálina,“ útskýrir Friðrika og segist hafa litla trú á skyndikúrum. „Ef fólk ætlar að koma sér í gott form er þetta bara spurning um að borða skynsamlega og æfa meira.“

Sýningar á Wipeout hefjast 11. desember og aðspurð segist Friðrika vera orðin spennt að sjá útkomuna. „Þetta leggst mjög vel í mig og ég veit að margir bíða spenntir eftir að horfa. Það góða við þessa þætti er að það eru svo margir að ögra sjálfum sér. Við erum alltaf að passa okkur að gera okkur ekki að fíflum, en þarna er fólk að fara út fyrir þægindahringinn, sem gerir þetta svo skemmtilegt,“ segir hún. **- ag**



**DUGLEG Í RÆKTINNI** Friðrika æfir daglega í World Class í Laugum og gengur reglulega á fjöll. Hún segir hreyfinguna engan lúxus, heldur lífsnauðsyn.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## > Fer í læknisskoðun í dag

Ólafur Ingi Skúlason mun sennilega semja við danskt félag í dag ef hann stenst læknisskoðun hjá félaginu. Það staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið en vildi ekki gefa upp til hvaða liðs hann væri að fara. Danski vefmiðillinn onside.dk hefur hins vegar fullyrt að hann sé á leið til SönderjyskE en Sölvi Geir Ottesen, félagi Ólafs í landsliðinu, leikur með því liði í dönsku úrvalsdeildinni. Ólafur Ingi hefur spilað með Helsingborg í Svíþjóð undanfarin þrjú ár en var þar áður í Englandi hjá Arsenal og Brentford.



sport

sport@frettabladid.is

**GUÐRÚN JÓNA KRISTJÁNSDÓTTIR:** VAR Í GÆR RÁÐIN ÞJÁLFARI MEISTARAFLOKKS KVENNA Í FÓTBOLTA HJÁ KR

# *Við ætlum að komast aftur í fremstu röð*

Guðrún Jóna Kristjánsdóttir skrifaði í gær undir þriggja ára samning við KR um að gerast aðalþjálfari meistaraflokks kvenna í fótbolta hjá Vesturbæjarfélaginu en Kristrún Lilja Daðadóttir verður aðstoðarþjálfari liðsins og Björgvin Karl Gunnarsson verður þjálfari 2. flokks ásamt því að verða þeim Guðrúnu Jónu og Kristrúnu Lilju innan handar með meistaraflokkinn. Guðrún Jóna þjálfaði lið Aftureldingar/Fjölnis síðasta sumar en er að snúa aftur á fornar slóðir þar sem hún lék 336 leiki með KR við góðan orðstír á árunum 1985 til ársins 2004 og skoraði í þeim leikjum 143 mörk.

„Ég er rosalega ánægð með að vera komin heim til KR þar sem ég hef verið hér alla mína tíð fyrir utan smá hliðarskref," sagði Guðrún Jóna ánægð í samtali við Fréttablaðið í gær. KR gekk í gegnum miklar breytingar síðasta sumar. Félagið missti nokkra landsliðsleikmenn úr röðum sínum fyrir tímabilið en ákvað í staðinn að byggja leikmannahóp sinn á ungum og efnilegum leikmönnum.



„Þetta var lærdómsríkt sumar fyrir KR og við munum byggja á þessum ungu og efnilegu leikmönnum sem eru nú reynslunni ríkari og stuðla að því að þeir haldi áfram að bæta sig. Við ætlum að komast aftur í fremstu röð og stefnan er að leggja grunninn að því strax næsta sumar. KR á náttúrulega heima í toppbaráttunni og það var því frekar óvenjulegt að sjá liðið um miðja deild síðasta sumar en núna liggur þetta allt upp á við," segir Guðrún Jóna vongóð.

„Næsta skref hjá mér verður bara að skoða leikmannahópinn og kynnast þeim stelpum sem ég þekki ekki fyrir og stefnan er klárlega að halda þeim leikmönnum sem eru fyrir hjá félaginu og fá þá til þess að skrifa undir samninga," segir Guðrún Jóna en fyrirliðinn Lilja Dögg Valþórsdóttir skrifaði einmitt undir nýjan tveggja ára samning við KR í gær.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla*

**Grindavík - Stjarnan 93-83 (38-30)**

**Stig Grindavíkur**: Páll Axel Vilbergsson 27, Ómar Örn Sævarsson 19 (12 fráköst), Darrell Flake 16 (8 fráköst), Brenton Birmingham 13, Arnar Freyr Jónsson 8, Þorleifur Ólafsson 7, Björn Brynjólfsson 3.

**Stig Stjörnunnar**: Justin Shouse 29 (8 frák., 6 stoðs.), Jovan Zdravevski 22, Kjartan Atli Kjartansson 13 (9 frák.), Magnús Helgason 8 (9 frák.), Fannar Freyr Helgason 5 (15 frák.), Ólafur Aron Ingvason 4, Birgir Björn Pétursson 2.

**Tindastóll - Keflavík 69-88 (26-40)**

**Stig Tindastóls**: Svavar Atli Birgisson 22 (10 frák.), Helgi Rafn Viggósson 13, Axel Kárason 12 (9 frák.), Amani Bin Daanish 7 (14 frák.), Helgi Margeirsson 7, Michael Giovacchini 3, Hreinn Birgisson 2, Sveinbjörn Skúlason 2, Sigmar Björnsson 1.

**Stig Keflavíkur**: Sigurður Þorsteinsson 25 (15 frák.), Rashon Clark 22 (19 frák.), Davíð Þór Jónsson 12, Hörður Axel Vilhjálmsson 10, Elentinus Margeirsson 6, Þröstur Leó Jóhannsson 5, Sverrir Þór Sverrisson 4, Gunnar Einarsson 4.

**KR - Hamar 91-88 (26-34)**

**Stig KR**: Semaj Inge 27, Tommy Johnson 18, Ólafur Már Ægisson 14, Brynjar Þór Björnsson 13, Finnur Magnússon 8 (8 frák.), Darri Hilmarsson 6, Fannar Ólafsson 3 (8 frák.), Jón Orri Kristjánsson 2.

**Stig Hamars**: Andre Dabney 27 (8 frák, 7 stoðs.), Marvin Valdimarsson 27, Oddur Ólafsson 10, Svavar Páll Pálsson 9 (8 frák, 7 stoðs.), Ragnar Nathanaelsson 8 (8 frák.), Páll Helgason 4, Vidar Örn Hafsteinsson 3.

### *N1-deild karla*

**HK - Valur 20-24 (10-11)**

**Mörk HK (skot)**: Valdimar F. Þórsson 5/1 (11/2), Bjarki M. Gunnarsson 4 (4), Vilhelm G. Bergsveinsson 3 (3), Hákon Bridde 2 (2), Atli Æ. Ingólfsson 2 (5), Ragnar Hjaltested 2/0 (4/1), Sverrir Hermannsson 2 (7), Ólafur Víðir Ólafsson 0 (1)
**Varin skot**: Sveinbjörn Péturss 14, Lárus Ólafss. 2
**Hraðaupphlaup**: 6 (Bjarki 3, Atli, Ragnar, Hákon)
**Fiskuð víti**: 3 (Bjarki, Sverrir, Hákon)
**Utan vallar**: 2 mín.
**Mörk Vals (skot)**: Fannar Friðgeirsson 7 (8), Arnór Gunnarsson 6 (13), Ernir H. Arnarsson 4 (8), Elvar Friðriksson 3/3 (8/3), Ingvar Árnason 2 (3), Gunnar I. Jóhannsson 1 (4), Sigfús Páll Sigfússon 1 (4), Orri Freyr Gíslason 0 (2), Atli Báruson 0 (1).
**Varin skot**: Hlynur Morthens 15/1
**Hraðaupphlaup**: 7 (Fannar 4, Arnór 2, Gunnar)
**Fiskuð víti**: 3 (Orri 2, Fannar)
**Utan vallar**: 6 mín.

**Fram - Akureyri 18-27 (10-12)**

**Mörk Fram (skot)**: Arnar B. Hálfdánarson 8/4 (14/4), Magnús Stefánsson 4 (13), Halldór Jóhann Sigfússon 2 (3), Jóhann K. Reynisson 2 (3), Stefán B. Stefánsson 2 (6), Lárus Jónsson (1), Hákon Stefánsson (1), Andri B. Haraldsson (6).
**Varin skot**: Magnús Erlendsson 12 (30/3, 40%), Sigurður Örn Arnarson 6 (15/1, 40%).
**Hraðaupphlaup**: 4 (Andri Magnús 1, Halldór Jóhann 1, Stefán Baldvin 1, Jóhann Karl 1).
**Fiskuð víti**: 4 (Halldór 2, Stefán B. 1, Arnar B. 1).
**Utan vallar**: 10 mínútur.
**Mörk Akureyrar (skot)**: Jónatan Þór Magnússon 13/4 (17/5), Oddur Grétarsson 6 (9), Árni Þór Sigtryggsson 2 (8), Heimir Árnason 2 (4), Hreinn Hauksson 2 (2), Hörður F. Sigþórsson 1 (2), Guðlaugur Arnarsson 1 (1), Geir Guðmundsson (2), Guðmundur Helgason (2), Valdimar Þengilsson (1).
**Varin skot**: Hörður Flóki Ólafsson 22 (40/4, 55%).
**Hraðaupphlaup**: 8 (Oddur 5, Guðlaugur 1, Heimir Örn 1, Jónatan Þór 1).
**Fiskuð víti**: 5 (Árni 2, Geir 1, Guðlaugur 1, Oddur 1).
**Utan vallar**: 14 mínútur.
**Dómarar**: Arnar Sigurjónsson og Svavar Pétursson, misstu aðeins tökin í seinni hálfleik.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **6** | **5** | **0** | **1** | **158-138** | **10** |
| Haukar | 4 | 3 | 1 | 0 | 104-98 | 7 |
| **Akureyri** | **6** | **3** | **1** | **2** | **144-140** | **7** |
| FH | 5 | 2 | 1 | 2 | 149-148 | 5 |
| **HK** | **5** | **2** | **1** | **2** | **122-128** | **5** |
| Grótta | 5 | 2 | 0 | 3 | 126-121 | 4 |
| **Stjarnan** | **5** | **1** | **0** | **4** | **114-127** | **2** |
| Fram | 6 | 1 | 0 | 5 | 148-165 | 2 |

# Nauðsynlegur sigur fyrir framhaldið

**Grindvíkingar fögnuðu langþráðum heimasigri þegar liðið vann 93-83 sigur á Stjörnunni í gær. Páll Axel Vilbergsson fann taktinn á nýjan leik og skoraði 27 stig í leiknum. Ómar Sævarsson átti einnig góðan leik.**

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar unnu mikilvægan 93-83 sigur á Stjörnunni í Iceland Express-deild karla í gær. Grindavíkurliðið var með frumkvæðið allan leikinn en seigla Stjörnumanna hélt þeim inni í leiknum og úr varð spennandi leikur allt til enda. Grindvíkingar höfðu síðan betur í lokin og þriggja stiga karfa Páls Axels Vilbergssonar um leið og lokaflautið gall lét sigurinn líta öruggari út.

„Það var gríðarlega dýrmætt fyrir okkur að vinna þennan leik. Við hefðum ekki viljað vera með fjóra tapleiki eftir sjö umferðir. Við erum mjög kátir með að vinna þennan leik því þeir eru með hörkulið sem þeir hafa bæði sýnt í byrjun móts sem og í fyrra," sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindvíkinga, í leikslok.

Grindavíkurliðið náði ítrekað upp ágætu forskoti en missti það alltaf jafnóðan niður.

„Við náðum aldrei almennilega að hrista þá af okkur. Það vantaði alltaf þennan sex til átta stiga kipp hjá okkur sem við erum vanir að ná. Við erum ekki að ná því en við erum að vinna þetta á varnarleik og við erum að verjast prýðilega," sagði Friðrik og stigin tvö voru mikilvægust af öllu. „Þetta var baráttuleikur og ég var ánægður með hvað liðið vann vel saman í þessu. Við höfum verið að hreinsa til í hausnum hjá okkur og þetta var nauðsynlegur sigur fyrir framhaldið hjá okkur," sagði Friðrik.

Páll Axel Vilbergsson og Ómar Sævarsson (19 stig, 12 fráköst, 10 fiskaðar villur) áttu báðir sinn besta leik í langan tíma.

„Ég veit ekki hvort ég er búinn að finna taktinn en þetta gekk ágætlega í dag," sagði Páll Axel Vilbergsson sem átti sinn langbesta leik í vetur í gær, var með 27 stig og setti niður 7 af 11 þriggja stiga skotum sínum. Grindavík vann þær 36 mínútur sem hann spilaði með 14 stigum. Páll fékk líka mikið hrós frá þjálfara sínum í leikslok. „Páll Axel var frábær í þessum leik báðum megin á vellinum. Hann spilaði fantavörn og var frábær í sókninni þar sem mikið frumkvæði var í honum," sagði Friðrik og Páll sjálfur viðurkenndi að þetta hafi verið allt annað hjá honum. „Við vorum ekki spila á fullu sjálfstrausti, það vantaði bara mikið í marga leikmenn og þar á meðal mig. Ég er bara búinn að vera lélegur það sem af er móti. Ég vil ekki segja að ég sé búinn að snúa við blaðinu en við erum allavega að vinna í okkar málum. Þetta var kannski ávísun á það að við séum farnir að gera rétta hluti," sagði Páll Axel.

Stjörnumenn sýndu mikinn styrk með því að halda sér inni í leiknum en eftir sigra í fimm fyrstu leikjunum er liðið að ganga í gegnum erfiða tíma sem reynir mikið á hópinn.

„Það eru 6 af 7 mönnum hjá okkur meiddir og þeir eru að spila á 50 prósent hraða. Það er samt engin afsökun því þeir spila leikina en ég er virkilega stoltur af þeim," sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, og hann er ekkert að hafa áhyggjur þrátt fyrir að liðið sé búið að tapa tveimur leikjum í röð. „Við erum hæstánægðir með stöðuna í deildinni eins og hún er í dag að við séum með fimm sigra og tvö töp. Við ætlum að reyna að ná fleiri sigrum fyrir jól. Menn eru á batavegi og þeir verða bara betri," segir Teitur.

Justin Shouse og Jovan Zdravevski voru að venju í aðalhlutverkum hjá Stjörnunni en Teitur hrósaði séstaklega dugnaði fyrirliðans Fannars Freys Helgasonar. „Ég er hrikalega stoltur af strákunum eins og þeir spiluðu í dag og þá sérstaklega Fannari. Ég veit ekki hvað hann tók mörg fráköst á annarri löppinni sem er bara magnað," sagði Teitur en Fannar var með 15 fráköst í leiknum.

„Við eigum Njarðvík í næsta leik og við vissum að þetta yrði brjálaður nóvember hjá okkur og þess vegna var mikilvægt að taka þessa fyrstu leiki í mótinu. Það hjálpaði okkur," sagði Teitur.

ooj@frettabladid.is






**ÖFLUGIR** Justin Shouse og Páll Axel Vilbergsson áttu báðir góðan leik en sá síðarnefndi hafði betur að þessu sinni.

Valsmenn kaffærðu HK-inga á tíu mínútna kafla í N1-deildinni í gær:

# Erfið fæðing hjá Valsmönnum í Digranesi

**HANDBOLTI** „Þið eruð svo fyrirsjáanlegir að ég gæti spilað vörn á móti ykkur," sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, reiðilega við sína menn í einu af leikhléum fyrri hálfleiks gegn HK í gær. Valsmenn voru þá undir en náðu forystunni fyrir hálfleik og létu hana aldrei af hendi eftir það, unnu 24-20 útisigur.

HK-ingar voru vel inni í leiknum lengi vel en um miðjan seinni hálfleikinn kom kafli þar sem sóknarleikur þeirra var í molum og það nýttu Valsmenn sér og hreinlega slátruðu heimamönnum. Hlíðarendapiltar náðu fimm marka forskoti og þá var róðurinn orðinn of þungur fyrir mótherjana.

„Við náðum ekki að telja tæknifeilana í seinni hálfleik, þeir voru það margir," sagði Gunnar Magnússon, þjálfari HK. „Þeir bara slátruðu okkur í hraðaupphlaupum. Ég var ánægður með vörnina og markvörsluna í fyrri hálfleik en sóknarleikur okkar í seinni hálfleik var skelfilegur."

Gunnar segir að sitt lið eigi enn langt í land. „Valsmenn eru töluvert á undan okkur eins og staðan er í dag. Við erum í harðri baráttu og verðum að spýta í lófana, við verðum að gera betur en þetta."

Óskar Bjarni segist hafa verið mjög ánægður með að hafa verið með eins marks forystu í hálfleik miðað við fyrri hálfleikinn. „Við eigum mjög mikið inni sóknarlega miðað við síðustu tvo leiki. Á móti kemur að ég er mjög sáttur við varnarleikinn. Ég held að við höfum síðast unnið hérna 2006 svo það er mjög kærkomið að vinna," sagði Óskar.

Valur er sem stendur í efsta sætinu. „Við tökum bara einn leik í einu, það hefur alltaf hentað okkur best. En við vitum alveg hvert við stefnum og hvert við ætlum." - egm



**TEKIÐ Á ÞVÍ** Fannar Þór Friðgeirsson sækir að marki HK-inga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ljóst er hvaða 32 þjóðir keppa í úrslitakeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu á næsta ári:

# Einn nýliði mætir til leiks í Suður-Afríku



**LUKKUDÝRIÐ** Zamalek heitir lukkudýr heimsmeistaramótsins í Suður-Afríku. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

**FÓTBOLTI** Aðeins einn nýliði er meðal 32 þátttökuþjóða í úrslitakeppni heimsmeistarakeppninnar sem haldin verður í Suður-Afríku næsta sumar. Það er landslið Slóvakíu sem varð sjálfstætt ríki árið 1993. Áður hafði Tékkóslóvakía níu sinnum komist á HM og tvívegis í sjálfan úrslitaleikinn – árin 1934 og 1962.

Þetta er aðeins í annað sinn síðan 1950 sem einn nýliði tekur þátt í heimsmeistarakeppninni. Þá voru Englendingar að taka þátt í sinni fyrstu heimsmeistarakeppni en þeir ensku þóttu lengi of fínir til að taka þátt í HM.

Alls sex þjóðir taka nú annað sinn þátt í úrslitakeppni HM og af þeim hefur bið Norður-Kóreu verið langsamlega lengst. Norður-Kóreumenn tóku síðast þátt í Englandi árið 1966 og slógu reyndar þá í gegn.

Öllum að óvörum komust Norður-Kóreumenn þá áfram upp úr sínum riðli ásamt Sovétmönnum en skildu bæði Ítalíu og Chile eftir. Norður-Kórea vann meira að segja 1-0 sigur á Ítölum. Liðið féll svo úr leik í fjórðungsúrslitum þegar Eusebio skoraði þrennu í 5-3 sigri Portúgals.

Árið 2004 var ákveðið að HM færi fram í Suður-Afríku og er þetta í fyrsta sinn sem keppnin kemur til Afríku. Japan varð fyrsta þjóðin fyrir utan gestgjafana til að tryggja sér sæti á HM hinn 6. júní síðastliðinn en alls tryggðu fjórar þjóðir sér farseðilinn til Suður-Afríku þann daginn.

Holland varð sama dag fyrsta Evrópuþjóðin til að ná þeim áfanga eftir 2-1 sigur á Íslandi á Laugardalsvellinum.

Aðeins ein þjóð hefur tekið þátt í öllum átján keppnunum til þessa og hefur þar að auki tryggt sér þátttökurétt í þeim tveimur næstu. Það er Brasilía en úrslitakeppnin árið 2014 verður einmitt haldin þar.

Öll sex álfusamböndin eiga fulltrúa í Suður-Afríku á næsta ári. Evrópa á flesta eða þrettán talsins. Það skal tekið fram að Ástralía tók í þetta sinn þátt í undankeppni Knattspyrnusambands Asíu. - esá



**VERÐA MEÐ Á HM** Slóvakarnir Martin Skrtel og Miroslav Stoch fagna sigri í undankeppni HM. NORDIC PHOTOS/GETTY

## HM-ÞJÓÐIRNAR

**32 þjóðir keppa um heimsmeistaratitilinn í knattspyrnu næsta sumar.**

| | |
|---|---|
| **Knattspyrnusamband Evrópu:** | |
| Danmörk | 4. sinn á HM (síðast 2002) |
| England | 13. sinn (2006) |
| Frakkland | 13. sinn (2006) |
| Grikkland | 2. sinn (1994) |
| Holland | 9. sinn (2006) |
| Ítalía | 17. sinn (2006) |
| Portúgal | 5. sinn (2006) |
| Serbía | 2. sinn (2006) |
| Slóvakía | 1. sinn |
| Slóvenía | 2. sinn (2002) |
| Spánn | 13. sinn (2006) |
| Sviss | 9. sinn (2006) |
| Þýskaland | 17. sinn (2006) |
| **Knattspyrnusamband Asíu:** | |
| Ástralía | 3. sinn (2006) |
| Japan | 4. sinn (2006) |
| Norður-Kórea | 2. sinn (1966) |
| Suður-Kórea | 8. sinn (2002) |
| **Knattspyrnusamband Afríku:** | |
| Alsír | 3. sinn (1998) |
| Fílabeinsströndin | 2. sinn (2006) |
| Gana | 2. sinn (2006) |
| Kamerún | 6. sinn (2002) |
| Nígería | 4. sinn (2002) |
| Suður-Afríka | 3. sinn (2002) |
| **Knattspyrnusamb. Suður-Ameríku:** | |
| Argentína | 15. sinn (2006) |
| Brasilía | 19. sinn (2006) |
| Chile | 8. sinn (1998) |
| Paragvæ | 8. sinn (2006) |
| Úrúgvæ | 11. sinn (2002) |
| **Knattsp. Norður- og Mið-Ameríku:** | |
| Bandaríkin | 9. sinn (2006) |
| Hondúras | 2. sinn (1982) |
| Mexíkó | 14. sinn (2006) |
| **Knattspyrnusamband Eyjaálfu:** | |
| Nýja-Sjáland | 2. sinn (1982) |

Ari Freyr Skúlason:

# Leikmaður ársins í Medelpad

**FÓTBOLTI** Ari Freyr Skúlason, leikmaður sænska B-deildarliðsins GIF Sundsvall, var í gær útnefndur knattspyrnumaður ársins í Medelpad sem er hérað í norðurhluta Svíþjóðar.

„Það var vissulega skemmtilegt að fá þessa viðurkenningu, sérstaklega þar sem það voru leikmennirnir sjálfir sem tóku þátt í kjörinu," sagði Ari Freyr við Fréttablaðið í gær. „Ég var líka sáttur við mína frammistöðu á tímabilinu en liðinu hefði mátt ganga mun betur. Við stefnum klárlega að því að fara aftur upp í úrvalsdeildina á næsta ári."

Þó er óvíst hvort Ari Freyr verður áfram hjá liðinu en hann á eitt ár eftir af samningi sínum. „Þeir vilja semja við mig sem allra fyrst en ég vil bíða, að minnsta kosti fram í janúar. Ég vil þó komast að hjá stærra liði og vonandi selja þeir mig ef það verður í boði fyrir mig." - esá



ARI FREYR SKÚLASON




Írar eru bálreiðir út af ólöglegu marki Frakka í umspilsleik þjóðanna í fyrrakvöld:

# Vilja láta spila leikinn aftur

**FÓTBOLTI** Ólöglegt sigurmark Frakklands í framlengingu í síðari umspilsleiknum gegn Írlandi á miðvikudagskvöld hefur ollið miklu fjaðrafoki og Írar hafa formlega farið fram á að leikurinn verði spilaður aftur. Thierry Henry handlék boltann í tvígang, áður en hann gaf stoðsendinguna að sigurmarkinu sem William Gallas skoraði, án þess að dómari leiksins tæki eftir einu né neinu og því var markið látið standa.

„Þessi augljósu mistök sem dómarinn gerði með því að láta umrætt mark standa hafa ekki gert neitt annað en að eyðileggja ímynd fótboltans og því hefur Knattspyrnusamband Írlands kallað á alþjóðaknattspyrnusambandið FIFA að það sjái til þess að leikurinn verði spilaður aftur. Við teljum það vera mikilvægt í ljósi háttvísi og heiðarleika í fótboltanum að FIFA bregðist nú við,“ segir í yfirlýsingu frá Knattspyrnusambandi Írlands.

Fordæmi er fyrir því hjá FIFA að leikur hafi verið spilaður að nýju vegna dómaramistaka en það gerðist árið 2005 þegar Úsbekistan og Barein þurftu að endurtaka leik sinn. **- óþ**



**HENDI** Ekki fer á milli mála að Thierry Henry handlék boltann. NORDIC PHOTOS/AFP

# Byrjar betur með Njarðvík en hann gerði hjá Keflavík

**Njarðvík hefur unnið sjö fyrstu leiki sína undir stjórn Sigurðar Ingimundarsonar sem er besta byrjun alíslensks liðs í úrvalsdeild karla í tvo áratugi.**

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar eru eina taplausa liðið í Iceland Expressdeild karla eftir fyrstu sex umferðirnar og geta unnið sjöunda leikinn í röð í kvöld þegar liðið tekur á móti Breiðabliki í Ljónagryfjunni.

Sigurður Ingimundarson tók við liði Njarðvíkur af bróður sínum skömmu fyrir mót en hann hafði áður stjórnað nágrönnunum og erkifjendunum í Keflavík á 12 af síðustu 13 tímabilum. Sigurður hefur náð að koma með nýtt líf inn í Njarðvíkurliðið sem olli nokkrum vonbrigðum í fyrra.

Njarðvíkingar spila með alíslenskt lið og eru nú eina liðið í deildinni sem ekki teflir fram erlendum leikmanni. Þetta er besta byrjun alíslensks liðs síðan Njarðvíkingar unnu fyrstu 14 leiki sína tímabilið 1988-89.

Sigurður byrjaði frábærlega með Keflavík á sínum tíma en liðið vann fjórfalt á hans fyrsta tímabili veturinn 1996 til 1997. Keflavík varð þá fyrirtækjameistari í nóvember, bikarmeistari í febrúar, deildarmeistari í mars og Íslandsmeistari í apríl. Þetta frábæra tímabil byrjaði samt ekki eins vel og tímabilið hefur byrjað hjá Njarðvíkingum í ár. Keflavík vann þá fimm fyrstu leiki sína áður en það tapaði tveimur af næstu þremur. Fyrsta tapið kom í deildarleik á móti Njarðvík í Ljónagryfunni 24. október 1996. Eftir þessi tvö töp með tveggja vikna tímabili vann Keflavíkurliðið hins vegar 15 af 16 síðustu deildarleikjum sínum og síðan alla titla í boði.

Sigurður þekkti misvel til leikmanna Njarðvíkinga áður en hann tók við liðinu en engan þekkti hann þó betur en Magnús Þór Gunnarsson sem hefur spilað nær allan sinn körfuboltaferil fyrir hann bæði með Keflavík og landsliðinu.

Það kemur því kannski ekki á óvart að Magnús hafi blómstrað síðan að Sigurður tók við liðinu en hann hefur skorað 18,7 stig og gefið 3,8 stoðsendingar á 29 mínútum í fyrstu sex deildarleikjunum og skoraði enn fremur 28 stig (átta þrista) þegar Njarðvík sló KR út úr Subway-bikarnum á dögunum.

Annar leikmaður sem hefur blómstrað undir stjórn Sigurðar í haust er Jóhann Árni sem hefur leikið einstaklega vel.

Nú er að sjá hvort framhald verði á sigurgöngu Njarðvíkinga undir stjórn Sigurðar en nágrannar þeirra í Keflavík eru örugglega farnir að telja niður fyrir fyrsta innbyrðisleik liðanna síðan sigursælasti þjálfari félagsins tók við erkifjendunum úr Njarðvík.

**ooj@frettabladid.is**



**Í GRÆNU** Sigurður Ingimundarson sést hér koma skilaboðum til sinna manna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**FYRSTU 8 LEIKIRNIR MEÐ KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| **3. október deild ÍR (heima)** | **99-84 sigur** |
| 6. okt. deild Grindavík (úti) | 108-103 sigur |
| **10. október deild ÍA (heima)** | **93-60 sigur** |
| 18. otk. fbikar Snæfell (úti) | 121-77 sigur |
| **20. okt. fbikar Snæfell (h.)** | **122-82 sigur** |
| 24. október deild Njarðvík (úti) | 87-94 tap |
| **31. október deild KR (heima)** | **106-87 sigur** |
| 4. nóvember deild Haukar (úti) | 81-88 tap |

**Samantekt: 8 leikir, 6 sigrar og 2 töp**

**FYRSTU 7 LEIKIRNIR MEÐ NJARÐVÍK**

| | |
|---|---|
| **15. október deild ÍR (úti)** | **88-70 sigur** |
| 18. okt. deild Tindastóll (h.) | 108-81 sigur |
| **23.október deild Grindavík (úti)** | **74-67 sigur** |
| 29. október deild Fjölnir (úti) | 73-64 sigur |
| **1. nóvember deild KR (heima)** | **76-68 sigur** |
| 6. nóvember bikar KR (heima) | 90-86 sigur |
| **12. nóv. deild Hamar (úti)** | **100-89 sigur** |

**Samantekt: 7 leikir, 7 sigrar og 0 töp**

Akureyri vann öruggan sigur á Fram í Safamýrinni í N1-deild karla í gær:

# Jónatan skaut Framara í kaf

**HANDBOLTI** Akureyri vann í gær sinn þriðja sigur í röð í N1-deild karla er liðið lagði Fram í Safamýrinni í gær, 27-18. Staðan í hálfleik var 12-10, norðanmönnum í vil.

Framarar byrjuðu reyndar mun betur. Þeir voru fastir fyrir í vörninni og leystu framliggjandi 3-2-1 vörn Akureyringa ágætlega. Þeir komust í 9-5 eftir rúmlega fjórtán mínútna leik en þá hrundi leikur liðsins algerlega.

Akureyri skoraði á næstu 30 mínútum leiksins fjórtán mörk gegn aðeins tveimur hjá Fram og sneri því leiknum algerlega sér í hag. Magnús Erlendsson var þrátt fyrir þetta að verja þokkalega í marki Framara en þó fjaraði undan honum eftir því sem á leið.

Jónatan Þór Magnússon fór á kostum í leiknum og skoraði alls þrettán mörk. „Við höfum verið að byrja frekar illa í okkar leikjum en þrátt fyrir að það hafi gerst í kvöld fannst mér alltaf ákveðinn neisti vera til staðar hjá okkur. Ég hafði því ekki áhyggjur,“ sagði Jónatan. „En varnarleikurinn var frábær hjá okkur. Það var nokkuð óvenjulegt að spila 3-2-1 vörn allan leikinn en Flóki varði vel í markinu og við keyrðum yfir þá með hraðaupphlaupsmörkum.“

Einar Jónsson, aðstoðarþjálfari Fram, sagði sóknarleik sinna manna hafa verið afar slakan.

„Þetta er sama vandamál og verið hefur í síðustu leikjum. Sóknarleikurinn virðist einfaldlega ekki vera til staðar. Við höfum byrjað vel og gerðum það aftur í kvöld en sem fyrr náðum við ekki að nýta okkur þann meðbyr. Á meðan svo er virðist lítið hægt að gera.“

Hann segir að það sé engin afsökun þó svo að Fram hafi misst marga leikmenn frá síðasta tímabili. „Við erum enn með marga góða leikmenn í okkar liði en okkur vantar enn að fá það sem við viljum úr okkar leikreyndustu mönnum.“ **- esá**



**TEKUR Á RÁS** Árni Þór Sigtryggsson í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


# GÓÐAR FRÉTTIR

## Nú er Fréttablaðið aðgengilegt hringinn í kringum landið.

Frídreifing verður áfram á höfuðborgarsvæðinu, suðvesturhorninu, Akranesi, Reykjanesi, Akureyri, í Borgarnesi og Árborg.

Nú verður Fréttablaðið líka aðgengilegt í öllum öðrum landshlutum og fæst í lausasölu á kostnaðarverði.

Þeir sem hafa áhuga á að fá blaðið til sölu á kostnaðarverði vinsamlegast hafi samband við Pósthúsið í síma 585 8300.




**Hér færðu Fréttablaðið á kostnaðarverði:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Ásbyrgi** | Verslunin Ásbyrgi | **Neskaupstaður** | Olís |
| **Bakkafjörður** | Mónakó | **Ólafsfjörður** | Olís |
| **Baula** | Verslun | **Ólafsvík** | N1 – Olís |
| **Blönduós** | N1 | **Patreksfjörður** | Grillskálinn Patreksfirði |
| | Potturinn og pannan | | N1 |
| **Dalvík** | N1 – Olís | **Raufarhöfn** | Verslunin Urð |
| **Egilsstaðir** | N1 | **Reyðarfjörður** | N1 – Olís – N1 |
| **Eskifjörður** | Shell skáli | **Rif** | Umboð Shell / Tandur |
| | Kría veitingastaður | **Sauðárkrókur** | N1 – Shell skáli |
| **Fellabær** | Olís | | Hlíðarkaup |
| **Hella** | Olís | **Siglufjörður** | Olís |
| **Hellissandur** | Hraðbúð N1 | **Skagaströnd** | Olís |
| | Shell | **Staðarskáli** | N1 |
| **Húsavík** | N1 – Olís – Shell skáli | **Stykkishólmur** | Bónus – Olís – Bakarí |
| **Hvolsvöllur** | N1 – Söluskálinn Björk | **Stöðvarfjörður** | Brekkan veitingastaður |
| **Höfn** | N1 – Olís | **Víðigerði** | Verslunin Víðigerði |
| **Ísafjörður** | N1 | **Vík** | N1 |
| **Kópasker** | Búðin Kópasker | **Vopnafjörður** | N1 |
| **Laugarvatn** | Tjaldmiðstöðin | **Þórshöfn** | N1 |

**Hægt er að fá Fréttablaðið sent frítt í tölvupósti á morgnana eða nálgast það á Visir.is.**




**Allt sem þú þarft...**



GRÍÐARLEGT ÚRVAL JAÐARTÆKJA OG AUKAHLUTA FYRIR FARTÖLVUR

# TOSHIBA

# FARTÖLVUTILBOÐ



## TOSHIBA FARTÖLVA

10"

**Toshiba NB200-10G**

1.6GHz Intel Atom N270 • 1GB minni • 160GB SATA • 10" TFT XGA • XP Home • Þyngd 1,18kg

**67.990**

FULLT VERÐ KR. 79.990



## TOSHIBA FARTÖLVA

15,4"

**Toshiba L300-25L**

2.2Ghz Intel Celeron M 900 • 1GB minni • 120GB SATA • DVD/CD-RW skrifari • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél • Vista Home Basic

**79.990**

FULLT VERÐ KR. 99.990



## TOSHIBA FARTÖLVA

15,4"

**Toshiba L300-28T**

2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 • 2GB minni • 160GB SATA • DVD/CD-RW skrifari • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél • Vista Business ásamt XP Pro

**99.990**

FULLT VERÐ KR. 119.990



## TOSHIBA FARTÖLVA

15,4"

**Toshiba Satellite PRO S300-118**

2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 • 2GB minni • 160GB SATA • DVD/CD-RW skrifari • 3G mótald • Vista Business ásamt XP Pro

**114.990**

FULLT VERÐ KR. 149.990



## TOSHIBA FARTÖLVA

17"

**Toshiba Satellite Pro P300-1EG**

2.0GHz Intel Core 2 Duo T5870 • 3GB minni • 160GB SATA • DVD/CD-RW skrifari • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél • Vista Business ásamt XP Pro

**139.990**

FULLT VERÐ KR. 169.990



## TOSHIBA FARTÖLVA

15,6"

**Toshiba Satellite L500-12K**

2.1GHz Intel Core 2 Duo T6500 • 3GB minni • 500GB SATA • High Def TruBrite skjár • 1GB Ati Radeon HD 4650 skjákort • Þráðlaust netkort • DVD/CD-RW skrifari • Vefmyndavél • Windows Vista Home Premium val um 32 og 64-BIT

**159.990**

FULLT VERÐ KR. 189.990



WINDOWS 7 UPPFÆRSLA MEÐ ÖLLUM TÖLVUM KR. 9.990

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

> **Antonio Banderas**

„Tíska fer í taugarnar á mér. Það sem er í tísku í dag er búið á morgun. Ég vil ekki taka þátt í því."

***Banderas fer með hlutverk í myndinni Spy Kids 3-D. Game Over sem Skjáreinn sýnir í kvöld kl. 20.30.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: SARA MCMAHON REYNIR AÐ FINNA SÉR UPPÁHALDS SJÓNVARPSÞÁTT

# *Lélegt minni minnkar sjónvarpsáhorf*

Undanfarið hef ég komist að því að ég er afar lélegur sjónvarpsáhorfandi. Sérstaklega þegar kemur að því að fylgjast með framhaldsþáttum í sjónvarpi. Minni mitt er einfaldlega farið að gefa sig og því get ég aldrei munað hvenær tilteknir þættir eru sýndir eða klukkan hvað. Stundum hefur það komið fyrir að ég hef einsett mér að horfa á einhvern ákveðinn þátt en vegna minnisleysis óvart farið út úr húsi á þeim tíma og ekki munað eftir áhorfinu fyrr en heim er komið og þátturinn búinn.

Ef til vill er þetta kostur en ekki löstur, því fyrir vikið eyði ég meiri tíma á meðal manna og minni tíma fyrir framan skjáinn. En svo eru það auðvitað kvikmyndirnar. Þær get ég vel horft á þar sem ég þarf ekki að muna sérstaklega eftir þeim í viku hverri.

Þetta vandamál er þó til þess að ég get á engan hátt tekið þátt í öllum þeim umræðum sem skapast í kringum ýmsa vinsæla sjónvarpsþætti. Ég þekki hvorki nöfn persónanna né söguþráð þáttanna og því er innlegg mitt í slíkum samræðum lítið og samanstendur aðallega af spurningum á borð við hver og hvað svo.



Þetta þýðir þó ekki að ég reyni ekki, ég hef ekki gefist upp og reyni reglulega að minna sjálfa mig á að kíkja í fréttablöðin á sjónvarpsdagskrána svo ég sjái svart á hvítu hvort ég geti farið út úr húsi það kvöldið eður ei. En auðvitað gleymi ég því líka og fletti þess í stað pent í gegnum blöðin án þess að stoppa og lesa dagskrána. Ég er þó sannfærð um að einhvern daginn nái ég að koma þessu í vana og í kjölfarið geti ég átt mér einhvern „uppáhalds" þátt í sjónvarpinu.

## FÖSTUDAGUR



▶ **17.30 Supernanny** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00 Fyndnar fjölskyldumyndir** SKJÁREINN



▶ **20.00 Eragon** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05 Logi í beinni** STÖÐ 2



▶ **20.15 Marteinn** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Leiðarljós** (e)
**17.00 Táknmálsfréttir**
**17.10 Bjargvætturinn** (16:26)
**17.35 Tóta trúður** (3:26)
**18.00 Hanna Montana** (56:56)
**18.25 Nýsköpun - íslensk vísindi** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Marteinn** (3:8) Íslensk gamanþáttaröð. Aðalhlutverk: Jóhannes Haukur Jóhannesson, Kjartan Guðjónsson og Edda Björg Eyjólfsdóttir.
**20.50 Feðginin** (I'll Be There) Bresk gamanmynd frá 2003 um fyrrverandi poppara sem kemst að því að hann á dóttur á unglingsaldri. Aðalhlutverk: Craig Ferguson, Charlotte Church, Ian McNeice, Imelda Staunton og Joss Ackland.
**22.40 Varg Veum - Beisk blóm** (Varg Veum – Bitre blomster) Norsk spennumynd frá 2007 um Varg Veum einkaspæjara í Björgvin og ævintýri hans. Aðalhlutverk: Trond Espen Seim, Bjørn Floberg, Kathrine Fagerland og Endre Hellestveit.
**00.15 Smáborg** (Little City) Bandarísk bíómynd frá 1997. Málarinn Adam sem vinnur við leigubílaakstur kennir fyrrverandi kærustu sinni um kvennavandræði sín. Aðalhlutverk: Jon Bon Jovi, Penelope Ann Miller, Josh Charles og Annabella Sciorra. (e)
**01.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Yours, Mine and Ours**
**10.00 French Kiss**
**12.00 Waitress**
**14.00 Yours, Mine and Ours**
**16.00 French Kiss**
**18.00 Waitress**
▶**20.00 Eragon** Bráðfjörug ævintýramynd um ungan bóndason sem skyndilega stendur frammi fyrir því að vera sá útvaldi og sá eini sem bjargað getur þjóð sinni undan illum drekakonungi.
**22.00 Showtime**
**00.00 Smokin' Aces**
**02.00 16 Blocks**
**04.00 Showtime**
**06.00 Dreamgirls**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Litla risaeðlan, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli litli Kanína og vinir.
**08.15 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 The Apprentice** (3:14)
**11.10 America's Got Talent** (8:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 La Fea Más Bella** (73:300)
**13.45 La Fea Más Bella** (74:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (75:300)
**15.15 Identity** (3:12)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir og Stuðboltastelpurnar.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
▶**20.05 Logi í beinni** Laufléttur skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmann. Hann fær landsþekkta viðmælendur í heimsókn og býður upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.
**20.55 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.
**21.25 Mystery Men** Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna.
**23.25 The Half Life of Timofey Berezin** Sannsöguleg bíómynd frá HBO um starfsmann í rússnesku kjarnorkuveri sem lendir í vinnuslysi, verður fyrir geislavirkni og neyðist til að hætta störfum. Til þess að sjá fyrir fjölskyldunni ákveður hann að stela plútóníum með það fyrir augum að koma því í verð á svartamarkaði Moskvuborgar.
**01.05 Underfunded**
**02.25 Something New**
**04.00 Accepted**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**18.10 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur.
**18.40 Childrens Miracle Network Classic** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**19.35 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**20.00 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
**20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**21.00 UFC Unleashed** Sýnt frá Ultimate Fighter - Season 1 en þangað voru mættir margir af bestu bardagamönnum heims.
**21.45 UFC 106 Countdown** Hitað upp fyrir UFC 106 sem fram fer í Las Vegas 28. nóvember næstkomandi.
**22.20 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.15 NBA - Bestu leikirnir** LA Lakers - Boston Celtics, 1987.
**01.00 Orlando - Boston** Bein útsending frá leik í NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Everton - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Wigan - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.20 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**20.50 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**21.50 PL Classic Matches** Arsenal - Liverpool, 2003.
**22.20 PL Classic Matches** Man City - Man United, 2003.
**22.50 Premier League Preview**
**23.20 West Ham - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (10:14) (e)
**08.00 Dynasty** (10:29) (e)
**12.00 Game Tíví** (10:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 America's Next Top Model** (e)
**17.30 Dynasty** (11:29)
**18.20 Innlit/ Útlit** (4:10) (e)
**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins. Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.
**19.00 King of Queens** (2:25) (e)
**19.25 Rules of Engagement** (10:15) (e)
**19.50 Fréttir** (e)
▶**20.00 Fyndnar fjölskyldumyndir** (10:12)
**20.30 Spy Kids 3-D: Game Over** Fjölskyldu- og ævintýramynd frá árinu 2003. Þetta er þriðja og síðasta myndin um njósnakrakkana Cameron og Juni Cortez sem nú halda inn í þrívíddarveröld tölvuleikja til að berjast við hinn stórhættulega Toymaker. .
**22.00 30 Rock** (7:22) (e)
**22.25 Lipstick Jungle** (5:13) (e)
**23.15 Law & Order: Special Victims Unit** (10:19) (e)
**00.05 The Contender Muay Thai** (14:15)
**00.55 King of Queens** (1:25) (e)
**01.20 World Cup of Pool 2008** (25:31) Bestu pool-spilarar heims sýna snilldartaka í heimsbikarkeppninni í pool.
**02.10 The Jay Leno Show** (e)
**03.00 The Jay Leno Show** (e)
**03.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
**21.00 Segðu mér frá bókinni** Fjórir höfundar kynna nýútgefnar bækur sínar og segja frá þeim, tilurð þeirra auk þess sem þeir lesa upp úr þeim fyrir áhorfendur.
**21.30 Í nærveru sálar** Kolbrún Baldursdóttir ræðir við Valgerði Auðunsdóttur um Psoriasis. (e)
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


MIKIÐ ÚRVAL AF RAFSTILLANLEGUM ÞÝSKUM HEILSURÚMUM Á GAMLA VERÐINU

RAFSTILLANLEG EINSTAKLINGSRÚM
VERÐ FRÁ: 164.214



RAFSTILLANLEG HJÓNARÚM
VERÐ FRÁ: 299.900





HEILSUKODDAR FYLGJA ÖLLUM RÚMUM

50%-90% AFSLÁTTUR AF SÆNGURFÖTUM, HEILSUKODDUM OG HEILSUPÚÐUM, MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

RúmGott

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121 · Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.25

### Mystery Men



Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna sem fjallar um hóp lánlítilla ofurhetja. Hinn illi Casanova Frankenstein hefur Captain Amazing í haldi og nú verða aðrar ofurhetjur að láta til sín taka og bjarga deginum. Í samanburði við Captain Amazing hafa þær þótt lítilfjörlegar en það mun koma í ljós að kraftar þeirra hafa verið stórlega vanmetnir. Með aðalhlutverk fara Ben Stiller, William H. Macy, Janeane Garofalo og Hank Azaria.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Auddi og Sveppi
**Stöð 2 kl. 19.25**

Í kvöld verður sýndur fyrri hlutinn í tvílógíu þar sem strákarnir keppa um hvor sé fljótari að keyra hringinn í kringum landið og leysa ýmsar þrautir á leiðinni. Þeir leggja samstundis af stað hvor á sínum bílnum og mun annar halda til vesturs en hinn til austurs. Sveppi hefur valið Villa Naglbít sem ferðafélaga á meðan Auddi stólar á að Egill „Þykki" Gillzenegger komi honum klakklaust alla leið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Straumar
**15.03** Útvarpssagan: Kyrr kjör
**15.25** Boðorðin 10
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngvarar blárrar sveiflu
**21.10** Hringsól
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## EXTRA

**16.30 Doctors** (1:25) ) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (2:25)
▶ **17.30 Supernanny** (7:20) Ofurfóstran Jo Frost kennir ungu og ráðþrota fólki að ala upp litla ólátabelgi og gefur gagnleg uppeldisráð.
**18.45 Doctors** (1:25)
**19.15 Doctors** (2:25)
**19.45 Supernanny** (7:20)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Entourage** (11:12) Fjórða sería þáttaraðar um Vincent og félaga og baráttu þeirra í kvikmyndaborginni. Þrátt fyrir að hafa orðið býsna ágengt neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu.
**22.15 NCIS** (15:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari fimmtu seríu.
**23.00 Eleventh Hour** (18:18) Eðlisfræðingurinn Jacob Hood aðstoðar FBI við rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða eru jafnvel talið af yfirnáttúrulegum toga.
**23.45 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**00.20 Logi í beinni**
**01.05 Identity** (7:12)
**01.50 Blade** (7:13)
**02.35 Fréttir Stöðvar 2**
**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Absolutely Fabulous **13.10** After You've Gone **13.40** Monarch of the Glen **14.35** Strictly Come Dancing **16.15** How Do You Solve A Problem Like Maria? **17.45** My Family **18.15** Robin Hood **19.00** After You've Gone **19.30** Marc Wootton Exposed **20.00** This Is Dom Joly **20.30** The Mighty Boosh **21.00** The Jonathan Ross Show **21.50** After You've Gone **22.20** Marc Wootton Exposed **22.50** This Is Dom Joly **23.20** The Mighty Boosh **23.50** How Do You Solve A Problem Like Maria?

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Blomsterkvartet **12.45** 6200 Aabenraa **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Thea og Leoparden **16.30** Det kongelige spektakel **16.40** Timmy-tid **16.50** Mira og Marie **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Cirkusrevyen 2008 **20.00** TV Avisen **20.30** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **21.10** Just Like Heaven **22.40** Blacklistet

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Viten om **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Mamma Mo og Kråka **17.10** Fjellgården i Trollheimen **17.20** Pling Plong **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Detektimen. Sporløst forsvunnet **22.05** Kveldsnytt **22.20** Life on Mars **23.15** Da soulen kom til Oslo

## SVT 1

**12.20** Playa del Sol **13.15** Dansbandskampen **14.45** Hemliga svenska rum **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Plus **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Doobidoo **20.00** Skavlan **21.00** En man kommer hem **22.40** Kulturnyheterna **22.55** Playa del Sol **23.25** Prag


Alltaf ferskt

Kjöt & fisktorgið

í Kringlunni & Garðabæ



GRÍSALÆRI
1 stk. grísalæri
gróft sjávarsalt
3 stk. lárviðarlauf

Snyrtið grísalærið og setjið í pott. Fyllið pottinn af köldu vatni og saltið hæfilega. Látið suðuna koma upp og sjóðið í 15-20 mín. Slökkvið á hitanum og látið lærið standa í soðinu í 5 klst. Takið frá 6 dl af soði til að nota í sósu. Setjið lærið í ofnskúffu, ristið rákir í fitulagið og stráið grófu sjávarsalti yfir. Stingið lárviðarlaufum í pöruna og eldið við 160°C í 45 mín. Gott er að stilla ofninn á grill síðustu 5-10 mín.

Grísalæri
ca. 10 kg stk.
Matur fyrir ca. 30 manns
135 kr. pr. mann

398 kr/kg

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég er með iPod í eyrunum á „shuffle“. Lögin detta inn eitt af öðru, Jungle Drum með Emilíönu, Everyday Al með Naughty By Nature, Dumb með Nirvana. Svo hlusta ég syndsamlega mikið á Black Eyed Peas þó það sé víst bara kúl að fíla fyrstu plöturnar þeirra.“*

Andrés Jónsson almannatengill.

# Íslenskar múffur á markaðinn

Í kreppunni breytist margt. Fólk tekur sér nýja hluti fyrir hendur, kýlir jafnvel á að láta gamla drauma rætast. Eins og til dæmis Steinar Júlíusson. „Ég er menntaður grafískur hönnuður og var að vinna á auglýsingastofu,“ segir hann. „Mér og öðrum var sagt upp á stofunni, svo ég byrjaði að vinna „fríláns“ og er reyndar enn. Ég hef alltaf haft gaman af að baka, sérstaklega eftirrétti og sætabrauð. Því datt mér í hug að byrja að baka múffur og sjá til hvert það myndi leiða. Ég sé ekkert eftir því.“

Steinar segir möguleika múffunnar vannýtta á Íslandi. „Þetta er óplægður akur. Það eru meiri möguleikar í þessu en bara að baka súkkulaði- og karamellumúffur.“

Steinar bakar undir nafninu Meistaramúffur og selur enn sem komið er múffurnar sínar eingöngu á veitingahúsinu Karamba á Laugavegi 22.

„Þetta hefur gengið mjög vel. Það er góður fílingur fyrir þessu og fólk er að lýsa ánægju sinni með múffurnar á Facebook-síðunni. Ég byrjaði með bananamúffu með hnetu- og sykurtoppi en bláberjamúffan fylgdi á eftir. Það er „vegan“-múffa, bökuð úr spelthveiti og það eru engar dýraafurðir í henni. Væn og græn, sem sé. Stefnan er svo auðvitað að koma múffunum víðar, svo fleiri fái að njóta, en halda samt ákveðnum standard. Það er mest að múffunnar sé neytt með góðu kaffi.“ - drg



**ÓPLÆGÐUR AKUR** Steinar Júlíusson bakar Meistaramúffur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT**
**2.** egna, **6.** 999, **8.** vandlega, **9.** fugl, **11.** guð, **12.** miklu, **14.** þrætur, **16.** tímabil, **17.** af, **18.** röð, **20.** persónufornafn, **21.** etja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kvenflík, **3.** átt, **4.** ávaxtaré, **5.** fóstra, **7.** andstaða, **10.** svörður, **13.** rangl, **15.** rótartauga, **16.** tímabils, **19.** skóli.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** espa, **6.** ím, **8.** vel, **9.** lóm, **11.** ra, **12.** stóru, **14.** þrátt, **16.** ár, **17.** frá, **18.** röf, **20.** ég, **21.** siga.
**LÓÐRÉTT: 1.** pils, **3.** sv, **4.** perutré, **5.** ala, **7.** mótþrói, **10.** mór, **13.** ráf, **15.** tága, **16.** árs, **19.** fg.






FRIÐRIK WEISSHAPPEL: SPENNANDI TÍMAR FRAM UNDAN

# Friðrik með tvö ný kaffihús á teikniborðinu

„Ég byrjaði að undirbúa þetta fyrir hálfu ári og í byrjun þessa mánaðar komst skriður á málið fyrir alvöru. Ég er samt með báða fætur á jörðinni og ætla ekki að fara fram úr sjálfum mér,“ segir athafnamaðurinn Friðrik Weisshappel.

Friðrik er með tvo nýja Laundromat-staði í bígerð til viðbótar við þá tvo sem hann rekur í dönsku höfuðborginni. Hann er bjartsýnn á að allavega annar staðurinn, ef ekki báðir, geti orðið að veruleika en til þess þurfi ýmislegt að falla með honum. Hann segir raunsætt að Laundromat þrjú verði að veruleika, númer fjögur yrði algjör bónus.

Staðsetningarnar sem Friðrik hefur í huga eru annars vegar á Vesterbro og hins vegar við Islandsbrygge í miðborg Kaupmannahafnar. „Ef þetta fellur rétt gætu staðir númer þrjú og fjögur opnað á næstunni. Hins vegar getur alltaf eitthvað komið upp á og það er ekkert fast í hendi. Annar staðurinn eða báðir gætu farið út um þúfur þannig að maður verður að vera raunsær.“

Friðrik trúir því að góðir hlutir gerist hægt. „Ég er ekkert að fara að skuldsetja mig upp í rjáfur og hlaupa til með einhverjum æðibunugangi. Gamall maður sagði einu sinni við mig að maður ætti að eiga fyrir hlutunum sem maður vildi kaupa og ég er svona að reyna að laga mig að þeirri speki.“ Friðrik viðurkennir að hann sé bjartsýnn á að allavega annar staðurinn verði að veruleika. Hann er búinn að smíða 24 borð, mála slatta af stólum og á heilt bretti af vörum. Þá hefur hann keypt slatta af eldhúsáhöldum smátt og smátt. „Fólk þekkir það af eigin raun hvað það kostar mikin pening að fjárfesta í eldhúsáhöldum fyrir heimilið þannig að



**Á FULLUM KRAFTI** Friðrik Weisshappel segir það alltaf hafa verið planið að opna fleiri Laundromat-staði í Kaupmannahöfn. Hann hefur augastað á tveimur staðsetningum í miðborg Kaupmannahafnar og er þegar búinn að smíða borð, mála stóla og kaupa eldhúsáhöld.

það getur rétt ímyndað sér kostnaðinn við að kaupa slíka hluti fyrir veitingastað.“

Friðrik upplýsir að það hafi alltaf verið planið að opna fleiri Laundromat-kaffihús. Og ef þessar tvær staðsetningar ganga ekki upp verði hann með augun opin fyrir einhverjum öðrum. „Ég get ekki hætt núna, salan á stöðunum hefur aukist um rúm ellefu prósent á milli ára og á meðan maður hefur gott fólk með sér og finnst þetta skemmtilegt þá er engin ástæða til að liggja í sófanum með tærnar upp í loft,“ segir Friðrik og bætir því við að hann hafi búið sér til ágætis kokkteil úr skandinavískri skynsemi og íslenskum eldmóð. „Ég hef alltaf verið hrifinn af íslenska eldmóðinum en hann verður að vera virkjaður á réttum tíma. Ég gat líka orðið alveg brjálaður yfir þessari samskandinavísku skynsemi en saman er þetta alveg dýnamísk blanda.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Strákarnir Sveppi og Auddi voru töluvert gagnrýndir fyrir framferði sitt í sveitaferð sinni þegar þeir heimsóttu Tannstaðabakka í Hrútafirði. Þeir ætla að heimsækja sveitina á nýjan leik en ætla nú að keyra í gegnum hana. Þeir fengu **Vilhelm Anton Jónsson** og Egil „Þykka“ Einarsson með sér í lið og efndu til keppni um hvor væri fljótari hringinn í kringum landið. Alls kyns reglur eru bundnar við þennan nýstárlega kappakstur sem sýndur verður í tveimur þáttum næstu föstudaga.



Annars eru stærri og merkilegri tíðindi í vændum af þeim félögum, því það hefur kvisast út að vinirnir munu hugsanlega stjórna fréttaannál Stöðvar 2 og fá til liðs við sig nýjustu stjörnu Stöðvar 2, **Steinda Jr.** Ekki er vitað hvernig þetta leggst í fréttadeildina en annálarnir eru yfirleitt eina tækifæri hennar til að spreyta sig á gamansömum nótum.



Heimasíða Besta flokksins, stjórnmálaafls Jóns Gnarr, er komin í loftið á slóðinni bestiflokkurinn.mobil. Þar geta forvitnir fræðst aðeins meira um stefnumál Jóns og nánasta samstarfsmann hans, Dags Kára G. Jónssonar sem er titlaður framkvæmdastjóri og lögfræðingur. Kannski er það kaldhæðnislegt en undir síðunni hljómar slagari **Tinu Turner**, Simply the Best, sama lag og hljómaði í Baugsmyndbandinu frá Mónakó sem vakið hefur athygli. - fgg



## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. 5.000.
2. Thierry Henry.
3. Guðmundur Guðmundsson.






# Ingó Veðurguð og Jón Gnarr í Rétti 2

Ingólfur Þórarinsson, betur þekktur sem Ingó Veðurguð, mun leika dramatískt hlutverk í annarri þáttaröðinni af Rétti. Þetta staðfestir Sigurjón Kjartansson, annar af handritshöfundum þáttanna í samtali við Fréttablaðið. „Ingó mun leika poppstjörnu sem kemst í kast við lögin.“ Sigurjón upplýsir jafnframt að Tvíhöfða-félagi sinn, Jón Gnarr, leiki einnig í þáttunum en vildi ómögulega gefa upp í hvaða karakter hann myndi bregða sér. „Það á eftir að koma fólki á óvart,“ segir Sigurjón.

Tökur á Rétti hefjast á miðvikudaginn í næstu viku og Sigurjón neyðist til að láta uppi hálfgert hernaðarleyndarmál; að Magnús Jónsson snúi aftur í hlutverki sínu sem hinn hrokafulli en afbragðsgóði lögfræðingur, Logi Traustason. Aðdáendur fyrri seríunnar eru eflaust forvitnir að vita hver örlög hans urðu eftir ótrúlegan lokaþátt. Þá mun Jóhanna Vigdís Arnardóttir einnig endurtaka hlutverk sitt sem og Víkingur Kristjánsson og Jóhannes Haukur Jóhannesson. „Ég get lofað mikilli dramatík,“ segir Sigurjón en leikstjóri þáttanna er Sævar Guðmundsson.

Fjöldi annarra þjóðþekktra leikara kemur einnig við sögu í þessu lögfræðidrama. Hinir þaulreyndu Sigurður Skúlason og Erlingur Gíslason verða áberandi sem og Sara Dögg Ásgeirsdóttir en hún lék einmitt aðalhlutverkið í Pressu um árið. Sigurjón upplýsir að hún verði í stóru hlutverki og bætir við að þeir Davíð Guðbrandsson og Stefán Hallur Stefánsson komi einnig töluvert við sögu í þáttunum. Þættirnir verða á dagskrá Stöðvar 2 fljótlega upp úr áramótum. - fgg



**SAMAN Í RÉTTI** Þeir Jón Gnarr og Ingó Veðurguð leika í framhaldsþáttaröðinni af Rétti. Ingó leikur poppstjörnu sem kemst í kast við lögin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Nýkomin sending af sófum, stökum stólum og gjafavöru

## Bjóðum 30% afslátt af öllum vörum til jóla




**Opið virka daga 10-18,**
**laugardag 11-16,**
**sunnudag 13-16.**

HEIMA HÚSIÐ

heima mood lifum

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Svansmerkt prentverk
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Endasprettur Skaupsins



Tökur á Skaupinu ganga vel og fyrstu umferðinni ætti að vera lokið í lok þessa mánaðar. Þá fer Skaupið í klippingu en svo bíða menn bara spenntir eftir því hvort ekki dragi til tíðinda í desember. Gunnar Björn Guðmundsson og félagar hafa haldið mikilli leynd yfir efni og innihaldi og hefur gengið treglega að fá einhverjar upplýsingar um tökustaði og leikara. Þó er vitað að Laddi leikur í Skaupinu, sem og **Víkingur Kristjánsson**.

### Titringur á æðstu stöðum



Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að töluverðs titrings gæti meðal áhrifamanna í þjóðfélaginu vegna Skaupsins, enda hafa mörg viðkvæm mál litið dagsins ljós það sem af er ári og enn sér ekki fyrir endann á því. Tökuliðið hefur þannig upplifað að töluvert hefur verið fylgst með gangi mála þegar tökur hafa átt sér stað fyrir utan staði á borð við Alþingishúsið og Seðlabankann. Menn hafa jafnvel gefið sig á tal við leikstjórann **Gunnar Björn** og komið þeirri skoðun sinni á framfæri að viss atriði væru ekki fyndin.

### Til Kanaríeyja

Það fór varla framhjá neinum þegar hópur fólks frá Kanaríeyjum kom hingað til Íslands og vildi kynna eyjarnar fyrir ungu fólki. Hundrað manns gátu dottið í lukkupottinn og fengið fría ferð til sólarparadísarinnar og ef marka má heimasíðu verkefnisins höfðu nokkur þjóðþekkt ungmenni heppnina með sér. Í þeim hópi eru meðal annars **Ari Eldjárn**, einn af höfundum Skaupsins, og kærasta hans, Linda Guðrún. Þá komst stjarnan úr Eurovision-myndbandi Eurobandsins, Draupnir Rúnar Draupnisson, einnig til Kanarí, sem og fyrirsætan Anna Rakel Róbertsdóttir. **- fgg**



## Mest lesið VISIR.IS

1. Grýtt í hel fyrir framhjáhald
2. Nágranninn mætti með haglabyssu
3. Tekjuskattur á millitekjufólk hækkar
4. Eldsúr sælgætisvökvi skaðaði fimm ára stúlku
5. Úraþjófur sparkaði í kvið ófrískrar konu


Heimilis- og gjafavörur
VILLAGE



www.village.se
ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI 530 2915



you can Canon

EOS



# Fangaðu heiminn með Canon EOS

**Myndavélar sem uppfylla þarfir ljósmyndara**

Farðu lengra með Canon EOS – yfirgripsmesta stafræna SLR kerfinu í heiminum; útskiptanlegar linsur og aukahlutir sem tryggja sveigjanleika. Þrautreynt af atvinnu- og áhugaljósmyndurum. Uppáhald ljósmyndara um allan heim. Traustur íslenskur dreifingaraðili - Sense ehf, dótturfélag Nýherja, umboðsaðili Canon á Íslandi.

## EOS myndavélar fyrir byrjendur og áhugaljósmyndara



**Canon EOS 1000D**
Leiðin að þinni sköpun

- 10.1 megapixla CMOS sensor
- Tekur 3 ramma á sek.
- 7 punkta fókuskerfi
- 2.5" skjár m/ Live View
- DIGIC III örgjörvi
- Innbyggt rykhreinsikerfi

*EISA Award: „Best Consumer Camera 2008-2009"*



**Canon EOS 450D**
Leiktu þér

- 12.2 megapixla CMOS sensor
- Tekur 3.5 ramma á sek.
- 9 punkta fókuskerfi
- 3.0" skjár m/ Live View
- DIGIC III örgjörvi
- Innbyggt rykhreinsikerfi

*TIPA Award: „Best D-SLR Advanced 2008"*



**Canon EOS 500D**
Segðu alla söguna með Full HD vídeó

- 15.1 megapixla CMOS sensor
- Full HD vídeó (1080p)
- High ISO allt að 12800 fyrir léleg birtuskilyrði
- Tekur 3.4 ramma á sek.
- 9 punkta fókuskerfi
- 3.0" há-upplausna skjár m/ Live View
- DIGIC 4 örgjörvi
- Innbyggt rykhreinsikerfi

*EISA Award: „Best SLR Camera 2009-2010"*

## EOS myndavélar fyrir áhuga- og atvinnuljósmyndara



**Canon EOS 50D**
Gefðu ljósmyndaranum í þér lausan tauminn

- 15.1 megapixla APS-C CMOS sensor
- Tekur 6.3 ramma á sek.
- DIGIC 4 örgjörvi
- ISO allt að 12800 fyrir léleg birtuskilyrði
- 3.0" há-upplausna skjár m/ Live View
- Hár-nákvæmt „wide-area" AF kerfi
- Magnesíum hús með vörn gegn veðri
- EOS innbyggt rykhreinsikerfi

*www.depreview: „Highly recommended"*



**Canon EOS 7D**
Hönnuð af þér, smíðuð af Canon

- 18 megapixla APS-C CMOS sensor
- Tekur 8 ramma á sek.
- ISO allt að 12800 fyrir léleg birtuskilyrði
- 100% sjóngluggi (viewfinder)
- 19 cross-type AF punktar
- iFCL mælingakerfi
- Dual „DIGIC 4" örgjörvar
- Full HD vídeó (1080)
- Innbyggður Speedlite Transmitter
- 3" Clear View II LCD skjár
- Magnesíum hús með vörn gegn veðri

*dpreview.com: „Highly Recommended"*
*dpreview.com: „Make no mistake, Canon wants to be the default choice again..."*



**Canon EOS 5D Mark II**
Farðu enn lengra í þinni ljósmyndun

- 21.1 megapixla full frame CMOS sensor
- DIGIC 4 örgjörvinn skilar framúrskarandi litum & blæbrigðum
- ISO allt að 25600
- Full HD (1080) vídeó
- 3.0" há-upplausna LCD skjár m/ Live View
- Tekur 3.9 ramma á sek.
- 9 punkta AF kerfi + 6 auka AF punktar
- EOS innbyggt rykhreinsikerfi
- Magnesíum hús – Byggð fyrir kröfuharða notendur
- Víðtækt úrval af linsum og aukahlutum

*dpreview.com: „Highly Recommended"*
*dpreview.com: „We have always placed a heavy emphasis on image quality, and all other things aside this means the 5D Mark II has to receive our highest rating."*
*TIPA Award: „Best D-SLR Expert 2008"*
*EISA Award: „Best Advanced Camera 2009-2010"*

Hafðu samband við eða kíktu í heimsókn til viðurkennds Canon söluaðila og prófaðu EOS.
Einnig nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is

sense
Dreifingaraðili Canon neytendavara